HRAFNHILDUR ÁRNADÓTTIR
*Finnst pakkarnir langbestir*
Jólin koma Atvinna
allt Í MIÐJU BLAÐSINS




ALEXANDER ÞORSTEINSSON
*Syngur eingöngu á ítölsku*
Þrettán ára gamall náttúrutenór
FÓLK 50

ALLA SUNNUDAGA
www.remax.is
RE/MAX
Fasteignablað



FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
24. desember 2006 — 345. tölublað — 6. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 550 5000

## SUNNUDAGUR



### Jóladúllan Diddú

Diddú vill hafa jólin hvít en kemst í jólaskap í gegnum sönginn.

VIÐTAL 18

### Þetta er verk um lífið sjálft

Grísku leikhúsmennirnir Giorgos Zamboulakis leikstjóri og Thanos Vovolis, leikmynda- og búningahönnuður frá Grikklandi, eru listrænir stjórnendur jólasýningar Þjóðleikhússins, Bakkynja eftir Evripídes.



MENNING 34

### Jól í stormi

Herra Karl Sigurbjörnsson biskup skrifar um frið og gleði jólahátíðarinnar.

Í DAG 10



### Viggó kvaddi með tapi

Flensburg tapaði sínum síðasta leik undir stjórn Viggós Sigurðssonar gegn Kiel í þýsku úrvalsdeildinni í gær.

ÍÞRÓTTIR 42

## VEÐRIÐ Í DAG




**AÐFANGADAGSVEÐRIÐ** - Allhvöss sunnan átt í fyrstu. Lægir þegar hátíð gengur í garð, síst þó allra austast. Víða rigning nú með morgninum en síðan smáskúrir en þó lengst af rigning sunnan Vatnajökuls. Hiti 3-10 stig í dag, svalast í kvöld.

VEÐUR 4




Vaknaði við reykskynjarann:

## Móðir og þrjú börn björguðust úr eldsvoða

**HVOLSVÖLLUR** Einstæð móðir og þrjú börn hennar komust heil á húfi út úr brennandi húsi á Hvolsvelli aðfaranótt Þorláksmessu. Móðirin vaknaði við reykskynjara og reyndi í fyrstu að slökkva eldinn sjálf. Lögregla kom á vettvang fimm mínútum eftir að tilkynning barst og Brunavarnir Rangárþings skömmu síðar. Eldurinn var í svefnherbergi hússins og gekk vel að ráða niðurlögum að sögn lögreglu. Upptök eldsins eru ókunn.

Þykkur svartur reykur myndaðist við brunann og talsvert tjón varð á innanstokksmunum vegna reyks, sóts og vatns. Húsið er óíbúðarhæft og dvelja móðirin og börnin núna hjá vinafólki þar sem þau munu halda upp á jólin. - sdg

Finnski jólasveinninn vinsæll:

## Fær 700 þúsund bréf í ár

**HELSINKI, AP** Jólasveininum í Finnlandi berast jafnan býsnin öll af bréfum en sjaldan hafa bréfin verið fleiri en í ár. Nú þegar eru bréfin orðin 600 þúsund, og venjan er sú að ekki færri en hundrað þúsund bætist við eftir jólin.

Þetta segir Riitta Mattila, yfirpóstálfur á Pósthúsi jólasveinsins í norðanverðu Finnlandi, þangað sem allur póstur sem skrifaður er til jólasveinsins berst. „Sífellt fleiri eru að skrifa og við gætum náð nýju meti,“ bætti Riitta við.

Bretar eru manna duglegastir við skrifin, en um það bil helmingur bréfanna kemur frá Bretlandseyjum. Ítalir og Pólverjar láta ekki heldur sitt eftir liggja og senda jafnan fjölmargar línur til sveinka í Finnlandi. - gb

Samgönguráðherra telur að réttilega hafi verið staðið að hlutafélagavæðingu:

# Flugmálin í eðlilegum farvegi

**SAMGÖNGUR** Viðbragðsáætlun Flugmálastjórnar hefur verið samþykkt af Alþjóðaflugmálastofnuninni. Áætlunin fjallar um hvernig flugumferð verði stýrt í kringum Ísland og á Norður-Atlantshafssvæðinu, með einungis 26 flugumferðarstjóra, en um sextíu flugumferðarstjórar hafa ekki viljað ganga til liðs við nýtt hlutafélag, Flugstoðir ohf., sem tekur við rekstrarhluta Flugmálastjórnar eftir áramót.

Engar viðræður eru í gangi milli Flugstoða og flugumferðarstjóranna, þrátt fyrir fyrirséðar tafir á flugi og ýmislegt óhagræði fyrir flugfélögin, en forsvarsmenn þeirra hafa lýst miklum áhyggjum af gangi mála.

Loftur Jóhannsson, formaður flugumferðarstjóra, hefur sent fjölmiðlum tölvupóst frá Ólafi Sveinssyni, stjórnarformanni Flugstoða. Samkvæmt póstinum virðist sem taka hafi átt kjaramál til umræðu milli Flugstoða og flugumferðarstjóra í september, en það hefur verið bitbein deiluaðila hvort kaup og kjör skuli ræða. Ólafur segir Loft hafa slitið orð sín úr tölvupóstinum úr samhengi. Í honum hafi einungis verið vísað til skoðunar á kjarasamningsaðild en ekki á kjarasamningnum sjálfum. „Það var skýrt tekið fram frá fyrsta degi að við myndum ekki opna launaliðinn,“ segir Ólafur.

Sturla Böðvarsson samgönguráðherra neitar ekki að hann hafi vissar áhyggjur af deilunum, en telur málið þó í eðlilegum farvegi: „Það er búið að gera allt sem hægt er til að þetta geti orðið áfallalaust.“ Bíða verði og sjá hversu margir flugumferðarstjórar fáist til starfa, segir Sturla: „Ég á þá ósk heitasta að þetta ágæta fólk komi til starfa.“ Samgönguráðherra er ekki í vafa um að rétt hafi verið að málum staðið þegar farið var út í að breyta rekstri Flugmálastjórnar. Samningaviðræðurnar hafi í raun gengið ótrúlega vel þar til flugumferðarstjórar kynntu nýjar launakröfur. „En við verðum að vona að þetta leysist. Eins og staðan er núna er þetta allt í eðlilegum farvegi. Svo stígum við næstu skref.“ - kóþ









## SPURNING DAGSINS



*Loftur, er allt loft úr viðræðum eða munuð þið ná lendingu fyrir áramót?*

Það hefur því miður aldrei verið neitt loft í þessum viðræðum en ég vona að það verði hægt að blása lofti í þær eftir jól.

Loftur Jóhannsson er formaður Félags íslenskra flugumferðarstjóra, sem deilir nú við samgönguyfirvöld vegna hlutafélagsvæðingar Flugmálastjórnar.

Stærsta hljómplötufyrirtæki í heimi lýsir yfir áhuga á að semja við Garðar Thór Cortes óperusöngvara:

# Garðar Thór eftirsóttur af hljómplöturisa

**MENNING** Stærsta hljómplötufyrirtæki í heimi, Universal, hefur lýst yfir áhuga á að semja við Garðar Thór Cortes óperusöngvara um útgáfu í Bretlandi og um allan heim.

Forstjóri Universal Classic & jazz í Bretlandi hefur fylgst náið með Garðari síðustu tvo mánuði og í síðustu viku voru Garðar og Einar Bárðarson boðaðir á fund í höfuðstöðvar fyrirtækisins.

„Universal mun kynna tilboð sitt fyrir okkur í byrjun janúar. Auðvitað er það spennandi. Þetta verður þó bara allt að koma í ljós. En það er gaman að þeir skuli taka eftir því sem við erum að gera,“ sagði Garðar sem kom heim frá Bretlandi seint á föstudagskvöldið.

Hljómplötufyrirtækið Believer Music í Bretlandi, sem er í mestum hluta í eigu Einars Bárðarsonar og fjárfestingasjóðsins Tónvís, gerði í haust framleiðslu og útgáfusamning við Garðar. Í kjölfarið hélt Garðar í mikla tónleikaferð með Katherine Jenkins en með henni kom Garðar fram á 27 tónleikum. Gagnrýnendur hafa hlaðið tenórinn hrósi og hefur honum oftar en einu sinni verið líkt við Pavarotti.

„Við erum í þeirri skemmtilegu stöðu að geta gefið þessa plötu út sjálfir en hins vegar hefur Universal sterkasta dreifingarkerfi í heimi og gríðarlega mikla þekkingu þegar kemur að markaðssetningu og kynningu á klassískri tónlist,“ sagði Einar Bárðarson.

Í síðustu viku átti Universal níu af tíu söluhæstu plötunum á listanum yfir söluhæstu klassísku plöturnar í Bretlandi. - sdg



**GARÐAR THOR CORTES** Segir tilboðið spennandi og gaman að Unversal skuli taka eftir verkum sínum.

Flóttamenn á Íslandi:

## 50 ár frá komu Ungverjanna

**FLÓTTAMENN Fimmtíu ár eru í dag liðin frá komu fyrstu flóttamannanna til Íslands. Þeir voru á meðal þeirra 200.000 Ungverja sem flúðu land eftir innrás Sovétmanna.**

**Mikill fjöldi Ungverja hélt til Austurríkis, þar sem stjórnvöld, Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðasamband Rauða krossins unnu að því að veita fólkinu skjól og aðstoð. Óskað var eftir aðstoð frá ríkjum víða um heim og buðu íslensk stjórnvöld 52 flóttamönnum hæli hér á landi. Ísland hafði þá verið aðili að flóttamannasamningi SÞ í tæpa tíu mánuði, en í dag hefur 531 flóttamaður hlotið hæli á Íslandi.** - sun



**LENT HEILU OG HÖLDNU** Alls óvíst var hvort hægt yrði að lenda vegna veðurs þar til á síðustu stundu. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Geimskutlan Discovery:

## Lenti heil eftir 13 daga ferð

**FLÓRÍDA** Bandaríska geimskutlan Discovery lenti í Flórída á föstudagskvöld með sjö manna áhöfn. Óvissa hafði ríkt um lendinguna vegna veðurs, en mikil rigning var í Flórída og hvasst í Kaliforníu, sem var varalendingarstaður skutlunnar. Ekki kom í ljós að mögulegt yrði að lenda í Flórída fyrr en klukkutíma fyrir lendingu.

Discovery fór í 13 daga ferð til alþjóðlegu geimstöðvarinnar, þar sem gert var við stöðina. Þriðju geimferðinni á vegum NASA á þessu ári er því lokið, en geimferðastofnunin áætlar að fara í fimm ferðir á næsta ári. - sun

Útgáfa Fréttablaðsins:

## Kemur næst út á miðvikudag

**Fréttablaðið kemur næst út miðvikudaginn 27. desember.**

**Móttaka Fréttablaðsins er lokuð í dag, á jóladag og annan í jólum en opið verður aftur á miðvikudag. Smáauglýsingadeildin er lokuð á sama tíma og verður opnuð aftur klukkan átta á miðvikudagsmorgni.**

## FRAKKLAND

### Hundraða bíla árekstur

Tuttugu og fjórir slösuðust, þar af fimm alvarlega, í 200 til 300 bíla árekstri á hraðbraut í Frakklandi í gær. Um áttatíu strandaglópar voru fluttir í samkomuhús í grenndinni. Tildrögin eru ókunn en mikil þoka var á svæðinu þegar slysið varð.

# Ríflega tvö þúsund leituðu aðstoðar

**Hjálparstofnunum bárust rúmlega 2.000 umsóknir fyrir þessi jól og er það nokkur aukning frá því í fyrra. Að baki hverri umsókn eru að meðaltali 2,4 einstaklingar. Talsvert fleiri ellilífeyrisþegar leita aðstoðar nú en áður.**

**HJÁLPARSTARF** Á bilinu 1.600 til 1.700 manns sóttu um aðstoð Hjálparstarfs kirkjunnar og Mæðrastyrksnefndar um þessi jól, að sögn Jónasar Þóris Þórissonar, framkvæmdastjóra Hjálparstarfs kirkjunnar. Að baki hverri umsókn eru þó að meðaltali 2,4 einstaklingar. Samtökin hafa unnið saman undanfarið og auk þess leggur Reykjavíkurdeild Rauða krossins þeim lið. Þórir segir það aukningu um 150 til 200 umsóknir síðan í fyrra.

Ragnhildur G. Guðmundsdóttir, formaður Mæðrastyrksnefndar, segist sjá sömu andlitin ár eftir ár. „En það eru alltof margir nýir sem bætast við. Þeir hópar sem bætast við eru helst eldri borgarar, öryrkjar og ungt fólk sem er að hefja búskap. Fólk sem þarf að lifa á 100 þúsund krónum á mánuði getur ekki tekið þátt í lífsgæðakapphlaupinu og mér finnst misskiptingin í þjóðfélaginu orðin gríðarleg.“

Vilborg Oddsdóttir, félagsráðgjafi hjá Hjálparstarfi kirkjunnar, tekur í sama streng. „Það hefur aukist að ellilífeyrisþegar leiti aðstoðar okkar og erlendir verkamenn eru einnig nýr hópur sem leitar sér aðstoðar þótt hann sé ekki stór.“

Fjölskylduhjálpin veitti fimm hundruð fjölskyldum aðstoð fyrir þessi jól og var hópur nýrra styrkþega þó nokkur. Ásgerður Jóna Flosadóttir, formaður Fjölskylduhjálparinnar, segir mest áberandi hópana vera ungar einstæðar mæður á örorkubótum, erlenda verkamenn og forsjárlausa einhleypa karlmenn.



**JÓLAÚTHLUTUN LOKIÐ** Aðalheiður Frantzdóttir frá Mæðrastyrksnefnd og Vilborg Oddsdóttir hjá Hjálparstarfi kirkjunnar hafa aðstoðað fjölda einstaklinga og fjölskyldna fyrir þessi jól.

„Vegna þess fjölda sem leitaði aðstoðar fyrir þessi jól var brugðið á það ráð að reisa tjald einn úthlutunardaginn en þann dag leituðu yfir 200 manns aðstoðar okkar. Það var Theódóra Þorsteinsdóttir markaðsstjóri Smáralindar sem tók tjaldið á leigu og lét koma því upp.“

Nú geta fyrirtæki og einstaklingar styrkt fjölskyldur með milligöngu Fjölskylduhjálparinnar en þetta er nýtt verkefni sem kallast Hjartagjöf. Ásgerður segir verkefnið felast í því að Fjölskylduhjálpin sjái um að finna fjölskyldu og tengja hana styrkþega. „Verkefnið fer vel á stað og fyrir skömmu ákvað eitt fyrirtæki að styrkja fjölskyldu um 75 þúsund krónur sem kom sér afskaplega vel.“

hugrun@frettabladid.is
stigur@frettabladid.is

Félagsmálaráðherra verður að störfum milli jóla og nýárs:

# Neyðarfundur um Byrgið

**FÉLAGSMÁL** Allir þeir aðilar sem komu að, eða hefðu átt að koma að, rekstri og eftirliti með Byrginu, kristilegu líknarfélagi, verða kallaðir á fund í félagsmálaráðuneytinu milli jóla og nýárs. Félagsmálaráðuneytið sendi Byrginu fyrirspurn þann 19. desember og bárust svörin í fyrradag. Þau, ásamt öðrum gögnum, þykja gefa tilefni til frekari rannsóknar. Taka skuli til athugunar stjórn og eftirlit með Byrginu í gegnum árin.

Að sögn Þórs Jónssonar, upplýsingafulltrúa félagsmálaráðherra, á að upplýsa um málefni Byrgisins svo hægt verði að taka ákvörðun í ráðuneytinu á málefnalegum, traustum grunni. Þór segir að boðaðir verði „menn eða stofnanir sem hafa komið að rekstrinum með ýmsum hætti, til dæmis þeir sem hafa vísað mönnum til [Byrgisins] í vist. Einnig opinberar stofnanir sem hefðu átt að koma að málunum. Við viljum bara upplýsa málið.“



**GUÐMUNDUR Í BYRGINU** Málefni Guðmundar verða ekki tekin til skoðunar að svo stöddu hjá félagsmálaráðuneytinu, þar sem þau sæta nú lögreglurannsókn. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT

Félagsmálaráðuneytið mun að svo stöddu ekki athuga sérstaklega málefni Guðmundar Jónssonar, forstöðumanns Byrgisins, enda sé hans hlutur í málinu í lögreglurannsókn.

Nú styttist í að öll kurl komi til grafar, segir Þór, því fyrstu niðurstöður úr rannsókn Ríkisendurskoðunar á fjármálum Byrgisins verði birtar fyrir áramót. - kóþ



**FRÁ UNDIRRITUNINNI** Björn Bjarnason skrifaði undir samning um gerð varðskips.

Samið um smíði varðskips:

## Verður tilbúið um mitt ár 2009

**ÖRYGGISMÁL Skrifað var í gær undir samning um að skipasmíðafyrirtækið ASMAR í Chile myndi smíða nýtt varðskip fyrir íslensk stjórnvöld. Björn Bjarnason dómsmálaráðherra, Árni Mathiesen fjármálaráðherra og Carlos Fanta de la Vega, forstjóri ASMAR, skrifuðu undir samning þess efnis í gær.**

**Varðskipið verður öflugra og betur búið en varðskipin sem eru fyrir, Ægir og Týr. Það verður 93 metra langt, sextán metrar á breidd og samtals 4.000 brúttótonn.**

**Skipið verður hannað af Rolls Royce í Noregi auk þess sem aðalvélar skipsins verða frá Rolls Royce.**

**Heildarkostnaður vegna skipasmíðinnar nemur 29,4 milljónum evra eða rúmum 2,6 milljörðum króna. Skipið verður tilbúið um mitt ár 2009.** - mh

Samiðn styrkir Amnesty:

## Fjárstuðningur í stað jólakorta

**STYRKUR** Samiðn, samband iðnfélaga, ákvað að veita Íslandsdeild Amnesty International fjárstuðning um þessi jól í stað þess að senda út jólakort.

Í tilkynningu frá Samiðn segir að starf Amnesty International samræmist í mörgu starfi verkalýðsfélaga víða um heim en hér á landi hafi Samiðn tekið virkan þátt í að gæta að réttindum, kjörum og aðbúnaði erlends verkafólks hérlendis. Mikil aukning erlends verkafólks á Íslandi kalli á aukna eftirfylgni með stöðu þeirra og réttindi. - sdg

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Mikið um rúðubrot

Talsverðar annir voru hjá lögreglu í Grundarfirði aðfaranótt laugardagsins vegna veðurs. Mikið var um fok og rúðubrot og voru björgunarsveitir, lögregla og slökkvilið að alla nóttina. Telur lögregla að mikið eignatjón hafi hlotist af.

### Sautján þurftu aðstoð

Nokkuð óveður var í Ólafsvík aðfaranótt laugardags. Gámur fauk og björgunarsveitum bárust 17 beiðnir um aðstoð. Minniháttar fok voru í Stykkishólmi.



ÍSLENSKA SIA.IS TOY 35475 12/06

## Gleðileg jól

Við óskum landsmönnum, nær og fjær, gleðilegra jóla og árs og friðar um leið og við þökkum viðskiptavinum ánægjuleg samskipti og traustið sem þeir hafa sýnt okkur á árinu sem er að líða.

Starfsfólk Toyota

**GENGIÐ 22.12.2006**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 69,50 | 69,84 |
| Sterlingspund | 136,78 | 137,44 |
| Evra | 91,79 | 92,31 |
| Dönsk króna | 12,314 | 12,386 |
| Norsk króna | 11,218 | 11,284 |
| Sænsk króna | 10,218 | 10,278 |
| Japanskt jen | 0,5868 | 0,5902 |
| SDR | 104,67 | 105,29 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
125,7233

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Maður, ákærður fyrir stórfellt kókaínsmygl, losnaði úr gæsluvarðhaldi:

# Laus vegna seinagangs dómstóla

**DÓMSMÁL** Karlmaður sem ákærður hefur verið fyrir þátttöku í stórfelldu kókaínsmygli hingað til lands losnaði á föstudag úr gæsluvarðhald vegna dráttar sem orðið hafði á málsmeðferð í Héraðsdómi.

Maðurinn hafði setið í gæsluvarðhaldi frá 10. ágúst. Hann var hnepptur í fangelsi ásamt fjórum öðrum vegna tilraunar til að smygla til landsins tæplega tveimur kílóum af kókaíni 9. ágúst. Fíkniefnin fundust við leit í farangri stúlku þegar hún kom til landsins um Keflavíkurflugvöll. Þáttur mannsins í málinu er talinn verulegur þar sem hann hafi viðurkennt að hafa farið til Spánar, sótt þar efnið, fengið það burðardýri og skipulagt innflutninginn. Hæstiréttur hefur tekið undir það álit ákæruvalds að fyrir liggi sterkur grunur um að maðurinn hafi framið brot sem geti varðað hann allt að 12 ára fangelsi.

Héraðsdómur hafði nýverið úrskurðað manninn í gæsluvarðhald til 25. janúar. Hann kærði til Hæstaréttar, sem segir í dómi sínum að verjandi hans hafi í síðasta mánuði óskað eftir því að aðalmeðferð færi fram fyrir 20. desember, en þá rann gæsluvarðhald mannsins út.

Héraðsdómari hefði bókað að ekki væri hægt að verða við því sökum anna. Hæstiréttur taldi þá skýringu ekki fullnægjandi og felldi gæsluvarðhaldsúrskurðinn úr gildi. - jss



**HÆSTIRÉTTUR ÍSLANDS** „Sæti sakborningur gæsluvarðhaldi hvílir sú skylda á dómara að hraða meðferð málsins," sagði í dómnum.

Loftárás í Afganistan:

## Einn leiðtoga talíbana fallinn

**BANDARÍKIN** Bandaríski herinn greindi frá því í gærmorgun að einn af fjórum helstu leiðtogum talíbana í Afganistan, Akhtar Mohammed Osmani, hefði fallið í loftárás á þriðjudag. Tveir liðsmenn uppreisnarsveita talíbana féllu einnig í árásinni sem bandaríski herinn gerði nærri landamærum Pakistana.

Osmani er sagður hafa verið náinn samstarfsmaður múllah Omars, helsta leiðtoga talíbana, og tengst Osama bin Laden. Osmani mun hafa leitt talíbana í suðurhluta Afganistans, en töluverð átök hafa verið á því svæði undanfarið. - sun

Helgihald um jól og áramót:

## Mörg hundruð messur og helgistundir

**HELGIHALD** Messur og helgistundir hjá þjóðkirkjunni verða á milli sex og sjö hundruð yfir hátíðarnar.

Í Reykjavík, Seltjarnarnesi og Kópavogi verða um 160 messur og helgistundir dagana 24. til 26. desember og um áramót, í kirkjum, á sjúkrahúsum, dvalarheimilum og víðar.

Víða verður samverustund í kirkjum um eftirmiðdag í dag fyrir börn sem reynist stundum erfitt að þreyja daginn.

Um allt land er messað fyrir fólk sem ekki getur sótt kirkju af ýmsum ástæðum. Þannig er helgihald um jól á sjúkrahúsum, heilsugæslustofnunum og fangelsum. Einnig verður sérstök messa í kirkju heyrnarlausra. - sdg

Erfiður morgunn á Indlandi:

## Óðir fílar gerðu árás á þorpsbúa

**INDLAND, AP Nærri 120 óðir fílar gerðu árás á hundruð þúsund manna þorp norðaustantil á Indlandi snemma á þriðjudagsmorgun. Flestir íbúanna í þorpinu Hojai voru sofandi þegar fílarnir komu æðandi ofan úr fjallshlíðinni sem þorpið stendur við. Að minnsta kosti tveir þurftu að fara á sjúkrahús vegna meiðsla sem hlutust af atganginum.**

**Það tók um það bil fimm klukkustundir að koma nærri 70 fílum út úr bænum, en hinum tókst að safna saman á skólalóð sem lögreglumenn og skógarverðir stóðu vörð um.**

**Á undanförnum árum hefur sífellt verið þrengt meir að búsvæðum fíla á þessum slóðum, með þeim afleiðingum að þeir leita inn í mannabyggðir í leit að æti.** - gb



**WILSON MUUGA** Þyrla Landhelgisgæslunnar bjargaði skipverjum Wilson Muuga frá borði á þriðjudag. Skipið stendur enn þrátt fyrir vonskuveður síðustu daga, sem bendir til þess að fátt fái því haggað. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELMZ

# Skipið stefndi í aðra átt en áttaviti sýndi

**Bilaður áttaviti, sem gaf til kynna ranga stefnu Wilson Muuga, olli strandinu á þriðjudagsnótt. Þetta kom fram í sjóprófi í fyrradag. Líklega verður beðið með að dæla olíunni úr skipinu þangað til eftir jól. Svartolía hefur lekið úr skipinu.**

**SJÓSLYS** Sjópróf vegna strands flutningaskipsins Wilson Muuga fóru fram fyrir Héraðsdómi Reykjaness í fyrradag. Fram kom að ekki hefði aðeins sjálfstýring skipsins bilað heldur einnig svonefndur gírókompás sem gaf til kynna að stefna skipsins væri sú sem til var ætlast þrátt fyrir að skipið hefði hrakist af leið vegna hliðarvinds.

Fram kom við sjóprófið að yfirstýrimanni skipsins, sem var við stjórnvölinn þegar slysið varð, hafi ekki verið kunnugt um að gírókompásinn hefði bilað fyrr í mánuðinum og gert hafi verið við hann 6. desember. Hefði hann vitað það hefði hann vitaskuld verið mun varari um sig.

Þá kom fram að skipverjar á Wilson Muuga hefðu beiðni danska varðskipsins Tritons gert klárt fyrir uppgöngu varðskipsliða sem sendir voru yfir á gúmbát, en hefðu ekki óskað eftir því og varað við því að afar erfitt væri að komast um borð vegna ölduganga. Eins og kunnugt er drukknaði 25 ára danskur sjóliði við björgunaraðgerðirnar.

Wilson Muuga færðist lítillega nær landi í fyrrinótt en að sögn Hávars Sigurjónssonar, upplýsingafulltrúa Umhverfisstofnunar, telja menn skipið hafa staðið af sér það mikið hvassviðri og stórstreymi að óhætt sé að treysta því að það muni standa enn eftir jól. Um tíu klukkustundir þarf til að koma búnaði út í skipið til að dæla olíunni burt og annað eins til dælingarinnar sjálfrar. Enn sem komið er hafi veður verið of slæmt til að hægt væri að athafna sig svo lengi í einu. Vissulega hafi lægt inni á milli en aldrei nógu lengi og því verði beðið með aðgerðir fram yfir jól nema alvarlegur olíuleki geri vart við sig.

Þyrla Landhelgisgæslunnar flutti nokkra menn út í skipið í gærmorgun til að koma upp siglingaljósum á skipinu og einstreymislokum í botn þess fyrir olíuna. Mennirnir voru á skipinu í fáeinar klukkustundir og á meðan fór þyrlan í könnunarflug að kanna hvort olía hefði lekið úr skipinu. Einhver svartolía hefur lekið úr botntönkum skipsins og lá taumur hennar í átt til lands. stigur@frettabladid.is

Sex mánaða fangelsi:

## Skallaði og sló mann í andlitið

**DÓMSMÁL Erlendur karlmaður hefur verið dæmdur í sex mánaða fangelsi fyrir að hafa skallað annan mann og slegið hann í andlit með glerglasi þannig að töluverðir áverkar hlutust af.**

**Árásin átti sér stað í skemmtistað í Reykjavík. Dómurinn, sem kveðinn var upp í Héraðsdómi Reykjavíkur, er skilorðsbundinn til þriggja ára.**

**Árásarmaðurinn var jafnframt dæmdur til að greiða fórnarlambinu 150 þúsund krónur, auk um 360 þúsund króna í sakarkostnað.** - jss



**BONO, SÖNGVARI U2**

Drottning tignar rokkara:

## Bono verður heiðursriddari

**BRETLAND** Elísabet II Englandsdrottning hefur ákveðið að sæma írska rokkarann Bono, söngvara sveitarinnar U2, heiðursriddaratign fyrir störf hans í tónlistargeiranum og baráttu hans fyrir mannúðarmálum.

Bono mun taka við viðurkenningunni úr hendi breska sendiherrans á Írlandi snemma á næsta ári. Hann fær hins vegar ekki að kalla sig Sir Bono, eins og Bítillinn Paul McCartney og fleiri nafntogaðir menn, þar sem aðeins er um heiðursriddaratign að ræða. Sækja þurfti um sérstaka undanþágu konungs málsins þar sem Írar mega ekki taka við konunglegum viðurkenningum frá Bretum. - sh


SKAUTA HÖLLIN REYKJAVÍK

Opnunartímar
um jól og áramót 2006-2007

24. des. Lokað
25. des. Lokað
26. des. kl. 13:00 - 18:00
27. des. kl. 13:00 - 18:00
28. des. kl. 13:00 - 18:00
29. des. kl. 13:00 - 20:00
30. des. kl. 13:00 - 18:00
31. des. kl. 10:30 - 15:00
1. jan. Lokað
2. jan. kl. 13:00 - 18:00


## VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**GLEÐILEG JÓL** Jæja, þá eru jólin loks að ganga í garð eftir illviðrasaman veðurkafla að undanförnu. Við getum huggað okkur við það að ekki er að sjá illviðrakafla það sem eftir lifir árs. Það verður þó strekkingur í dag en lægir með kvöldinu. Yfirleitt verður hlýtt um jólin og því verða þau með rauðu sniði. Ég vil nota tækifærið og óska lesendum öllum gleðilegra jóla.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG** Sunnan strekkingur. Lægir í kvöld. Rigning og síðar smáskúrir. Hiti 4-8 stig, svalast í kvöld.





Yfirleitt 8-13 m/s.



5-13 m/s, úrkomulítið.

*um hádegi »*

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 8°C | léttskýjað | London | 7°C hálfskýjað | Alicante | 15°C hálfskýjað |
| Þórshöfn | 9°C | skýjað | París | 8°C heiðskírt | Mallorca | 15°C hálfskýjað |
| Osló | 4°C | hálfskýjað | Frankfurt | 7°C heiðskírt | Algarve | 14°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 6°C | hálfskýjað | Friedrichshafen | 7°C hálfskýjað | Krít | 15°C heiðskírt |
| Gautaborg | 6°C | hálfskýjað | Berlín | 7°C skúrir | Las Palmas | 20°C hálfskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.




ÍSLENSKA SIA.IS ICE 35453 12/06

ÓSKUM LANDSMÖNNUM ÖLLUM, NÆR OG FJÆR,
GLEÐILEGRAR JÓLAHÁTÍÐAR.

WWW.ICELANDAIR.IS

## KJÖRKASSINN



*Borðar þú skötu um jólin?*

| | |
|---|---|
| Já | 41% |
| Nei | 59% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Drekkur þú malt og appelsín um jólin?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Anders Fogh Rasmussen gagnrýndur harðlega af stjórnarandstöðunni:

# Mistúlkaði bandarískt skjal

**DANMÖRK** Stjórnarandstaðan í Danmörku gagnrýnir nú Anders Fogh Rasmussen forsætisráðherra fyrir að hafa mistúlkað orðalag í minnisblaði frá George W. Bush Bandaríkjaforseta um fanga frá Afganistan. Bandaríkjamenn sjálfir túlki orðalagið með allt öðrum hætti.

Fogh Rasmussen hefur frá árinu 2002 staðið á því fastara en fótunum að í þessu minnisblaði, sem er frá því í febrúar árið 2002, lýsi Bush því ótvírætt yfir að Bandaríkjamenn ætli að fara í einu og öllu að ákvæðum Genfarsáttmálanna um stríðsfanga að því er varðar meðferð fanga frá Afganistan, jafnvel þótt þeir séu ekki skilgreindir sem stríðsfangar.

Þennan skilning hefur danska stjórnin notað sem réttlætingu fyrir því að danskir hermenn afhendi bandarískum hermönnum þá fanga sem Danir taka fasta í Afganistan.

Nú hefur danska útvarpið hins vegar upplýst að minnisblaðið hafi Bandaríkjamenn þvert á móti notað sem forsendu þess að fara ekki að ákvæðum Genfarsáttmálanna, þar sem Bush sé þarna að veita heimild til þess að gera undanþágur varðandi þessa fanga. **- gb**



**ANDERS FOGH RASMUSSEN** Réttlæting sögð vafasöm. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þróunarsamvinnustofnun:

# Fjórðungurinn fer til Malaví

**STYRKIR** **Þróunarsamvinnustofnun Íslands ver um 280 milljónum til verkefna í Malaví á næsta ári, eða um fjórðungi þess fjármagns sem hefur verið samþykkt fyrir árið 2007. Gert er ráð fyrir að kostnaður við verkefni á næsta ári nemi rúmum 1.200 milljónum króna.**

**Þá hefur verið samþykkt að veita 150 milljónum króna til Úganda, 140 milljónum til Namibíu, rúmum 130 milljónum til Mósambik, tæpum 100 milljónum til Srí Lanka og ríflega 70 milljónum til Níkaragva, auk um 80 milljónum króna til samstarfs með frjálsum félagasamtökum, innan lands sem utan.** **- sh**

Bandaríkjamenn í Írak:

# Átta ákærðir fyrir stríðsglæp

**BANDARÍKIN, AP** **Ákærur á hendur átta bandarískum hermönnum fyrir stríðsglæpi í Írak er stærsta sakamálið á hendur Bandaríkjaher frá því innrásin í Írak hófst.**



**STEWART NAVARRE**

**Fjórir óbreyttir hermenn eru ákærðir fyrir morð á 24 saklausum íröskum borgurum, en að auki eru fjórir yfirmenn þeirra ákærðir fyrir að hafa hylmt yfir með þeim.**

**Morðin áttu sér stað í bænum Haditha í Írak á síðasta ári. Mennirnir eru sagðir hafa myrt fólkið eftir að einn félagi þeirra varð fyrir sprengju og lést.** **- gb**

Góðgerðasöfnun í Kringlunni:

# Alls söfnuðust 4.000 jólagjafir

**JÓL** Góðgerðasöfnun á jólagjöfum handa börnum á Íslandi hefur staðið yfir í Kringlunni og í ár söfnuðust um 4.000 pakkar. Fjölskylduhjálp Íslands og Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur sáu um að koma pökkunum til þeirra sem á aðstoð þurftu að halda fyrir jólin.

Undirtektir voru góðar og ljóst að mörg börn munu gleðjast um þessi jól fyrir tilstuðlan þeirra sem lögðu sitt að mörkum í söfnuninni. Þörfin er gríðarlega mikil að sögn starfsfólks Fjölskylduhjálpar Íslands og Mæðrastyrksnefndar.

Íslandspóstur sá um að senda pakka frítt til söfnunarinnar fyrir þá sem búsettir eru utan höfuðborgarsvæðisins. **- sdg**

Viðhorf almennings á Íslandi:

# Jákvæðni í garð Íbúðalánasjóðs

**KÖNNUN** **Tæplega áttatíu prósent Íslendinga eru jákvæð í garð Íbúðalánasjóðs og tæp fjögur prósent neikvæð. Þetta kemur fram í könnun Capacent.**

**Þetta er svipað og kom fram í sambærilegri könnun sem gerð var meðal fasteignakaupenda á tímabilinu júlí til októberloka á þessu ári. Þar sögðust tæp 76 prósent jákvæð en sjö prósent neikvæð. Margir kvörtuðu undan of lágu hámarksláni og takmörkunum vegna brunabótamats sem hefti eðlilegar lánveitingar.** **- sdg**

## REYKJAVÍKURBORG

### Nýr framkvæmdastjóri

Tíu manns hafa sótt um starf framkvæmdastjóra Barnaverndar Reykjavíkur en umsóknarfrestur rann út 15. desember. Ráðið verður í starfið innan tíðar en núverandi framkvæmdastjóri er Halldóra Gunnarsdóttir.

# Stjórnkerfisæfingar auka flækjuferlið

**Borgarstjóri segir stjórnskipulag Reykjavíkur undir stjórn R-listans vonlaust og því nauðsynlegt að einfalda og bæta stjórnsýslu borgarinnar. Dagur B. Eggertsson hafnar því og segir kerfið hafa sparað peninga og skilað bættri þjónustu.**

**BORGARMÁL** Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar á þriðjudag sagði Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri að tiltekt vegna fortíðarvanda hefði beðið nýs meirihluta eftir kosningarnar í vor.

Gaf hann stjórnskipulagi borgarinnar lága einkunn sem og fjármálastjórn gamla meirihlutans.

Vilhjálmur sagði stjórnskipulagið vonlaust „eftir nokkurra ára stjórnkerfisæfingar undir forystu borgarfulltrúa Dags B. Eggertssonar, sem aukið hefur flækjustigið í stjórnsýslu borgarinnar.“

Óhjákvæmilegt væri fyrir meirihlutann að einfalda og bæta stjórnsýsluna. Hafi stjórnendur borgarinnar leitað leiða á undanförnum mánuðum við að veita þjónustu með skilvirkari hætti og minni tilkostnaði en áður.

Dagur B. Eggertsson hafnar þessum útlistunum Vilhjálms.

„Það sem borgarstjóri kallar æfingar er helmingsfækkun nefnda og einföldun og straumlínulögun á öllu stjórnkerfinu,“ segir Dagur og bætir við að markmið breytinganna hafi verið að færa þjónustuna eins nálægt borgarbúum og hægt hafi verið.

„Þetta hefur bæði sparað peninga og skilað betri þjónustu eins og sést á ánægjumælingum. Umbæturnar eru að mörgu leyti hliðstæðar því sem okkar framsæknustu fyrirtæki í þjónustu hafa innleitt hjá sér á sama árabili. Það þarf því að hafa stæka fortíðarþrá til að átta sig ekki á að breytingarnar hafa verið til bóta.“

Auk þess að gagnrýna stjórnkerfið sagði Vilhjálmur að nýja borgarstjórnin hefði hlotið í arf „árlegt margra milljarða króna gat milli almennra tekna og gjalda aðalsjóðs.“ Því þyrfti að taka enn frekar á vandanum á nýju ári og ná fram hagræðingu í rekstri.

Dagur segir að með þeim orðum sé borgarstjóri væntanlega að vísa til þess að hluti tekna Reykjavíkurborgar komi í gegnum arðgreiðslur og ábyrgðagjald frá Orkuveitunni. „Menn hafa stundum talað um þetta sem sérkennilegar tekjur til að nýta borgarbúum til heilla en það er ekki nokkur einasta breyting á því í fjárhagsáætlun meirihlutans þannig að þarna stangast algjörlega á orð og gjörðir.“ **bjorn@frettabladid.is**



**RÁÐHÚS REYKJAVÍKUR** Oddvitar Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar eru hjartanlega ósammála um ágæti og gagnsemi stjórnkerfis Reykjavíkurborgar.



**VILHJÁLMUR Þ. VILHJÁLMSSON**



**DAGUR B. EGGERTSSON**



**HANDJÁRNIN AF** Austurrískur lögreglumaður losar járnin af Irving í dómsal í Vín á miðvikudag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Rithöfundurinn David Irving:

# Látinn laus eftir ár í fangelsi

**AUSTURRÍKI, AP** Breski sagnfræðingurinn og rithöfundurinn David Irving var í liðinni viku látinn laus úr fangelsi í Austurríki, en vegna þoku í Lundúnum seinkaði heimför hans.

Í fangelsinu hafði hann dúsað í þrettán mánuði er dómstóll í Vínarborg úrskurðaði að afgangurinn af þriggja ára fangelsisdómi, sem hann var dæmdur til fyrr á árinu fyrir að véfengja helförina gegn gyðingum í ræðum sem hann hélt í Austurríki árið 1989, skyldi skilorðsbundinn.

Samkvæmt austurrískum lögum liggur allt að tíu ára fangelsisrefsing við því að afneita helförinni. **- aa**

Tveggja mánaða fangelsi:

# Skallaði og kýldi til blóðs

**DÓMSMÁL** **Átján ára gamall maður var dæmdur í tveggja mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir líkamsárás í Héraðsdómi Vestfjarða á miðvikudaginn. Maðurinn kýldi og skallaði jafnaldra sinn í andlitið fyrir utan dansstað nóvember í fyrra. Maðurinn hlaut glóðarauga hægra megin á andlitinu, blóðnasir og bólgið nef.**

**Þegar refsingin yfir manninum var ákveðin var litið til þess að þrátt fyrir ungan aldur hefur maðurinn áður verið sakfelldur fyrir ofbeldisbrot. En það var virt honum til málsbóta að hafa játað brot sitt fyrir dómi.** **- ifv**

Fimm íslenskir friðargæsluliðar á Srí Lanka yfir hátíðarnar:

# Fá ekkert hangikjöt um jólin

**KÓLOMBÓ** Starfsfólk Norrænu eftirlitssveitarinnar á Srí Lanka, SLMM, hefur verið kallað til höfuðstöðva í Kólombó. Átök hafa harðnað og brot beggja aðila, stjórnarhers og tamílatígra, á vopnahléssamningnum hafa aukist verulega, segir í tilkynningu frá utanríkisráðuneytinu.

Þorfinnur Ómarsson, fjölmiðlafulltrúi SLMM, segir að einnig hafi komið til jólafrí starfsmanna. Um helmingur sveitarinnar sé í jólafríi og vegna fyrirsjáanlegrar manneklu þótti hentugt að kalla fólkið saman og skoða stöðu mála.

Yfir jólin verða fimm Íslendingar við skyldustörf í eftirlitssveitunum. Jólin þar eystra eru ansi frábrugðin hátíðinni hér heima. Aðalbjörn Sigurðsson og María Jespersen friðargæsluliðar ætla ekki að herma eftir íslenskum jólum á Srí Lanka. Þau halda til borgarinnar Batticaloa í dag og borða þar með vinum. „Við gerum bara það besta úr þessu. Maður tekur ekki stemninguna með sér og við komum ekki með hangikjöt eða laufabrauð með okkur,“ sagði Aðalbjörn. Þess í stað ætla friðargæsluliðarnir að gera jólin eins frábrugðin hinum hefðbundnu og hugsast má og skella sér í partí í kvöld. Enda lítt jólalegt á eyjunni; hitinn milli 27 og 34 gráður og við hámark regntímabilsins. **- kóþ**



**EKKI JÓLALEGT Á SRÍ LANKA** Börnin ganga nakin í desember á þessari eyju sem gjarnan er kölluð paradís á jörðu. Hér sést srílankskur hermaður fylgjast með tamílum sem hafa flúið heimili sín vegna átakanna. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Stútar stöðvaðir

Lögreglan í Reykjavík stöðvaði sex ökumenn í fyrrinótt sem allir voru grunaðir um að aka undir áhrifum. Rólegt var hjá lögreglu, fámennt í miðbænum og ölvun hófleg.

### Slasaðist lítils háttar

Einn var fluttur á sjúkrahús eftir árekstur tveggja bíla á Glerárgötu á Akureyri um hádegisbil í gær. Meiðsli hins slasaða voru þó ekki talin alvarleg.


HVÍTA HÚSIÐ / SÍA
Gleðileg jól
MasterCard




Ný reglugerð um komugjöld á heilsugæslustöðvar:

# Ósjúkratryggðir borgi 6.100 krónur

**HEILBRIGÐISMÁL** Þeir sem ekki eru sjúkratryggðir þurfa að greiða 6.100 krónur í komugjöld á heilsugæslustöðvar, samkvæmt nýrri reglugerð heilbrigðisráðherra. Áður þurftu viðkomandi að greiða 4.000 krónur.

Önnur komugjöld í heilbrigðiskerfinu hækka um 10,5 prósent og svarar hækkunin til hækkunar vísitölu.


**SIV FRIÐLEIFSDÓTTIR** Heilbrigðisráðherra.

Reglugerðin nær fyrst og fremst til útlendinga og annarra sem ekki hafa fasta búsetu á Íslandi en fá hér heilbrigðisþjónustu.

Á síðasta ári nam kostnaður Landspítala vegna ósjúkratryggðra 188 milljónum króna. Áætlar sjúkrahúsið að þurfa að afskrifa 5-8 milljónir af þeirri fjárhæð. - bþs

Yfirmenn í bandaríska hernum í Írak áhyggjufullir:

# Fleiri fremja sjálfsvíg

**BANDARÍKIN, AP** Yfirmenn bandaríska hersins í Írak hafa miklar áhyggjur af aukningu sjálfsmorða meðal hermanna þar.

Árið 2003 frömdu 25 bandarískir hermenn sjálfsmorð í Írak en eingöngu 12 árið eftir. Í fyrra tóku svo 22 hermenn sitt eigið líf. Herinn hefur ekki gefið upp hversu margir hermenn hafa svipt sig lífi í ár.

„Við teljum eitt sjálfsvíg vera of mörg,“ sagði Kevin Kilney, yfirlæknir hersins, á blaðamannafundi í varnarmálaráðuneyti Bandaríkjanna. Að hans sögn voru helstu ástæður sjálfsvíganna örðugleikar í ástarlífi hermannanna, auk lagalegra vandamála og samskiptavandamála við aðra hermenn. - smk


**HERMENN Í ÍRAK** Tuttugu og tveir bandarískir hermenn frömdu sjálfsvíg í Írak í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/AP







BILANAVAKT OR
516 6200
VIÐ ERUM Á JÓLAVAKTINNI
Við erum til taks um jólin
Orkan er sjaldan mikilvægari en einmitt um jólin. Tugir starfsmanna Orkuveitu Reykjavíkur eru á vakt í stjórnstöð og í viðbragðsstöðu úti í hverfum á veitusvæðinu, reiðubúnir að bregðast við ef bilun verður.
Við viljum tryggja ykkur birtu og yl um jólin.
Gleðileg jól
Starfsfólk Orkuveitu Reykjavíkur
Orkuveita Reykjavíkur

# skoðun

greinar@frettabladid.is

## Jólahátíðin

**KÁRI JÓNASSON SKRIFAR**

Engin hátíð kristinna manna setur eins mikinn svip á þjóðlífið og jólahátíðin. Gildir þar einu hvort um er að ræða hér á Íslandi eða annars staðar í hinum kristna heimi. Jafnvel utan hinna hefðbundnu kristnu landa fer jólahátíðin ekki fram hjá fólki, og allra síst nú á dögum alþjóðlegrar og mikillar fjölmiðlunar.

Það er þó nokkuð síðan eplalykt, kerti og spil settu svip sinn á jólahaldið hér á landi. Nú á tímum er aðventan hins vegar orðin ein allsherjar tónlistar- og ljósahátíð hér á landi, og mun vera leitun að öðru eins í nágrannalöndunum, auk þess sem þessi tími árs er mikil verslunarhátíð.

Ljósaskreytingar setja orðið mikinn svip á umhverfið, ekki aðeins í höfuðborginni og bæjum um land allt, heldur ekki síður í sveitum landsins. Þar setja ljósaskreytingar kannski meiri svip á umhverfið en í bæjunum, þar sem er svo að segja stöðugur ljósagangur af einhverju tagi í skammdeginu. Sveitirnar lifna svo sannarlega við á aðventunni og setja oft ævintýralegan blæ á fjöll og dali .

En jólin eru ekki bara tónleikar og ljósaskreytingar, matar- og gjafahátíð. Hinn raunverulegi og upprunalegi tilgangur jólanna er að minnast fæðingar frelsarans, sem sagt er frá í jólaguðspjallinu. Því má ekki gleyma í öllu amstrinu fyrir og um jólin. Það er vegna Jesúbarnsins sem fæddist í jötu í Betlehem, sem við höldum jól. Frelsarinn hefur sett meiri svip á mannkynið en nokkur annar og hann er stöðugt rannsóknarefni. Það er hann sem hefur mótað siðmenningu okkar og það er því mikilvægt að boðskapur jólanna drukkni ekki í önnunum sem fylgja jólahátíðinni. Þetta er okkur mikilvægt að muna, og reyna að haga því þannig til að kyrrar stundir gefist um jóladagana til að innbyrða frið og helgi jólahátíðarinnar.

En það eru fleiri persónur sem tengjast nútímajólum en sjálfur Jesú. Nafn hans tengist kyrrð og friði og hann er umlukinn heilagleika. Hinar persónurnar sem tengjast jólum eru jólasveinar, og í kringum þá eru ærsl og læti. Þeir eru ásamt Jesú hluti af jólahaldinu, en með ólíkum hætti þó. Það má segja að þessar persónur sem tengjast jólunum séu miklar andstæður, en þó ómissandi þáttur jólahaldsins.

Um þessi jól verða kirkjur landins væntanlega þéttsetnar eins og endranær. Kirkjuferð er hjá mjög mörgum ómissandi hluti af jólahaldinu. Á þeim vettvangi hafa líka orðið miklar breytingar frá því að eplalyktin, kertin og spilin settu svip sinn á jólahátíðina.

Fleiri konur munu líklega skrýðast hempu og hökli um þessi jól hér á landi en nokkru sinni fyrr. Konum í prestastétt hefur fjölgað töluvert hér á síðari árum og er það vel. Þær hafa breytt yfirbragði helgihaldsins og eru gott innlegg í jafnréttisbaráttuna. Þær eiga líka að njóta sannmælis í hinum kristna heimi og þær eiga sinn rétt. Þeirra hlutverk innan þjóðkirkjunnar er mikilvægt og það ber að virða og þakka.

Gleðileg jól.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

BBC WORLD SERVICE

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Valgerður tekur til hendinni

Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra lét það verða sitt síðasta verk fyrir jólaleyfi að boða starfsmenn utanríkisþjónustunnar á fund og tilkynna þeim um breytingar á skipulagi ráðuneytisins, sem taka myndu gildi um áramótin. Um breytingarnar segir Valgerður í dagbók sinni að lykilatriðið í þeim sé „samvinna“. Nýtt skipurit og rétt eftirfylgni með því ættu að tryggja betri nýtingu mannauðsins innan ráðuneytisins.

### Of margir sendiherrar

Eftirtektarvert var að Valgerður lýsti því yfir að fjöldi sendiherra væri „nokkuð umfram þarfir ráðuneytisins“. Hún er fyrsti utanríkisráðherrann sem spyrnir þannig opinskátt við þeirri þróun sem átt hefur sér stað á síðustu árum, þar sem sendiherraembættum hefur í stórum stíl verið ráðstafað sem þægilegum eftirlaunastöðum fyrir stjórnmálamenn.

### Karlavígi fallið



Í samtali við Fréttablaðið sagði Valgerður að það sem sér þætti standa upp úr varðandi þessar breytingar væri framganga kvenna í því karlavígi sem utanríkisþjónustan hafi lengi verið. Undan þeirri ímynd væri ráðuneytið nú að losa sig. Valgerður er fyrsta konan sem gegnir embætti utanríkisráðherra. En eftir skipulagsbreytingarnar verða auk þess þrír af æðstu stjórnendum ráðuneytisins konur, að því ógleymdu að konur gegna nú stöðum prótókollstjóra, umsjónarmanns Íslensku friðargæslunnar og nýju sendiherraembætti í Suður-Afríku.

Fyrr í haust hafði Valgerður boðað „nýja og mýkri ásýnd Íslensku friðargæslunnar“ með því að leggja áherslu á að fjölga konum í þjónustu hennar en draga úr þátttöku í verkefnum þar sem „jeppagengi“ karla væru í aðalhlutverki.

Óhætt er að segja að á hálfu ári í embætti hafi Valgerður þannig sett varanlegt mark sitt á „gamla karlavígið“ við Rauðarárstíginn.

**audunn@frettabladid.is**

# Jól í stormi



Er vetrar geysar stormur stríður þá stendur hjá oss friðarengill blíður,“ segir í alþekktum jólasálmi Valdimars Briem, „Í dag er glatt í döprum hjörtum“. Vetrarstormarnir hafa geysað, stríðari en nokkru sinni undanfarna daga. Maður undrast æðruleysi fólks sem hefur orðið fyrir tjóni og erfiðleikum vegna flóða og skriðufalla. Því er mikið gefið. Eins er alltaf jafn undravert það sem björgunarsveitarfólk og aðrir sem sinna aðstoð og björgunarstörfum eru reiðubúnir til að leggja á sig, og leggja sig jafnvel í hættu. Eins góðir grannar sem bregðast við til hjálpar. Þar eru víða hjálpar- og friðarenglar á ferð meðal okkar og það er mikið þakkarefni. Gleymum því ekki.

Guð gefi að allir fái notið friðar og gleði jólahátíðarinnar, og að engin alvarleg slys, áföll eða önnur ótíðindi hendi.

Þegar veðrin sýna á sér slíkar öfgar þá eru hlýnun andrúmsloftsins og gróðurhúsaáhrif nærtækir sökudólgar að margra mati. Sumum finnast veðurfregnirnar vera orðnar stórpólitískar! Þótt umdeilt sé að hve miklu leyti breytingar í veðurfari eru af mannavöldum, eða um eðlilegar sveiflur er að ræða, þá virðist óhjákvæmilegt að tengja öfga veðurfarsins við lífshætti okkar. Það eru samhengi í lífinu og sköpunarverkinu sem við verðum að taka tillit til. Það hafa menn ætíð talið sig vita.

Kristin kirkja er send með erindi og boðskap sem hvetur sérhverja manneskju til hófsemi og virðingar í umgengni við lífið og jörðina. Friðarengillinn blíði bendir enn sem fyrr á lausnina, á frelsara heimsins, barnið í jötunni. Boðskapur hans snertir lífið allt. Það er engin tilviljun að frelsarinn fæddist í fjárhúskró. Uxi og asni og jórtrandi lamb urðu vitni að fæðing hans, sem er frelsari heimsins, alls heimsins. Hann beindi athygli okkar að liljum vallarins og fuglum himinsins og hvetur okkur að gefa gaum að hrynjandi árstíða og gangi himintungla og tímanna táknum. Og að sjá í því merki þess að lausnin er í nánd. Ekki ragnarök eyðingar, heldur lausn, það ríki, sú veröld þar sem vilji Guðs hefur sigrað allt. Um það biðjum við þegar við segjum:„Til komi þitt ríki. Verði þinn vilji.“ Og þá um leið erum við minnt á að okkur ber að leitast við að greiða því veg.

Og í ljósi þess megum við vita að lífsstíll okkar almennt er undir dómi. Við erum orðin háð gengdarlausri sóun orkulinda, linnulausum hernaði gegn náttúrunni, almennu virðingarleysi við manngildið. Við sjáum það daglega á síðum dagblaðanna og það æpir á okkur af skjánum, eitthvað verður að breytast.



HERRA KARL SIGURBJÖRNSSON BISKUP

*Kristin kirkja er send með erindi og boðskap sem hvetur sérhverja manneskju til hófsemi og virðingar í umgengni við lífið og jörðina.*

Yfirgangurinn, óðagotið og tillitsleysið á vegum landsins er birtingarmynd andlegs ástands, sem við getum unnið bót á. Heill og framtíð okkar er í húfi, já, og heill og framtíð barnanna okkar. Ábyrgð, virðing, tillitsemi, hógværð í umgengni við jörðina, lífið, annað fólk, okkur sjálf. Við þurfum ekki að bíða eftir því að G8 leysi málin, að Sameinuðu þjóðirnar nái samstöðu, að ríkisstjórnin taki á sig rögg. Mikilvægast er að við hvert og eitt öxlum ábyrgð og sýnum samstöðu með lífinu og umhyggju um annað fólk.

Í aðdraganda jólanna kemur enn og aftur upp umræða um fátækt og misskipting gæðanna. Það er eðlilegt, vegna þess að eitt meginstef jólaboðskaparins er samstaða með þeim fátæku, þeim sem heimurinn lokar einatt á og úthýsir. Jesús Kristur sem fæddist utangarðs, í fjárhúsinu í Betlehem, tók sér stöðu með þeim, og segir: „Það sem þið gerið einum af þessum mínum minnstu systkinum, það gerið þið mér.“ Viðbrögð við ákalli Hjálparstarfs kirkjunnar og annarra líknarsamtaka á aðventu sýna að margir vilja leggja sitt af mörkum til að hjálpa fátækum, heima og erlendis. Fátækt og örbirgð er alheimsvandi.

Umræðan og athyglin má aldrei einskorðast við okkar eigin heimatún né heldur festast í deilum um hugtök og í talnaleikjum fræðinga. Fátækt er vissulega afstæð. Aldrei höfum við verið auðugri sem þjóð, og aldrei hafa eins margir Íslendingar verið í hópi auðmanna. Við erum ekki lengur fátæk og smá, eins og löngum áður. Hins vegar er ekki alveg víst að það standist sem danskurinn segir: „Þegar rignir á prestinn drýpur á djáknann.“ Við Íslendingar höfum viljað byggja það þjóðfélag að hér ríki jöfnuður og að enginn, hvorki börn né gamalmenni, líði skort. Þeirri þjóðfélagssýn megum við aldrei gleyma.

Jólin ganga senn í garð. Jólaklukkur, ljós og helgir hljómar jólanna bera boðskap friðar og kærleika inn í sérhvert hús og vonandi sérhvert hjarta. Þar er „friðarengill blíður“ að vitja þín. Eiginlega eru jólin, jólahaldið, jólagjöf kristninnar til heimsins! Af því að jólin gefa innsýn inn í þann heim þar sem vilji Guðs ræður, hið góða, fagra og fullkomna. Jólin sýna það hvernig það er þegar áhrif góðvildar og gleði, trúar og kærleika fá að vinna sitt verk. Jólin segja að góðvildin og friðurinn, ljósið er okkur ætlað og áskapað, og við erum kölluð til að greiða því veg. Þó að stormarnir geysi í náttúrunni, og í mannlífinu, þá „stendur hjá oss friðarengill blíður“ og minnir okkur á að Guð er góður, það er góður hugur að baki lífi og tilveru manns og heims, föðurhjarta sem ann, umhyggja og ástúð, sem yfir vakir og engum gleymir. Megi það snerta við okkur öllum, og lýsa okkur veginn fram.

*Gleðileg jól!*
*Karl Sigurbjörnsson*

GOTT FÓLK McCANN



# GLEÐILEGA HÁTÍÐ

SJÓVÁ ÓSKAR LANDSMÖNNUM ÖLLUM GLEÐILEGRA JÓLA
OG ÖRYGGIS YFIR HÁTÍÐARNAR

SJÓVÁ

ERLENDIR VENDIPUNKTAR 2006

# Að koma kjarnorkuandanum aftur í flöskuna

Þann 9. október síðastliðinn sprengdu Norður-Kóreumenn kjarnasprengju neðanjarðar. Ásamt því að Íranar þverskallast við að fara að tilmælum alþjóðasamfélagsins og hætta auðgun úrans, er þessi tilraunasprenging Norður-Kóreumanna mesta ógnunin við samninginn um takmörkun á útbreiðslu kjarnavopna sem fram hefur komið um áratuga skeið. Hans Blix, sænski stjórnarerindrekinn og fyrrum yfirmaður vopnaeftirlits Sameinuðu þjóðanna, sem stjórnaði leit SÞ að gereyðingarvopnum Íraka, færir rök fyrir því í eftirfarandi grein að takmörkun á útbreiðslu kjarnavopna er ekki úr sögunni og að fram undan eru gullin tækifæri fyrir þá sem staðráðnir eru í að hindra útbreiðslu þessara vopna.



Þeir atburðir sem nýverið hafa gerst í Norður-Kóreu og Íran hafa hringt viðvörunarbjöllum víða um heim. Norður-Kóreumenn gerðu tilraunir með langdræga eldflaug þann 5. júlí og sprengdu plútóníumsprengju þann 9. október. Og þó svo hvorug tilraunin hafi tekist eins og til var ætlast, var ógnin sem af þeim stafaði öllum ljós.

Þann 11. apríl tilkynntu Íranar að þeir hefðu auðgað lítið magn úrans og lýstu því jafnframt yfir að þeir teldu sig þar með tilheyra svokölluðum „kjarnorkuklúbbi“. Magnið sem þeir auðguðu var vissulega lítið og þeir lýstu jafnframt yfir að markmiðið væri einungis að framleiða eldsneyti fyrir kjarnorkuver. Engu að síður er ljóst að sá sem getur auðgað úraníum í 3,5 prósent, eins og Íranar halda fram að þeir hafi gert, hefur getu til að auðga það enn frekar upp að þeim mörkum sem nauðsynlegt er að ná til framleiðslu kjarnasprengju.

### Breytingar á kjarnorkuríkjum

Ef Kína, Frakkland, Rússland, Bretland og Bandaríkin mynduðu fyrsta hóp kjarnorkuríkja og Indland, Ísrael og Pakistan annan, erum við þá að verða vitni að myndun þess þriðja, sem gæti orðið til þess að kjarnavopn breiddust enn frekar út?

Ég held að hægt sé að koma í veg fyrir þetta. Það eina sem til þarf er að ríkisstjórnir fylgi upphaflegu hugmynd samningsins um takmörkun á útbreiðslu kjarnavopna, sem á nú undir högg að sækja.

Á sjöunda áratugnum töldu yfirvöld varnarmála í mörgum ríkjum að kjarnavopn yrðu viðurkennd vopn og ómissandi í sérhverju vopnabúri. Leiðtogar á borð við John F. Kennedy Bandaríkjaforseta höfðu áhyggjur af því ótrygga ástandi sem myndi skapast í heimi þar sem menn væru með fingurinn á kjarnorkuhnappnum úti um allan heim.

Útbreiðsla kjarnavopna hefur ekki orðið með þeim hætti sem Kennedy óttaðist mest. Fjölmörg ríki sem búa yfir tæknikunnáttu til að þróa kjarnavopn hafa hafnað að nýta sér hana, hafa staðfest samninginn og bendir ekkert annað til en að þau muni standa við skuldbindingar sínar.

### Kjarnorkulaus ríki vilja árangur

Nú þegar árið 2007 er að ganga í garð hafa margir engu að síður áhyggjur af afleiðingum þess ef Norður-Kóreumenn halda áfram tilraunum sínum með kjarnavopn og ef Íranar feta sömu slóð.

Flest kjarnavopnalaus ríki sem eru aðilar að samningnum um takmörkun við útbreiðslu kjarnavopna hafa sömuleiðis verulegar áhyggjur af því að kjarnorkuveldin fimm taki skuldbindingar sínar um afvopnunarviðræður ekki nógu alvarlega. Þau viðurkenna að kjarnavopnum hefur vissulega fækkað úr 50 þúsund sprengjum þegar mest lét á árum kalda stríðsins, niður í 27 þúsund sem stendur, en þau gagnrýna harðlega að kjarnorkuveldin hafa ekki náð meiri árangri.

Fráfarandi framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, Kofi Annan, sagði á árinu sem er að líða að „alþjóðasamfélagið virðist gjörsamlega hafa sofið á verðinum“ gagnvart afvopnun.

### Bandaríkjastjórn þróar nýja tegund kjarnavopna auk geimvopna

Á sama tíma og Bandaríkjaþing hefur fellt tillögur um smíði sérstakra kjarnorkusprengja til að eyða neðanjarðarbyrgjum undirbýr Bandaríkjastjórn engu að síður framleiðslu á nýrri tegund af kjarnasprengjum. Hún eyðir jafnframt milljörðum dala í þróun geimvopna samtímis sem hún hafnar alþjóðlegum kröfum um að vopnakapphlaupið í geimnum verði tekið til umræðu á afvopnunarráðstefnunni í Genf.

Þróun Bandaríkjamanna á eldflaugavörnum í geimnum hefur leitt til þess að Kínverjar og Rússar eru að þróa vopn sem vinna á þeim vörnum og breska ríkisstjórnin er að undirbúa þróun kjarnaflauga til að leysa Trident-flaugar sínar af hólmi fram til 2020. Útgjöld ríkja heims til hermála á árinu 2005 eru talin hafa numið þúsund milljörðum bandaríkjadala, eða sem svarar um 72 þúsund milljörðum íslenskra króna og eru útgjöld Bandaríkjanna einna um helmingur þeirrar upphæðar.

Nú nærri 40 árum eftir fullgildingu samningsins um takmörkun



við útbreiðslu kjarnavopna og nærri 15 árum eftir lok kalda stríðsins, er löngu tímabært að kjarnorkuveldin taki skuldbindingum sínum af meiri alvöru.

Samtímis því sem afvopnun verður að komast á dagskrá á næsta ári þarf einnig að finna lausn á þeirri ógn sem vofir yfir vegna kjarnorkubrölts Norður-Kóreu og Írans.

### Japanar hóta að þróa kjarnavopn

Hvað Norður-Kóreumenn snertir munu Suður-Kórea og Japan líta frekari uppsöfnun þeirra á kjarnavopnum og þróun kjarnaeldflauga, sem banvæna ógn. Nýlegar aðgerðir Norður-Kóreumanna hafa þegar vakið hörð viðbrögð embættismanna í Japan, sem bent hafa á að stjórnarskrá landsins útilokar ekki þróun kjarnavopna í sjálfsvarnarskyni og jafnvel ekki að þau verði notuð til árása af fyrra bragði.

Ef þróunin verður með þessum hætti er ljóst að spenna í þessum heimshluta eykst verulega. Kína, Japan, Suður-Kórea, Taívan og Bandaríkin eiga mikilla sameiginlegra hagsmuna að gæta í að koma í veg fyrir slíka þróun mála og beina Norður-Kóreu af núverandi braut. Er sá möguleiki í stöðunni?

Hvað Írana varðar, hófst undirbúningur þeirra að auðgun úrans einhvern tímann undir lok níunda áratugar síðustu aldar, meðan þeir áttu í hinu skelfilega stríði við Íraka undir stjórn Saddams Hussein. Verkinu hefur greinilega miðað áfram með hraða snigilsins síðan þá.

Engu að síður álíta flestir að haldi þeir áætlun sinni til streitu leiðir það til aukinnar spennu á þessu svæði sem logar í illdeilum fyrir. Það gæti haft keðjuverkandi áhrif í för með sér – þó ekki til skamms tíma litið því ekkert af kjarnavopnalausu ríkjunum á svæðinu býr yfir nægilegri tæknikunnáttu til þróunar kjarnavopna.

### Heimurinn andsnúinn hernaði gegn Norður-Kóreu eða Íran

Án efa óska menn þess um allan heim að Íranar hverfi frá áætlunum sínum um auðgun úrans, jafnvel þótt slíkt ferli sé ekki bannað samkvæmt samningnum um takmörkun á útbreiðslu kjarnavopna. Er hugsanlegt að fá Írana til að gera þetta?

Eftir innrás Bandaríkjamanna í Írak, þar sem þeir beittu hervaldi til að uppræta ímynduð gereyðingarvopn, er sem betur fer almenn andstaða í heiminum við hernaðaraðgerðir gegn Norður-Kóreu eða Íran. Þrátt fyrir að umræða komi upp af og til vestanhafs um skyndiárás á kjarnatilraunastöðvar Norður-Kóreumanna er afar ólíklegt að menn sjái slíka lausn sem raunhæfan kost.

Höfuðborg Suður-Kóreu, Seúl, er innan þess sviðs sem eldflaugar Norður-Kóreumanna draga. Sérhver árás á Norður-Kóreu myndi leiða til þess að örvæntingarfull ríkisstjórn landsins gæti gripið til þess óyndisúrræðis að nota hugsanleg kjarnavopn, sem enginn veit hvar eru né hversu mörg þau eru. Jafnvel hótanir einar um árás eða tilraunir til að koma stjórnvöldum Norður-Kóreu frá völdum, myndu að öllum líkindum gera þau illskeyttari og hugsanlega kærulausari.

Hvað Íran varðar myndu hernaðaraðgerðir af þessu tagi og jafnvel hótanir um slíkar aðgerðir vera gagnslausar og jafnvel snúast upp í öndverðu sína. Þær gætu þannig orðið vatn á myllu þeirra afla í Íran sem halda því fram að landið þurfi einmitt kjarnavopn til að verja hendur sínar.

### Öryggi í stað kjarnavopna

En ef hernaðaraðgerðir koma ekki til greina, hvað er þá til ráða? Í því sambandi gæti verið gagnlegt að spyrja þeirrar spurningar hvers vegna sum ríki telja sig þurfa á kjarnavopnum að halda, og reyna í framhaldinu að fjarlægja hvatana sem kveikja þessa þörf.

Árið 2003 birti Evrópusambandið áætlun sína um takmörkun við útbreiðslu gereyðingarvopna og þar segir meðal annars: „...besta lausnin á þeim vanda sem við blasir vegna útbreiðslu gereyðingarvopna er sú að ekkert ríki telji sig þurfa á slíkum vopnum að halda. Ef nauðsyn krefur þarf að leita pólitískra lausna á þeim vanda sem býr að baki því að ríkin reyna að koma sér upp gereyðingarvopnum. Því öruggari sem ríki eru um sinn hag, þeim mun meiri líkur eru á að þau hverfi frá slíkum áformum...“

Hvað deilurnar við Norður-Kóreu áhrærir er spurningin sú hvort hægt sé að fá þarlend stjórnvöld til að fórna því öryggi sem þau telja að kjarnavopn veiti þeim. Í staðinn fengju þau öryggissáttmála, stjórnmálatengsl og tryggingu fyrir því að endir verði bundinn á einangrun landsins og því veitt þróunaraðstoð á borð við þá sem stjórnvöld í Víetnam hafa til að mynda fengið. Þetta er spurningin sem ég held að Bandaríkin og aðrir þátttakendur í sex landa viðræðunum í Peking eru að reyna að fá svör við.

Því er skynsamlegast við þær aðstæður sem uppi eru að ögra stjórnvöldum í Norður-Kóreu sem minnst, það gerir fátt annað en að styrkja þau í þeirri trú að þau þarfnist kjarnavopna.

Með sama hætti verður að koma Írönum í skilning um að þeim sé ekki ógnað og að þeir þurfi ekki á kjarnavopnum að halda til að tryggja öryggi sitt, né heldur þurfi þeir að geta auðgað úran. Allt myndi þetta ganga betur fyrir sig ef Bandaríkjamenn byðu Írönum sömu kosti og þeir bjóða Norður-Kóreumönnum með skuldbindingu um að beita hvorki vopnavaldi gegn þeim né að reyna að grafa undan stjórnvöldum landsins.

Á sama hátt og í deilunni við Norður-Kóreumenn gæti frumkvæði Bandaríkjamanna að eðlilegum samskiptum við Írana riðið baggamuninn í þeirri viðleitni að fá þá til að hverfa frá áætlunum um auðgun úrans.

Erfitt er að skilja hvers vegna gert hefur verið að skilyrði fyrir viðræðum við Írana að þeir hætti auðgun úrans þar sem megintilgangur viðræðnanna verður einmitt að fá þá til að hætta því. Hvað Norður-Kóreumenn snertir er allt kapp lagt á að koma á viðræðum þrátt fyrir að þeir haldi áfram að framleiða plútóníumsprengjur af fullum krafti.

En það sem ef til vill er mikilvægast að allir aðilar gerir sér grein fyrir er að möguleikinn og þörfin á takmörkun við útbreiðslu kjarnavopna er ekki úr sögunni þrátt fyrir atburðina í Íran og Norður-Kóreu. Þvert á móti hafa þeir sýnt enn betur fram á þörf þess að á árinu 2007 megum við alls ekki gefa upp vonina um að þeim markmiðum sem lagt var upp með 1968 verði náð.



Hans Blix er fyrrverandi ráðherra í Svíþjóð, var formaður vopnaeftirlitsstofnunar Sameinuðu þjóðanna 2000-2003 og stjórnaði leit SÞ að gereyðingarvopnum Íraka á sínum tíma. Hann er núverandi stjórnarformaður alþjóðlegrar nefndar gegn gereyðingarvopnum sem hefur aðsetur í Stokkhólmi.

**ERLENDIR VENDIPUNKTAR 2006**

Líkt og á síðasta ári birtir Fréttablaðið nú greinar eftir erlenda höfunda um markverða atburði sem gerðust á síðasta ári. Allir greinarnar eiga það sameiginlegt að fjalla um vendipunkta, nýja þróun sem á eftir að hafa veruleg áhrif á alþjóðasamfélagið.

# Gleðileg Jól



Óskum landsmönnum öllum gleðilegra jóla og þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða

**OPIÐ í dag til kl. 14**
**SMÁRALIND til kl. 15**

**LOKAÐ**
25. og 26. desember




## Þú færð jólagjafirnar hjá okkur




**Inniskór á alla fjölskylduna**
- Frábært úrval..




**Vinsælt skemmtiefni fyrir alla fjölskylduna**
- Svínasúpan, Stelpurnar, Strákarnir




**Eftirréttir Hagkaupa**
- Yfir 200 spennandi uppskriftir

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

**GUÐJÓN BERGMANN JÓGAKENNARI ER 36 ÁRA Í DAG**

*„Ég hef náttúrulega aldrei átt afmæli á neinum öðrum degi þannig að ég þekki ekkert annað.“*



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 24. DESEMBER 1814

## *Bretar og Bandaríkjamenn slíðra sverðin*

Þennan dag árið 1814 sömdu Bandaríkjamenn frið við Breta í stríði sem hófst 1812. Friðarsáttmálinn var undirritaður í Ghent í Belgíu. Bandaríkjamenn studdu Napóleon og Frakka í stríði þeirra í Evrópu. Grunnt hafði verið á því góða milli þjóðanna allt frá því að Bandaríkin rifu sig laus frá Bretlandi. Bandaríkjamenn vildu líka launa Frökkum stuðninginn í frelsisstríðinu. Bandaríkjamönnum vegnaði vel fyrst í stað en stríðsgæfan er hverful. Þeir réðust inn í Kanada á þrem stöðum en Bretum tókst að hrinda árásunum. Eftir ósigur Napóleons sóttu Bretar í sig veðrið og í ágúst lögðu þeir Washington undir sig og brenndu Hvíta húsið, þinghúsið og fleiri byggingar til þess að hefna fyrir herverk bandarískra í innrásinni í Kanada.



En þótt friður væri saminn á aðfangadag barst fréttin ekki fyrr en næstum tveim mánuðum seinna til Ameríku, því seglskip voru lengi á leiðinni yfir Atlantshafið. 8. janúar 1815 réðst mikill breskur liðsafli á New Orleans en beið afhroð. Þetta var síðasta orrustan og fréttir af henni bárust bandarískum almenningi um svipað leyti og fréttir af friðarsamningunum í Ghent.

## MERKISATBURÐIR

1801 Gufuvagni Trevihicks ekið upp brekku í Cornwall með sjö farþega. Þetta var eiginlega fyrsti bíllinn.

1865 Ku Klux Klan stofnað í Pulaski í Tennessee.

1903 Fyrsta bílnúmerið í Bretlandi, A-1, gefið út. Eigandinn var Russell lávarður, bróðir Bertrands Russell.

1922 Ava Gardner fæðist í Smithfield í Norður-Karólínu.

1934 Jólakveðjur lesnar í fyrsta sinn í Ríkisútvarpinu, klukkan 20.30.

1942 Útsendari Frjálsra Frakka drepur Darlan aðmírál í Alsír.

1956 Ungverskir flóttamenn koma til Íslands, 52 talsins.

# Jólalög í 19 þúsund

Safnplatan 100 íslensk jólalög fyrir alla fjölskylduna á fimm geislaplötum er orðin söluhæsta platan á þessu ári og eru seld 19 þúsund eintök frá útgefanda plötunnar, Senu.




**JÓLALÖG** Safnplatan er orðin söluhæsta platan á þessu ári.

Á plötunum fimm er að finna samtals hundrað jólalög með íslenskum flytjendum. Á tveimur plötum er að finna vinsælustu jólalögin síðustu tvo áratugina, á einni er að finna öll gömlu góðu jólalögin með eldri flytjendum, á einni er að finna vinsælustu jólabarnalögin og á síðustu eru hátíðlegri jólalögin.

# Pétur Ben á toppinn

Tónlistarsíðan Rjóminn hefur birt lista sinn yfir bestu plötur ársins, annars vegar erlendar og hins vegar innlendar. Af erlendum plötum þótti The Life Pursuit með Íslandsvinunum í Belle & Sebastian skara fram úr, en hljómsveitin hélt tónleika á Nasa og í Bræðslunni á Borgarfirði eystri í sumar. Return to the Sea með Islands, sem einnig hélt hljómleika á Íslandi á árinu, er í öðru sæti árslistans.

Wine For My Weakness, frumraun Péturs Ben þótti besta íslenska plata ársins að mati Rjómans. Please Don't Hate Me með Lay Low fylgdi fast á hæla hennar. -sgj



**PÉTUR BEN** Wine For My Weakness




**BELLE & SEBASTIAN** The Life Pursuit




✝

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Þórunn Ágústsdóttir**

verður jarðsungin frá Akureyrarkirkju miðvikudaginn 27. desember kl. 13.30.

**Hulda Eggertsdóttir**
**Guðrún Eggertsdóttir Klemenz Gunnlaugsson**
**Dýrleif Eggertsdóttir**
**ömmubörn, langömmubörn og langalangömmubörn.**



✝

*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Þórunn Sólbjört Friðjónsdóttir**

Hjúkrunarheimilinu Eir, áður að Fannafold 158a, lést á Hjúkrunarheimilinu Eir 21. desember. Útförin auglýst síðar.

**Björn Ingi Þorvaldsson**
**Þorvaldur Björnsson Guðrún P. Björnsdóttir**
**Ingi Þór Björnsson Helga Þóra Þórsdóttir**
**Bjarni Björnsson Brynja Þorkelsdóttir**
**Kristinn Björnsson Ampon**
**barnabörn og barnabarnabörn.**


**SÉRA GUÐBJÖRG ARNARDÓTTIR:** FYRSTA JÓLAMESSAN

# Flakkar á milli kirkna

„Þetta leggst bara mjög vel í mig, ég hlakka til,“ segir séra Guðbjörg Arnardóttir, sóknarprestur í Oddasókn, sem mun sjá um sína fyrstu jólamessu í ár. Guðbjörg var vígð á árinu og tók við sókninni 1. júlí síðastliðinn.

„Mætingin hefur verið nokkuð góð síðan ég byrjaði,“ segi Guðbjörg. „Það er mjög vel mætt þegar unglinga- eða barnakórinn er að syngja. Guðsþjónusturnar hafa verið sérstaklega vel sóttar á aðventunni.“

Guðbjörg verður önnum kafin í dag, aðfangadag. „Ég verð á Lundi, hjúkrunar- og dvalarheimili á Hellu klukkan fjögur og messu klukkan sex í Þykkvabæjarkirkju. Loks er messa klukkan ellefu í kvöld í Odda,“ segir Guðbjörg.

Í Oddaprestakalli eru þrjár kirkjur, sem eru allar í umsjón Guðbjargar. „Á jóladag klukkan tvö er aftur messa í Odda og á sama tíma á öðrum í jólum á Keldum,“ segir Guðbjörg. „Þetta er nokkuð þétt dagskrá. Það verður nóg að gera í helgihaldinu.“



**SÉRA GUÐBJÖRG** Tók við Oddasókn í júlí síðastliðnum.

Guðbjörg segir að kirkjustarfið sé kannski meira sýnilegt í desember en á öðrum tímum ársins. „Prestar fara og tala á samkomum, í skólum og hjá félagasamtökum og ég er þakklát fyrir að fá að taka þátt í þannig starfi,“ segir hún.

Aðspurð segist hún ekki þurfa að leggja Lúkasarguðspjallið á minnið. „Líklega kann ég jólaguðspjallið frá því í barnæsku. Það er sjálfsögðu hápunkturinn á messunni. Það er gaman að fá að takast á við að lesa það og krefjandi að flytja þessa sögu sem öllu máli skiptir. Það verður spennandi að fá að boða fagnaðarerindið nákvæmlega eins og það er,“ segir Guðbjörg.

Samveran með fjölskyldunni raskast þó lítillega vegna jólavertíðarinnar. „Við fjölskyldan borðum ásamt tengdaföður mínum heima í Odda á milli messunnar í Þykkvabæ og messunnar í Odda. Þá tökum við upp eitthvað af pökkunum og gefum börnunum sinn tíma. Það verður smá flakk á okkur,“ segir Guðbjörg. steindor@frettabladid.is

# Laganemar í öngum sínum

Laganemar á fyrsta ári í Háskóla Íslands þreyttu próf í hinni víðfrægu Almennu lögfræði á fimmtudaginn. „Almennan“, eins og hún er kölluð, er prófsteinninn á námsferli lögfræðinema og er löngu orðin alræmd fyrir erfitt námsefni og miskunnarlaus próf.

„Þetta hefur verið í svínslegri kantinum í ár,“ segir Friðrik Árni Friðriksson laganemi. „Það var mikið um andvörp og stunur í prófstofunum og margir voru hreinlega stjarfir við komuna út.“

Friðrik telur að prófið hafi verið erfiðara en undanfarin ár. „Maður mætir ekki í próf í Almennunni til að brillera, heldur reynir maður bara að troða marvaðann og halda sér á floti. Ég er ánægður með að klára þetta og þetta er þá allavega að baki eftir langar og erfiðar vikur. Maður reynir að njóta jólanna og svo kemur bara í ljós hvernig mér gekk,“ segir Friðrik.

Í fyrra féll rúmur helmingur nemenda að sögn Friðriks, en hann býst við meira falli í ár. „Það er verið að reyna að sigta út, enda óvenju margir skráðir í námskeiðið í ár. Það er gott mál að kröfur séu gerðar og það er til marks um gæði lagadeildar HÍ. En það má náttúrulega deila um hversu langt á að ganga í því,“ segir Friðrik. - sgj



**FRIÐRIK VIÐ LÆRDÓMINN** Prófleasturinn fyrir Almenna lögfræði þykir erfiðasta þolraun laganema við HÍ.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




## Gullbrúðkaup

Á jóladag 25. desember 2006 eiga gullbrúðkaup hjónin:

**Dagrún Kristjánsdóttir og Þorbjörn Gissurarson.**

Þau giftu sig í kirkjunni á Suðureyri við Súgandafjörð. Vegna ungs aldurs þurftu þau forsetaleyfi til þess.
Þau senda öllum ættingjum sínum og vinum sínar bestu jóla- og nýárskveðjur.


Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.




# Þrisvar sinnum sterkari

Þrjár af stærstu ferðaskrifstofum landsins hafa nú sameinað krafta sína undir einu móðurfélagi, Ferðaskrifstofu Íslands. Úrval-Útsýn, Plúsferðir og Sumarferðir munu starfa áfram sem sjálfstæð vörumerki með ólíkar áherslur og sérhæfingu í þjónustu.

Með sameiningunni verður til stærsta og öflugasta fyrirtæki landsins á sviði leiguflugs og skipulagðra utanlandsferða. Bókunarkerfi, reynsla og tengslanet fyrirtækjanna þriggja verða samnýtt til að bjóða upp á ennþá betri þjónustu, fjölbreyttari ferðir og betra verð. Þar með er komið stórfyrirtæki á markaðinn sem er óháð flugfélögunum og mun leiða samkeppnina með fleiri og betri valkostum.

Við óskum landsmönnum öllum gleðilegra jóla og þökkum fyrir viðskiptin á árinu. Við hlökkum til að ferðast með ykkur á nýju ári.

Starfsfólk Úrvals-Útsýnar, Plúsferða, Sumarferða og Ferðaskrifstofu Íslands.

f í
FERÐASKRIFSTOFA
ÍSLANDS

120 1886 2006

ÞEGAR AUGU ÞÍN
NEMA STAÐAR VIÐ KÚLUNA
SEM HANGIR Á ÞRIÐJU
ÞÁ MANSTU AFHVERJU DIMMDI OG

JÖRÐIN HALLAR
OG ÞANNIG FERÐAST
TEIKNAÐRI Í MYRKRIÐ

ÓFÆGÐ PERLA Í HIMINSVÖRTUM
FLÖKTANDI

# SJÓN

*F. 1962. Rithöfundur*

## VIÐ JÓLATRÉÐ

GREIN FRÁ STJÖRNU
AFHVERJU BIRTIR Á NÝ

Í SÆTI SÍNU (EINS OG HJARTAÐ)
HÚN EFTIR SPORBRAUT

LÓFA
SÓLARLOGI

ÞÁ MANSTU
AÐ SJÁLF ERTU LJÓSBERI
SEM ÞIGGUR LJÓMA SINN AF ÖÐRUM

Óskum landsmönnum
gleði og hamingju um jólin

Á hverjum hátíðisdegi býður Landsbankinn listamanni
að deila með okkur hugrenningum sínum.
Sjón á orð dagsins.

Landsbankinn
Banki allra landsmanna í 120 ár

GOTT FÓLK McCANN

# Tími fjölskyldu og fagnaðar

Í hugum margra er **Sigrún Hjálmtýsdóttir** – Diddú – órjúfanlegur hluti af jólunum enda leggja fáir jafn mikið af mörkum til að skapa jólastemningu á aðventunni og hún með söng sínum. *Bergsteinn Sigurðsson* ræddi við Diddú um sönginn, friðinn og fjölskylduna.



**DIDDÚ** „Ungt fólk er að átta sig á hvað það er sem skiptir máli, sneiðir fram hjá asanum og efnishyggjunni og leitast við að eiga notalegar stundir saman.“ FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Það er ekki jólalegt um að litast þegar blaðamaður hittir Diddú á kaffihúsi í Borgartúni, allur snjór á bak og burt og skýin liggja yfir borginni eins og grátt teppi. Jólabarnið Diddú viðurkennir að jafnvel hún eigi erfitt með að komast í jólaskapið þegar veðrið er svona. „En til þess nota ég sönginn,“ segir hún og brosir. „Ég er búin að syngja mikið þessa aðventu, fyrir utan þessa hefðbundnu tónleika ferðaðist ég líka til Ameríku og Rússlands þannig það var í nógu að snúast.“

Fyrr um daginn ætlaði hún að syngja fyrir sjúklinga á Borgarspítalanum sem eiga ekki heimangengt um jólin, eins og hún gerir á hverju ári, en nú brá svo við að söngkonan er með hálsbólgu. „Ég vona að ég geti sungið fyrir þau á morgun, það er hætt við að jólin komi bara alls ekki ef ég get ekki sungið fyrir fólkið þarna.“

### Heldur í hefðirnar

Diddú segir að jólin leiki stórt hlutverk í lífi sínu og á svo margan hátt, „Þetta er tími fagnaðar og tími fjölskyldunnar. Foreldrar mínir sungu báðir í kirkjukór þannig að jólin voru sterklega mótuð af því og tengdust alltaf söng. Og þá var alltaf snjór. Ég tengi jólin alltaf við fortíðina, ég held að flestir reyni að endurupplifa stemninguna frá æskuárunum. Það var alltaf mikið tilstand á heimilinu.Við erum sjö systkinin og það var erill á þessum árstíma, við föndruðum mikið og bökuðum, fólk hafði meiri tíma þá en núna. Maður reynir líka að halda í hefðirnar; ég man að ég var dálítið stressuð þegar ég hélt fyrstu jólin með manni og börnum, þar sem við vorum að búa til okkar jól. Allir leitast við að halda í sínar hefðir og þá þarf að gera málamiðlanir en þannig ganga siðirnir í arf milli kynslóða.“

### Afslöppuð á aðventunni

Snjór skiptir Diddú miklu máli á jólum. „Mér finnst það alltaf vera friðarjól ef það er dúnmjúkur, þykkur snjór yfir öllu, fólk róast við það. Mér finnst mikilvægt að finna frið og geta lagst í notalegheit. Kirkjan skiptir mig líka miklu máli. Ég hef ekki sungið á aðfangadag lengi því í mínum huga er hann heilagur.“ Í ár ætlar hún reyndar að bregða út af venjunni. „Ég áttaði mig að yngsta dóttir mín níu ára, hefur aldrei heyrt mig syngja í messu á aðfangadag þannig ég ætla að bæta úr því í dag. Ég er trúuð og fæ mikið úr því að fara í kirkju, ég held að enginn syngi trúlaus.“

Aðventan er alltaf annasöm hjá Diddú en hún segist þó alltaf geta slakað vel á. „Í fyrsta lagi þá syngur maður ekki stressaður og ég er mjög afslöppuð gagnvart jólaundirbúningnum, er jafnvel búin að kaupa jólagjafirnar í janúar og þá er það frá. Ég er heldur ekki að gefa út plötu í ár eins og svo oft áður þannig ég þarf ekkert að stússast í neinu slíku. Undanfarin tvö ár hefur reyndar verið það mikið að gera að ég hef ekki haft tök á að senda jólakort en sendi bara jólakveðju í útvarpinu í staðinn.“

### Það sem máli skiptir

Diddú segir vissulega verða þess vör að stressið gagnvart jólaundirbúningnum sé mikið. „Mér fannst svolítið sorglegt að sjá verslanir auglýsa jólavarning í október. Það er verið að æsa fólk upp í eitthvað á meðan við eigum enn að vera í villibráðinni og þvíumlíku. Mér finnst jólin og allt þeim tengt byrja á fyrsta í aðventu. Margir fara á span alltof snemma og hlaupa eftir einhverju sem er ekki og skilur ekkert eftir.“

Hún man reyndar eftir einni jólahátíð þar sem stressið keyrði um þverbak hjá henni sjálfri. „Fyrir utan jólaundirbúninginn og alla hefðbundnu jólatónleikana var ég að æfa fyrir Íslensku óperuna sem átti að frumsýna annan í jólum. Á aðfangadag var ég svo yfirbuguð af þreytu að ég hreinlega grét ofan í pottana. Það var óskemmtileg reynsla, ekki síst því ég var með tengdaforeldrana í heimsókn. Kannski upplifa sífellt fleiri eitthvað svipað, sem væri sorglegt. En mér finnst vera vakning; ungt fólk er að átta sig á hvað það er sem skiptir máli, sneiðir fram hjá asanum og efnishyggjunni og leitast við að eiga notalegar stundir saman.“

### Söngur er líknandi

Það eru algjör forréttindi að vera söngvari, segir Diddú, sérstaklega á jólum. „Hvort sem það er á gleði- eða sorgarstundu er alltaf beðið um söng því hann er líknandi, bæði í sorg og í gleði. Mannsröddin er gædd einhverri kynngi sem getur hreyft við fólki og vakið upp tilfinningar. Þetta eru ósýnilegir straumar sem fara til fólks, jafnvel inn í það og hreyfa við því svo úr getur orðið mikil upplifun. Það er yndisleg tilfinning þegar maður finnur fyrir því gerast.

Mér finnst gaman að syngja jólalög. Við erum svo heppin að þetta eru svo fallegir söngvar – bæði sálmarnir og lögin sem hafa verið samin fyrir þetta tilefni. Tónskáldin sækja greinilega djúpt í hjartað. Að heyra ákveðna rödd getur fært mann nær jólunum, á mínu heimili hlustum við alltaf á Mahaliu Jackson syngja inn jólin. Og svo eru sálmar eins og Hin fegursta rósin er fundin, Heims um ból og Nóttin var sú ágæt ein sem fá mann alltaf til að klökkna.“

> Mannsröddin er gædd einhverri kynngi sem getur hreyft við fólki og vakið upp tilfinningar. Þetta eru ósýnilegir straumar sem fara til fólks, jafnvel inn í það og hreyfa við því svo úr getur orðið mikil upplifun.

### Fær orku í Mosfellsdalnum

Þótt söngurinn gefi Diddú mikið krefst hann líka mikillar orku, enda kemur hún jafnvel fram daglega þegar líða tekur á aðventuna. Sjálf sækir hún orkuna á heimilið í Mosfellsdalnum. „Við erum svo heppin að sjá ekki til borgarinnar héðan þannig að við losnum alveg við erilinn sem fylgir henni. Það er mikill munaður.“

Diddú hefur haldið jól að heiman en játar að sér þyki það ekki eftirsóknarvert. „Ég hef búið bæði á Englandi og Ítalíu og jólahaldið þar er allt annars eðlis, bæði jólahátíðin og undirbúningurinn því þar miðast jólin nánast eingöngu við jóladag. Mér finnst það svo ósanngjarnt, þrír dagar eru í rauninni ekki nóg. Stundum eru við á Íslandi þó heppin þegar það eru bröndujól, það eru algjör forréttindi. En mér finnst eitthvað vanta ef ég er að heiman á jólum; það vantar þetta gat í árið sem brýtur það upp, eins og maður hafi slegið vindhögg.“

### Dúllar við matargerð

Aðfangadagur gengur yfirleitt eins fyrir sig hjá Diddú. „Ég reyni alltaf að vera búin að taka aðeins til, þótt ég sé ekki í neinum stórhreingerningnum. Það er alltaf gaman að vera heima og dúlla við matargerðina fram eftir degi, ég er algjör jóladúlla. Stundum stelst ég til að fá mér smá portvín um daginn en sleppi því núna vegna þess að ég er að fara að syngja. Svo kemur fólk yfir daginn með pakka og kort og rekur kannski nefið inn, gestagangurinn er svo notalegur.“ Þar sem Diddú ætlar að syngja í messu í dag verður borðhaldið á heimilinu klukkustund seinna á ferðinni en venjulega. „En það er allt í lagi. Þegar klukkkurnar byrja að hringja veit ég að jólin eru komin.“ ■


Gleðileg jól!
Við óskum viðskiptavinum okkar og öllum landsmönnum gleðilegrar jólahátíðar með ósk um gæfu og gott gengi á komandi ári. Bestu þakkir fyrir samskiptin á árinu sem er að líða.
Starfsfólk SPRON
spron



**TRÚIR Á ÁLFA** Florence Helga er hálfíslensk og hefur verið hrifin af álfum og álfasögum frá barnæsku. Nú hefur hún myndskreytt bók með álfasögum Jóns Árnasonar en Anna Kristín Ásbjörnsdóttir endursagði sögurnar.



**BANKAÐ UPP Á** Álfkona hefur hér bankað upp á í mannheimum og spjallar við ungan mann.

# Heilluð af álfum

**Florence Helga Thibault** er hálfíslensk og hálffrönsk en hefur búið í París alla sína ævi. Hún hefur komið til Íslands á hverju sumri og heillaðist af álfasögunum sem móðir hennar og amma sögðu henni. Nú hefur hún gefið út bókina Álfasögur Jóns Árnasonar, ásamt Önnu Kristínu Ásbjörnsdóttur, sem endursagði sögurnar en Florence Helga myndskreytti.

Þegar ég var lítil sögðu mamma og amma mér svo margar sögur af álfum sem ég heillaðist algjörlega af,“ segir Florence Helga, sem á íslenska móður en franskan föður. „Það sem heillaði mig sérstaklega við álfana var að sögur þeirra minna helst á ævintýri. Þeir birtast í draumum og hjálpa mannfólkinu og það er mjög áhugavert,“ segir Florence Helga og heldur áfram: „Mennirnir hjálpa álfunum oft líka þrátt fyrir að geta ekki séð þá. Mér finnst álfasögurnar alveg frábærar fyrir hugmyndaflugið enda búa álfarnir úti í sveit og sögurnar eru mjög margvíslegar.“ Florence Helga minnir á að álfarnir séu ekki alltaf góðir við mennina því þeir geti líka verið ruddalegir. „Amma mín sá ýmislegt í draumum en það er ættgengt,“ segir hún og játar því að stundum sjái hún hluti líka sem aðrir sjá ekki og bætir því við að hún trúi sjálf á álfa. Florence tileinkar einmitt bókina Gígju ömmu sinni, sem er nýlátin.

**Íslendingur í hjartanu**

Þrátt fyrir að hafa aldrei búið á Íslandi þá hefur Florence Helga komið hingað til lands á hverju ári frá því hún fæddist enda á hún alla móðurættina hér. „Mig langar mikið til að búa einhvern tíma á Íslandi en það er dálítið erfitt af því maðurinn minn er franskur. Það er samt aldrei að vita ef hann fengi góða vinnu,“ segir Florence Helga og bætir því við að í hjarta sínu líði henni meira eins og Íslendingi en Frakka.

Florence Helga segist halda í íslenskar hefðir varðandi jólahaldið enda finnist henni íslensk jól mun meira spennandi en frönsk. „Íslensk jól eru allt öðruvísi en hjá Frökkum. Í Frakklandi er ekki eins mikið skreytt og mér finnst líka að trúin gleymist því allt sem fólk hugsar um eru gjafir og kjöt. Mér finnst að trúin eigi að spila þar stærra hlutverk. Fólk fer ekki mikið í kirkju eða hlustar á jólalög og sálma,“ segir hún en telur það þó eitthvað vera að breytast.





**ÁLFKONA Í BARNSNAUÐ** Bókin er fagurlega myndskreytt af Florence Helgu og á eflaust eftir að verða vinsæl á mörgum heimilum í framtíðinni.



**ÁLFARNIR Í DRANGEY** Þessa mynd teiknaði Florence Helga við söguna um álfana í Drangey í Skagafirði.



**MÆTA TIL MESSU** Kirkjan er í aðalhlutverki á þessari mynd en þangað streymir fólk og álfar.



**VITJA FÓLKS Í DRAUMI** Álfar vitja fólks gjarnan í draumum og koma skilaboðum á framfæri.



**FRÍÐUR FLOKKUR** Skemmtileg mynd þar sem gætt er að smáatriðunum. Florence sýnir meira að segja hvað kötturinn er að hugsa.



**TÖFRATEPPI** Álfar þeysast hér um hafið á töfrateppinu sínu innan um fiskana.

*Starfsfólk Alcan á Íslandi óskar landsmönnum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.*

ALCAN

# Þjóðtrú á íslenskum jólum

Í **Sögu daganna** eftir Árna Björnsson er ýmis fróðleikur um trú og siði tengda íslensku jólunum í aldanna rás. *Hanna Björk Valsdóttir* tók saman þá helstu.



Mikil þjóðtrú tengist jólum og jólaföstu í miðju íslensku skammdegi. Jólin eiga sér á norðurslóðum æviforna sögu tengda vetrarsólhvörfum. Frá alda öðli hafa flestar þjóðir á norðurhveli jarðar haldið mikla hátíð í kringum vetrarsólhvörfin og nefndist þessi hátíð jól löngu fyrir kristnitöku. Hvort sem það var skammdegið eða hin rísandi sól voru vetrarsólhvörfin sjálf tilefni hátíðarhaldanna. Þegar kristni barst til Íslands var fæðingarhátíð Krists fyrir löngu komin í fastar tímaskorður innan Rómarkirkjunnar og norrænu jólin féllu saman við kristna hátíð.

## JÓL

Jól hefjast nú aðfarakvöld 25. desember. Nafnið er norrænt en frummerking þess óljós. Á Norðurlöndum hefur norræna nafnið haldist en annars staðar tengist nafnið kristnihátíð, Christmas er á ensku Krists messa. Ekki er vitað nákvæmlega hvenær jól voru haldin í heiðnum sið en sennilega með fullu tungli í skammdeginu. Ekki vita menn heldur hvernig þau voru haldin nema að þau voru „drukkin“ með matar- og ölveislum.

## ÞORLÁKSMESSA

23. desember árið 1193 andaðist Þorlákur Þórhallsson Skálholtsbiskup og var á Alþingi sumarið



1199 stofnuð Þorláksmessa á andlátsdegi hans. Þorláksmessan varð lífseig og veldur þar nálægð jóla. Þá var soðið hangikjöt til jólanna og víða smakkað á því um leið. Almennari varð þó sá siður að að hafa fiskmeti, skötu eða soðinn harðfisk á borðum á Þorláksmessu.



## SKATA

Í upphafi skýrist skötuát einfaldlega að því að ómerkilegur hversdagsmatur var borðaður rétt fyrir stórhátíðina, en í fiskátinu kynni einnig að gæta leifa af katólskri jólaföstu eða sérstakri Þorláksmessuföstu. Á 20. öld hafa Vestfirðingar haldið tryggð við kæsta skötu sem Þorláksmessumat og hefur sá siður breiðst út á síðustu áratugum, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu. Í áratugi hefur skata og mörflot verið sérstaklega á boðstólum fyrir þann dag í fiskbúðum og á síðari áratugum hafa nokkur veitingahús einnig haft skötu sem aðalrétt á Þorláksmessu.

## AÐFANGADAGSKVÖLD

Helgi aðfangadagskvölds á rót sína í vöku sem almenn var kvöldið fyrir katólskar stórhátíðir enda var oft talið að sólarhringurinn byrjaði á miðjum aftni klukkan sex.

## GRÝLA

Skammdegið er sá partur ársins sem dregið hefur til sín flestar þjóðtrúarhugmyndir. Draugar



koma helst við sögu um jólaleytið í Íslendingasögum og þá var hættast við að allskyns illþýði væri á ferli. Frægasti óvætturinn telst Grýla, hún er þekkt sem flagð frá 13. öld og er á 17.-18. öld barnaæta tengd jólunum. Frá 17. öld eru varðveitt fjölmörg Grýlukvæði og þulur. Eftirlætismatur Grýlu er kjöt af óþægum börnum. Þessi óvættur á sér margar samsvaranir víða í Evrópu en fáar eru samt eins ógnvekjandi og Grýla. Ljóst er að Grýla hefur gegnt miklu hlutverki við að temja börn og ala upp því hún fær aldrei góð börn.

## 13 JÓLASVEINAR

Jólasveinarnir þrettám eru eina séríslenska jólafyrirbærið sem finnst ekki annars staðar í heiminum. Fyrst fréttist af jólasveinum á 17. öld sem afkvæmi Grýlu og miklu illþýði. Þeir taka nokkuð að mildast á 19. öld, þótt bæði séu þeir þjófóttir og hrekkjóttir, og koma þá ýmist af fjöllum eða af hafi. Seint á 19. öld tekur eðli jólasveina og útlit að blandast dönskum jólanissum annars vegar en evrópskum og amerískum jólakarli hins vegar. Um 1930 verður sú aðlögun að jólasveinarnir koma fram í rauðum alþjóðaklæðnaði og verða gjafmildir, en halda íslenskum sérnöfnum og fjölda. Smám saman fá þeir meiri svip af útlenskum jólasveini hvað snertir útlit, klæðaburð og innræti. Ímynd góða jólasveinsins með gjafirnar náði fljótt nokkurri fótfestu, jólasveinar verða vinir barnanna og færa þeim gjafir, syngja fyrir þau og segja sögur. Verslanir munu ekki síst hafa stuðlað að þessari þróun með því að nota jólasveina í búðargluggum. Fyrsta íslenska blaðaauglýsingin sem fundist hefur með jólasveini birtist í Morgunblaðinu 21. desember 1924.



## AÐ GEFA Í SKÓINN

Um miðja 20. öld fóru jólasveinarnir að gefa börnum í skóinn að norðurevrópskum sið sem barst hingað til lands með sjómönnum.

## JÓLAGJAFIR

Jólagjafir í nútímaskilningi eru ekki nema rúmlega hundrað ára gamall siður meðal almennings á Íslandi og tíðkuðust ekki hérlendis fyrr en seint á 19. öld. Hins vegar fékk vinnufólk og heimilismenn eitthvað klæðakyns fyrir jólin sem eins konar jólauppbót. Tengdar því eru sagnir um jólaköttinn. Íslendingar hafa jafnan afhent jólagjafir sínar á aðfangadagskvöld, áður fékk fólk jólaskó og kerti á því kvöldi. Sá háttur er líka ráðandi annars staðar á Norðurlöndum og víðast í Mið-Evrópu.

## JÓLAKÖTTUR

Gjöfum og öðrum jólaglaðningi fylgdi óvættur sem illa hefur gengið að henda reiður á. Jólakötturinn er rammíslenskt fyrirbæri en á sér ættingja í nautslíki við Eystrasalt og annan af geitarkyni í Noregi. Jólakötturinn gerði engum mein sem eignuðust einhverja nýja flík til að fara í á aðfangadagskvöld en þeir sem enga flík fengu „fóru allir í jólaköttinn“. Fyrstu heimildir um jólaköttinn eru frá 1864.

## KERTI OG SPIL

Snemma á 19. öld var orðinn almennur siður að gefa hverju barni kerti á jólunum og jafnvel öllu heimilisfólkinu. Kertin voru gerð úr tólg og því alldýr enda helst notuð í kirkjum.

## JÓLATRÉ

Jólatréð hefur í heila öld verið eitt helsta tákn jólanna um heim allan en það er þó tiltölulega nýtt af nálinni í núverandi mynd. Jólatré breiddust upphaflega út frá Þýskalandi. Einstaka grenitré tók að berast til Íslands á síðara hluta 19. aldar en slík jólatré urðu ekki algeng fyrr en um síðari heimsstyrjöld. Þangað til var hérlendis oftast notast við heimasmíðuð tré.

## JÓLATRÉSSKEMMTANIR

Jólaböll fyrir börn urðu algengur siður. Í blaðinu Þjóðólfi er sagt frá Jólatrésskemmtun sem Thorvaldssen félagið hélt fyrir rúmlega hundrað fátæk börn á sjúkrahúsinu í Reykjavík 28. desember árið 1876.

## HANGIKJÖT

Hangiket var lengst af aðalhátíðarmaturinn en algengast var að borða hann ekki fyrr en á jóladag. Annað góðgæti var það sem er kallað gamall íslenskur matur eða þorramatur. Pottbrauð eða flatbrauðskaka með smjöri og osti var haft með.

## SVÍNASTEIK

Svínasteikur og hamborgarhryggir um jólin koma frá dönskum hefðum. Kannski tengist það heiðnum sið að slátra svíni fyrir jólin.

## RJÚPUR

Rjúpur sem nú á dögum þykja sælgæti á jólaborði voru áður sumstaðar hafðar í jólamat og einna helst meðal fátækara fólks sem ekki hafði efni á að slátra neinum grip til jólanna.

## LAUFABRAUÐ

Laufabrauðið er eitt af sérkennum jólahalds á Íslandi. Víða í Evrópu voru og eru til skrautlegar hátíðarkökur en þær eru mun matarmeiri en laufabrauðið. Laufabrauðið virðist hafa verið útbreitt um allt land en einkum fyrir norðan eftir miðja 19. öld.



## SMÁKÖKUR

Snemma á 20. öld hefst kökugerð í stórum stíl til jóla og yfirgnæfði sjálfan jólamatinn, en hefur nú látið undan síga fyrir fjölbreyttara veislufæði. Upp úr 1920 höfðu menn eignast eldavélar með bakaraofni og auðveldara var að baka smákökur og tertur. Flæddi þessi tíska yfir landið í nokkra áratugi og það var metnaðarmál húsmæðra að eiga sem fjölbreyttastar kökutegundir.

## GLEÐILEG JÓL!

Elsta íslenska jólakveðja sem fundist hefur í bréfi er frá 1667 og segir: „Með ósk gleðilegra jóla, farsællegs nýja árs, og allra góða heillastunda í Vors Herra nafni Amen.“ Fyrsta jóla- og nýárskortið í heiminum var gefið út í Englandi 1843, þrem árum eftir að frímerkið var fundið upp. Sending jólakorta breiddist hratt út í Evrópu og Norður-Ameríku á 19. öld. Um jólin 1932 byrjaði Ríkisútvarpið að senda jóla- og nýárskveðjur og voru þær einkum til sjómanna í fyrstu.

## JÓLAHVÍLD

Jóladagur og aðfangadagskvöld eru nú einn almennasti hátíðis- og hvíldartími á Íslandi. Öll atvinnustarfsemi liggur niðri nema nauðsynleg sé, ferðalög eru með minnsta móti þessa daga og engar samkomur utan kirkju aðrar en í heimahúsum. Nú er almennastur sá siður að á jóladag og annan í jólum komi saman stórfjölskyldan en aðfangadagskvöldið sé helgað sjálfri kjarnafjölskyldunni og nánustu gestum hennar.

*Heimildir: Saga daganna eftir Árna Björnsson*

Starfsfólk KB banka óskar þér og þínum

gleðilegrar hátíðar



Við þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða

ENNEMM / SÍA / NM25234

KB BANKI




# Sandalarnir hans José

Jólasaga eftir Paulo Coelho, byggð á sögu eftir François Coppée sem skrifuð var árið 1903.

## Paulo Coelho

Brasilíski rithöfundurinn Paulo Coelho er fæddur árið 1947 er einn vinsælasti og áhrifamesti rithöfundur sinnar samtíðar. Bækur hans hafa verið þýddar á meira en 56 tungumál og hafa verið á metsölulistum víða um heim. Þekktasta verk hans er líklega Alkemistinn þó margar bækur hans aðrar hafi náð tali. Coelho hefur ákveðið að gefa lesendum sínum þessa jólasögu og birtist hún í helstu dagblöðum víða um heim – þar með í Fréttablaðinu með góðfúslegu leyfi.


FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fyrir löngu, fyrir svo mörgum árum að engin leið er að muna lengur nákvæmlega hvenær, bjó í þorpi í sunnanverðri Brasilíu lítill sjö ára drengur sem hét José. Þegar hann var mjög, mjög ungur missti hann foreldra sína og var ættleiddur af nískri frænku sinni. Þó hún ætti nóg af peningum eyddi hún varla krónu í frænda sinn. José, sem aldrei hafði kynnst ást og kærleika, hélt að svona væri lífið einfaldlega og því var honum alveg sama.

Þau bjuggu í mjög auðugu og fínu hverfi en frænkan taldi yfirkennarann á að taka við frænda sínum fyrir einungis einn tíunda eðlilegra kennslugjalda. Hún hótaði svo að hún myndi kvarta til lögreglustjórans ef hann neitaði því. Yfirkennarinn átti engan annan kost en að samþykkja en skipaði kennurunum þess í stað að nota hvert tækifæri til að niðurlægja José í þeirri von að hann missti stjórn á sér og gerði þá eitthvað sem gæti reynst afsökun fyrir því að hægt væri að reka hann úr skólanum. José, sem aldrei hafði kynnst ást og kærleika, taldi að svona væri þetta einfaldlega og þess vegna var honum alveg sama.



Aðfangadagskvöld nálgaðist. Hverfispresturinn var í fríi og því þurftu nemendurnir að fara til kirkju í öðru hverfi. Stúlkurnar og piltarnir gengu saman og ræddu um hvað jólasveinninn myndi færa þeim, setja við skóinn sem þau höfðu komið fyrir við útidyrnar: Hátískuföt, dýr leikföng, sælgæti, hjólabretti og/eða reiðhjól? Þar sem þetta var hátíðardagur voru þau öll í sparifötum fyrir utan José, sem var í sínum venjulegu lörfum og gekk á sínum gömlu gatslitnu sandölum sem voru nokkrum númerum of litlir. (Frænka hans hafði gefið José sandalana þegar hann var fjögurra ára og sagði þá að hann fengi nýja þegar hann væri orðinn tíu ára gamall.) Nokkur barnanna spurðu af hverju hann væri svona fátækur og sögðust skammast sín fyrir að eiga vin sem væri svona druslulegur til fara. Þar sem José hafði aldrei kynnst ást og kærleika þá skiptu spurningar barnanna og athugasemdir hann engu máli.

Hins vegar, þegar þau fóru inn í kirkjuna og hann heyrði orgelleikinn og sá björt ljósin og fólkið sem þarna var komið saman, söfnuðinn, í sínu fínasta jólapússi, sá fjölskyldurnar saman komnar, foreldra faðma börnin sín, fannst José hann vera aumastur allra. Eftir messu þá, í stað þess að ganga heim á leið, settist hann niður á kirkjutröppurnar og byrjaði að gráta. Hann hafði kannski aldrei kynnst ást og kærleika en það var ekki fyrr en þarna og þá sem hann skildi hvernig það var að vera einn, umkomulaus og yfirgefinn af öllum.

Þá tók José eftir því að hjá honum stóð lítill drengur, berfættur og greinilega eins fátækur og hann sjálfur. Hann hafði aldrei séð drenginn áður og taldi því að hann væri langt að kominn. Hefði gengið lengi til að komast til kirkju. José hugsaði:

Fætur hans hljóta að vera mjög aumir. Ég ætla að gefa honum annan sandalann minn. Það mun í það minnsta verða til að draga úr sársaukanum á öðrum fæti hans.

Þó að José hefði aldrei kynnst ást og kærleika, þá þekkti hann þjáninguna og vildi ekki að aðrir upplifðu hana einnig.

Hann gaf drengnum annan sandala sinn og sneri heim á leið. Á aðeins einum sandala. Hann bar sandalann fyrst á hægri fæti og þá á þeim vinstri. Svo hann myndi ekki skráma iljar sínar of illa á steinunum sem voru í götunni. Þegar José kom heim tók frænka hans strax eftir því að hann var aðeins á einum sandala og sagði honum að ef hann myndi ekki finna hinn sandalann strax næsta dag yrði honum refsað grimmilega.

José fór í rúmið sitt mjög hræddur því hann þekkti vel refsingar frænku sinnar. Hann lá alla nóttina og skalf af ótta, náði varla að sofa dúr, en þá, þegar hann var við það að festa blund, heyrði hann háværar raddir við útidyrnar. Frænka hans kom æðandi inn og krafðist þess að fá að vita hvað gengi á. José var enn syfjaður, enda hafði hann varla sofið neitt svo heitið geti, en fór fram til að hitta þá sem voru komnir að húsinu. Og á útidyratröppunum sá hann sandalann sem hann hafði gefið litla drengnum. Allt um kring voru dýrindis gjafir: leikföng, reiðhjól, hjólabretti og föt. Nágrannarnir voru þar einnig, hrópuðu og kölluðu, héldu því fram að börn sín hefðu verið rænd. Því þegar þau vöknuðu voru engin leikföng við skó þeirra. Engin.





Þá kom presturinn sem hafði þjónað fyrir altari við messuna sem þau höfðu farið í daginn áður og náði vart andanum: Á kirkjutröppunum hafði Jesúbarnið birst, bar gullklæði en var aðeins í einum sandala. Þögn féll á mannskapinn, allir viðstaddir lofuðu Guð og kraftaverk hans, frænkan felldi tár og baðst fyrirgefningar. Og hjarta José fylltist orku, hann skildi loks hvað ást og kærleikur er.

*(Þýðing: Jakob Bjarnar Grétarsson. Byggt á enskri þýðingu Margret Jull Costa úr portúgölsku. Myndskreyting Steingrímur Eyfjörð.)*

Þökkum fyrir MAX góðar viðtökur

# MAX Gleðileg Jól

# OPIÐ FRÁ 8-12

Í DAG - AÐFANGADAG



**14.999 kr.**

**Nokia 5140i**
- GSM sími með GPRS
- Styður EDGE gagnaflutning
- MMS, SMS og E-mail
- 640x480 punkta VGA myndavél
- LiIon rafhlaða - 150-300 klst. biðtími
- Tengist með USB eða innrauðu tengi
- Innbyggður stafrænn áttaviti
- GPS staðsetningartæki fáanlegt sem aukabúnaður

almennt verð 17.990



**5.999 kr.**

**SanDisk m230**
- Sansa m230 MP3 spilari
- 512MB minni
- Baklýstur skjár
- Spilar MP3 og WMA
- Diktafónn
- USB 2.0

almennt verð 7.999

512MB

**14.999 kr.**



**Olympus FE170**
- Stafræn myndavél
- 2.5" LCD skjár
- 6 Megapixel upplausn
- 3x aðdráttur á linsu - 4.0x stafrænn
- Hreyfimyndataka
- 10 MB innra minni og rauf fyrir xD kort
- USB tenging við tölvu

almennt verð 15.999



**4.999 kr.**

**Exido 246015**
- 500w blandari - stál
- 2 hraðastillingar og púls
- Með glerkönnu
- Með öryggisrofa

almennt verð 5.999



**5.999 kr.**

**Philips HR1821**
- Vönduð 220w safapressa
- Tvöfallt öryggiskerfi
- Pressar safa úr öllum gerðum ávaxta eða grænmetis

almennt verð 6.999

TÓNLIST • DVD MYNDIR • TÖLVULEIKIR

LágMAXverð

Við erum beint á móti IKEA

MAX RAFTÆKI

MAX / Kauptúni 1 / 210 Garðabæ / Sími 412 2200

## Steindór Sigurgeirsson og fjölskylda:

# Jólamáltíðin úti í garði



**BÚA Í HONG KONG** Hulda, Starri, Steindór og Freyja hafa búið í Kína í tæp sex ár og halda þar jólin í ár en fá til sín góða gesti á aðfangadag.

Steindór og fjölskylda hans búa í Hong Kong og halda jólin þar eins og undanfarin ár en þar hafa þau búið vel á sjötta ár. Þeim þykir sumartíminn betri til að heimsækja Ísland en taka á móti vinum og ættingjum á heimili sínu á aðfangadag jóla.

Steindór er framkvæmdastjóri og einn af eigendum Nautilus Holdings ltd. sem sérhæfir sig í fjárfestingum í sjávarútvegsgeiranum. Hulda, konan hans, er ljósmóðir og rekur sitt eigið fyrirtæki með þjónustu fyrir verðandi og nýbakaðar mæður. Þau eiga börnin Starra, 9 ára, og Freyju, 8 ára.

„Jólin í Hong Kong eru auðvitað að mörgu leyti frábrugðin því sem gerist á Íslandi. Hér er mikil samsuða trúarbragða og þjóðerna svo í raun eru stórviðburðir helstu trúarbragða frídagar hjá okkur, hvort sem um er að ræða kristna, múslima eða búdda,“ segir Steindór og bætir því við að flestir virðist nýta sér jólin til að gera sér glaðan dag óháð trúarbrögðum, enda sé þar lögbundið frí bæði á jóladag og annan í jólum.

„IKEA er gjarna sá staður sem við sækjum nauðsynjar til jólanna, þar fáum við jólatré, skreytingar, síld, piparkökur og rækjur, en við höfum reyndar ekki viðhaldið þeim sið að baka ómælt magn af smákökum fyrir jólin, enda einhvern veginn ekki nógu kalt hér til að njóta sykursjokksins sem fylgir góðri smáköku og bolla af kakói,“ segir Steindór og viðurkennir að „Þær passa eiginlega ekki inn í umhverfið. Nóa konfekt fáum við þó alltaf sent frá Íslandi með jólapökkunum, en það skipar svo sterkan sess í jólastemningunni að þó tertur og kökur vanti, þá heldur Nói gamli velli.“

Steindór segir jólahaldið ósköp rjómahnallþórur hljóti sömu örlög. íslenskt í ár og þá sérstaklega aðfangadagskvöld. „Við fáum rjúpur sendar frá Íslandi þetta árið, en aðalréttur jólanna verður kalkúnn, nú sem síðustu ár. Í gegnum netið hlustum við yfirleitt á jólakveðjur Ríkisútvarpsins á Þorláksmessu, en sökum tímamismunar er morgunútvarpið og fram að hádegisfréttum sá tími sem við náum frá Íslandi, enda klukkan orðin 4 síðdegis hér þegar fólk vaknar á Íslandi.“

Tíðarfarið á þessum árstíma sem telst vetur í Kína er yfirleitt gott að sögn Steindórs. „Hitastigið er í kringum 20 stig og sólríkt svo við munum borða jólamáltíðina úti í garði. Það verður gestkvæmt þessi jólin hjá okkur, en á aðfangadag verðum við með sex íslenska gesti í mat hjá okkur. Hluti af þeim er systkinahópur Huldu, konunnar minnar, sem flest búa hér og nokkrir vinir að auki sem flugu hingað niður eftir yfir hátíðarnar.“

# JÓL AÐ HEIMAN

Ekki eru allir Íslendingar hér á landi um jól og áramót, og halda hátíðina utan landsteinanna. *Sigríður Hjálmarsdóttir* hafði samband við fólk sem heldur jólin í ár á fjarlægum slóðum.



**Í FÆÐINGARBORG FRELSARANS** Sveinn Rúnar Hauksson ætlar að vera í Betlehem fram á jólanóttina ásamt dóttur sinni, Kristínu.

## Feðginin Sveinn Rúnar og Kristín:

# Í Betlehem um jólin

Sveinn Rúnar Hauksson, læknir og formaður félagsins Ísland-Palestína, ætlar að eyða jólunum í Palestínu ásamt yngstu dóttur sinni, Kristínu, sem er fimmtán ára.

„Það er liðið um það bil ár síðan ég var síðast í Palestínu en ég hef aldrei verið þar á jólum. Það varð því úr að ég og yngsta dóttir mín, sem er fimmtán ára, mín færum þangað núna og yrðum yfir jólin,“ segir Sveinn en þau feðginin munu halda til í Jerúsalem. „Á aðfangadagskvöld ætlum við til Betlehem og vera þar eitthvað fram á jólanótt,“ bætir hann við.

Spurður hvort það séu yfirleitt margir í Betlehem yfir jólin segir Sveinn: „Það var þannig hér áður fyrr en ég er hræddur um að það sé ákaflega lítið núna því hernámið hefur algjörlega eyðilagt fyrir ferðamannaþjónustunni. Það er því sáralítið um ferðamenn, sérstaklega á Vesturbakkanum, miðað við það sem var. Ísraelsstjórn bannar ferðir útlendinga og raunar líka Ísraela um Vesturbakkann, þó menn komist nú þangað,“ segir Sveinn og bætir því við að mikill múr umlyki nú Betlehem. „Það er háð hernámsyfirvöldum hvort hliðið inn í Betlehem verður opið eða ekki þannig að það er ekkert víst að við komumst inn í borgina. Ég reikna samt með því og vona að það gangi.“

Sveinn sér fyrir sér að jólin verið hátíðleg í Betlehem. „Ég reikna með að það verði mikil upplifun að vera á þessum helga stað á jólanóttina. Stað sem maður hefur heyrt svo mikið um allt frá blautu barnsbeini og alist upp við trúna á Jesú og fæðingu hans í Betlehem. Þannig að þetta verður vonandi bara yndislegt.“

Spurður hvort þau sakni þess ekkert að vera heima yfir jólin segir Sveinn að það sé nú alltaf hægt að velta sér upp úr því ef maður vill. „Ég verð til dæmis ekki hjá fyrsta barnabarninu um jólin en það fæddist á þessu ári og svona en við erum búin að fá okkar litlu jól með fjölskyldunni og verðum í huganum með þeim, eins og þau með okkur,“ segir Sveinn.

## Beggi og Pacas:

# Hlaðborð af krásum

Parið Guðbergur Þór Garðarsson og Inácio Pacas da Silva Filho, sem jafnan eru kallaðir Beggi og Pacas, ætla að vera í Brasilíu um jólin ásamt börnunum sínum.

„Pacas á börn í Brasilíu og við ætlum að vera hjá þeim um jólin,“ segir Beggi og bætir við að þeir ætli að hafa brasilísk jól í ár. „Við verðum með börnunum mínum og börnunum hans en það sem er líklega mest öðruvísi við þessi jól er að það er meiri hiti og annað andrúmsloft,“ bætir Beggi við en segir Pacas mun betur til þess fallinn að segja frá jólahefðunum í Brasilíu því hann er fæddur og uppalinn þar í landi.

Pacas segir jólin hefjast á hádegi á jóladag í Brasilíu og yfirleitt sé þá hlaðborð af jólakrásum. „Samkvæmt hefðinni verðum við með jólakalkún auk ýmiss konar meðlætis og drykkja. Stundum hef ég farið í miðnæturmessu með ömmu minni en annars bara slakað á yfir drykk með fjölskyldunni,“ segir hann en jólin munu þeir félagarnir halda hjá systkinum Pacas í Arares.

Börn Pacas eru sextán og sautján ára en börnin hans Begga eru sjö og fjórtán ára þannig að tími er kominn til að þau hittist, að þeirra mati. „Við ætlum að kíkja á ströndina en þar verða allir að vera í hvítum fötum á jólunum,“ segir Pacas og bætir því við að í Brasilíu sé ekki eytt eins miklum pening fyrir jólin og hér á landi.

„Jólin í Brasilíu eru ekki sérstaklega hátíð barnanna en þó fá þau einn pakka frá jólasveininum að morgni jóladags. Þann pakka finna þau undir rúminu sínu þegar þau vakna,“ segir Pacas.

Pacas segist hafa steingleymt að taka með hangikjöt og laufabrauð til Brasilíu en það komi þó ekki að sök því það verði svo mikið af kjöti og krægsingum þar hvort eð er. „Jólin eru löng hátíð í Brasilíu en þar er etið og drukkið í marga daga í um 40 gráðu hita,“ segir Pacas og óskar gleðilegra jóla.



**BÖRNIN HITTAST** Beggi og Pacas ætla að leyfa börnum hvor annars að hittast í Brasilíu um jólin sem verða þeim eflaust öllum mjög eftirminnileg.

## ÉG KEMST Í HÁTÍÐARSKAP
Jólin eru hátíð bókanna ekki síður en barnanna og eflaust leggjast margir á meltuna í kvöld með góða bók í hendi.
JÓLIN KOMA 3






## GAMAN AÐ VERA PRESTUR UM JÓL
Séra Arna Ýrr Sigurðardóttir segir starf prestsins fjölbreytt og skemmtilegt.
ATVINNA 6






## ALLT HITT

[ JÓLIN KOMA TÍSKA ]

**Heilagur Nikulás** hefur sent frá sér fréttatilkynningu þar sem hann biður börn að örvænta ekki. Þrátt fyrir slæmt veður mun hann afhenda alla pakka á réttum tíma, þökk sé Rúdólfi og rauða nefinu hans.



**Iða** er opin til 16.00 í dag þannig að þeir sem eru á allra síðasta snúningi geta snúið sér þangað í jólagjafaleit.

**Miðnæturmessur** fara víða fram í kvöld. Á www.kirkjan.is má finna tengla á margar sóknir og þar má sjá hvar miðnæturmessur fara fram.

**Friðarkerti** til styrktar hinum ýmsu málefnum má fá víðs vegar um landið. Það er góður siður að láta slíkt kerti loga á jólanótt og styrkja um leið gott málefni.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er sunnudagurinn 24. desember, 358. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 11.23 | 13.27 | 15.32 |
| Akureyri | 11.38 | 13.12 | 14.45 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


Smáauglýsingasími 550 5000

Auglýsingasími Allt 550 5880

Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is




Hrafnhildur ætlar að gefa mömmu sinni og pabba pakka í kvöld sem hún bjó til í leikskólanum.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Pakkarnir langbestir

***Hrafnhildur Árnadóttir er bara þriggja ára gömul en hún veit samt alveg um hvað jólin snúast.***

Hrafnhildur er orðin mjög spennt fyrir jólunum og hlakkar mikið til að opna pakkana í kvöld. Hún man reyndar í fljótu bragði ekki eftir neinu sérstöku sem hana langar að fá í jólagjöf. „Ég er ekki búin að hugsa það," segir hún spekingslega.

Jólasmákökur eru í miklu uppáhaldi hjá Hrafnhildi og henni finnsti nammikökur bestar. Hún segist samt ekki borða mikið nammi. „Ég geri það ekki. Bara mat og kökur. Ég borða líka jólamat og svo opnum við pakkana."

Hrafnhildur viðurkennir fúslega að henni finnist pakkarnir það skemmtilegasta við jólin. „Ég fæ marga pakka, frá mömmu og pabba og Hermanni og Auði. Ég fékk einu sinni Baby-born í jólagjöf. Ég ætla að gefa mömmu og pabba pakka sem ég bjó til í leikskólanum." Hún veit samt alveg að við höldum jólin ekki bara út af pökkunum. „Þau eru af því að Jesúbarnið fæddist," segir hún.

Hrafnhildi finnst mjög gaman að vera í jólafríi og hún ætlar að fara á jólaball. „Kannski kemur einn jólasveinn sem heitir Gluggagægir eða Gáttaþefur með stóra nefið," segir hún og hlær.

Í desember er Hrafnhildur búin að vera mjög þæg og hún hefur því fengið ýmislegt skemmtilegt í skóinn frá jólasveinunum. „Ég fékk hristu og Auður fékk Herra Jóla en mamma las hana fyrir mig." Hún segist samt ekkert hafa séð jólasveinana setja neitt í skóinn. „Ég fer bara undir sæng og fel mig þegar þeir koma," segir hún en vill þó alls ekki viðurkenna að hún sé hrædd við þá. „Stekkjastaur er uppáhalds jólasveinninn minn og Gluggagægir og Gáttaþefur og allir jólasveinarnir."

Eftir jólin koma áramót og Hrafnhildur er ekki síður spennt fyrir þeim en jólunum. „Mér finnst flugeldar skemmtilegastir. Ég ætla líka að sprengja flugelda en þá þarf að hafa gleraugu. Ég er alltaf með gleraugu þegar eru áramót."

*emilia@frettabladid.is*



## Gleðileg jól

Blaðamenn ALLT blaðsins óska landsmönnum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Jafnframt þökkum við samfylgdina á árinu, góð viðbrögð við efni blaðsins og góðar ábendingar sem borist hafa.




**Jólin** eru þá loks gengin í garð. Eigið gleðilega hátíð og njótið ykkar í faðmi þeirra sem ykkur þykir mest vænt um.




Óskum öllum viðskiptavinum okkar gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári

Fatabúðin

Skólavörðustíg 21
Sími 551 4050 • Reykjavík




Þessar grenigreinar vöktu nokkra kátínu meðal hinna sætu grísa sem kunnu vel að meta tilbreytinguna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Hátíðlegt í Húsdýragarði

***Jólin í Húsdýragarðinum eru ekki íburðarmikil en þó er reynt að gera óvenjuvel við dýrin á aðfangadag.***

Jón Gíslason, yfirdýrahirðir í Húsdýragarðinum, segir að aðfangadagur sé að mestu leyti eins og aðrir dagar í garðinum. „Það gengur allt sinn vanagang og við erum með opið svo fólk getur komið og kíkt við. Við reynum samt auðvitað að gera vel við dýrin og gaukum að þeim besta heyinu og auka skammti af fóðurbæti og svona,“ segir hann.

Sögusagnir segja að stundum gerist það að dýrin fari að tala á jólanótt. „Persónulega hef ég ekki orðið var við það sjálfur en maður veit ekkert hvað gerist þegar enginn er nálægt,“ segir Jón.

Á gamlárskvöld er öllu meiri viðbúnaður í Húsdýragarðinum en á aðfangadag að sögn Jóns þar sem dýrin geta orðið hrædd við hávaðann frá hátíðahöldunum. „Við reynum að vera með ljós í öllum húsum og tónlist á þannig að dýrin verði sem minnst vör við lætin í flugeldum og þess háttar,“ segir hann.

*- eö*



Á aðfangadag gengur allt sinn vanagang í Húsdýragarðinum.




Óskum öllum viðskiptavinum okkar gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári

Hús og heimili
BJÁLKAHÚS EHF
Krókhálsi 5a, sími 511 1818




Um áramótin fá dýrin að hlusta á tónlist því hávaðinn frá hátíðahöldunum getur hrætt þau.



Reynt er að gera vel við dýrin á jólunum með góðu heyi.


Fréttir í farsímann!
Þín **fréttaveita** um jólin.





vísir
Fyrstur með fréttirnar!



**Er allt til reiðu fyrir nýtt ár?**

“Á þriggja vikna námskeiði fimmfaldaði ég lestrarhraða minn. Takk fyrir mig!”
**Karólína Finnbjörnsdóttir, 22 ára laganemi.**

“Loksins sé ég fram á að geta klárað bækur fyrir próf.”
**Elín Björk Jónsdóttir, 15 ára nemi.**

“Námskeiðið hvetur mann áfram. Eykur sjálfstraust. Eykur áhuga á námi.”
**Rakel Þorleifsdóttir, 26 ára Háskólanemi.**

**Hvað segja nemendur okkar um námskeiðið:**
Frábært, markvisst, hnitmiðað, æviábyrgð, nytsamlegt, krefjandi, skemmtilegt, mjög gott, skipulagning, einbeiting, jákvæðni, mikil aðstoð, góður kennari, spennandi, árangursríkt, hvetjandi, góð þjónusta.

***Óskum landsmönnum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári***

**Skráning á hraðlestrarnámskeið janúar er hafin á www.h.is og í síma 586-9400**

HRAÐLESTRARSKÓLINN

**VR** og fleiri stéttarfélög styrkja þátttöku félagsmanna sinna á námskeiðinu.


## Heims um ból

Heims um ból, helg eru jól,
signuð mær son Guðs ól,
frelsun mannanna, frelsisins lind,
frumglæði ljóssins, en gjörvöll mannkind
:/: meinvill í myrkrunum lá :/:

Heimi í hátíð er ný,
himneskt ljós lýsir ský,
liggur í jötunni lávarður heims,
lifandi brunnur hins andlega seims,
:/: konungur lífs vors og ljóss :/:

Heyra má himnum í frá
englasöng: Allelújá.
Friður á jörðu því faðirinn er
fús þeim að líkna, sem tilreiðir sér
:/: samastað syninum hjá :/:

*(Sveinbjörn Egilsson/Franz Gruber)*



# Ég kemst í hátíðarskap

***Í kvöld leggjast líklega margir á meltuna með góða bók í hendi.***

Jólin eru hátíð bókanna ekki síður en barnanna og flestir Íslendingar fá einhverja bók í jólagjöf til að kúra sig með á jólanótt. Bækur um jólin eru líka nauðsynlegar á þessum árstíma, einkum ef eitthvað vantar upp á jólaskapið. Hér eru nokkrar taldar upp, sumar eru sígildar, aðrar ættu að vera það.




Þegar Trölli stal jólunum er sígild jólasaga af því hvernig þunglyndi og fýla mega sín lítils gegn hinum sanna jólaanda, jafnvel þótt allt ytra byrðið hafi verið skafið af jólunum. Ein allra skemmtilegasta jólasagan sem skrifuð hefur verið.




Jólin koma eftir Jóhannes úr Kötlum er auðvitað aðaljólabókin. Ekki nóg með að þar sé kvæðið um jólasveinana, Grýlu og jólaköttinn heldur líka eitt ástsælasta jólakvæðið, Bráðum koma blessuð jólin.




Jóladýrin eftir Gerði Kristnýju er jólalesning fyrir yngstu lesendurna. Hún fjallar um strákinn Viðar sem langar í kanínu í jólagjöf – eða ísbjörn eða grís. En það má ekki hafa dýr í blokkinni hans. Þess vegna verður hann að láta sér nægja að ímynda sér dýrin. Fallegar myndir eftir Brian Pilkington vinna vel með þessari skemmtilegu sögu.



Rakkarapakk eftir Sigrúnu Eddu Björnsdóttur er teiknimyndasögubók þar sem segir á skemmtilegan hátt frá lífinu í Grýluhelli og jólahaldi fjölskyldunnar ógurlegu.







Ungfrú Jóla ákveður fyrir ein jólin að hún þurfi að komast í frí. Hún á enn eftir að pakka inn heilmörgum jólagjöfum og biður Jólasveininn og herra Jóla að sjá um það með tilheyrandi flækjum. Jólabók yngstu lesendurna.

Í Öðruvísi dagar eftir Guðrúnu Helgadóttur er fyrsta bókin í þríleik sem lýkur um þessi jól. Karen Karlotta upplifir jólaguðspjallið á sinn hátt og við lok bókar ættu allir lesendur að vera komnir í bullandi jólaskap.




Hrói bjargar jólunum eftir Roddy Doyle er ein allra fyndnasta jólasaga sem um getur. Hundurinn Hrói neyðist til að bjarga málunum þegar jólasveinninn virðist ætla að klikka á því.

# Jól um borg og bý

***Jólin eru haldin hátíðleg víða um heim.***

Björt ljós, fagurskreytt jólatré og jólaveinar. Allt eru þetta orðin alþjóðleg merki jólahátíðar. Borgir hins kristna heims eru uppljómaðar um þessar mundir og eru skreytingarnar margar og mismunandi. Bandaríkjamenn skreyta mikið en það er ekki síður skrautlegt um að litast í Evrópu.



Mikið er um að vera á jólamarkaðnum í Brussel.



Það er fallegt jólatréð sem ber við minnisvarðann í Washington. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

*Óskum öllum viðskiptavinum okkar gleðilegra jóla*

**Gullkistan** Frakkastíg 10, sími 551 3160



„Þér eruð salt jarðar“



Jólastólar fyrir stelpur og stráka



Stólajól fyrir stórt fólk:
Allt í plasti – Eames plaststóll



Bækur úr öllum hugsanlegum áttum
til að setja í hillur af handahófi



Postulínið frá Prag:
Klukka eða sparibaukur
í kostulegan smápakka




Ekkert heimili má verða saltlaust:
Gefðu gjafabréf frá Saltfélaginu

SALTFÉLAGIÐ
HEIMILIÐ ER HEILAGT
Grandagarði 2
101 Reykjavík
Sími 578 7810
www.saltfelagid.is



Silfurtorgið á Ísafirði er fallegt í jólaljósunum og fjarlægðin virðist sannarlega gera fjöllin blá. FRÉTTABLAÐIÐ/HALLDÓR

# Bæirnir skarta sínu fegursta á aðventunni

***Bæirnir lýsa og ljóma yfir hátíðarnar.***

Fátt er fallegra í þessum síðasta mánuði ársins en jólaljósin sem varpa ævintýrablæ á umhverfið og gleðja bæði börn og fullorðna í skammdeginu.

Margir eru meira að segja orðnir sammála um að þau mættu alveg standa lengur, jafnvel fram í miðjan febrúar, því eftir jólin tekur ekkert við annað en hversdagsleiki og grámi og því tilvalið að lífga upp á umhverfið með fallegum ljósum. Fréttablaðið lagði land undir fót og virti fyrir sér fallegu jólaljósin á Selfossi, Akureyri, Egilsstöðum, Ísafirði og í Keflavík og það er ekki annað hægt að segja en að bæirnir skarti sínu fegursta í þessum ljósum.

*margret.hugrun@frettabladid.is*



Duus hús í Keflavík og rauðu ljósin á jólatrénu mynda fallegt samspil. FRÉTTABLAÐIÐ/ELLERT GRÉTARSSON



Flott yfirsýn yfir Silfurtorgið á Ísafirði. FRÉTTABLAÐIÐ/HALLDÓR



Stjörnum prýddir Egilsstaðir. FRÉTTABLAÐIÐ/GUNNAR GUNNARSSON



Jólastjarnan trónir hér yfir Hafnarstrætinu á Akureyri og Amaro húsið er enn á sínum stað. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA.IS



Ljósaskipti í Keflavík og lífleg gata. FRÉTTABLAÐIÐ/ELLERT GRÉTARSSON



Hringvegurinn liggur í gegnum Selfoss og heitir þar Austurvegur. Þar skína ljósin skært. FRÉTTABLAÐIÐ/INGIMAR BJÖRN DAVÍÐSSON

Ráðningarþjónustan óskar viðskiptavinum sínum nær og fjær gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári með þökk fyrir samskiptin á árinu sem er að líða.

RÁÐNINGAR ÞJÓNUSTAN
www.radning.is




FRÉTTABLAÐIÐ
– smáauglýsingar sem allir sjá

GLEÐILEGA HÁTÍÐ

VIÐ ÓSKUM VIÐSKIPTAVINUM OKKAR
GLEÐILEGRA JÓLA &
FARSÆLDAR Á KOMANDI ÁRI.
ÞÖKKUM SAMSTARFIÐ Á ÁRINU SEM ER AÐ LÍÐA.

HAGVANGUR
- við ráðum

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700 • www.hagvangur.is

FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000



Vélaborg ehf.

**Þjónustumenn fyrir vinnuvélar, vörubíla og lyftara**

Vegna aukinna umsvifa er Vélaborg að leita að starfsmönnum í eftirfarandi störf:

**Vélvirkja eða vönum manni í vinnuvélaviðgerðum.**

**Rafvirkja, rafeindavirkja eða vönum manni í lyftaraviðgerðum.**

**Bifvélavirkja eða vönum manni í vörubílaviðgerðum.**

Æskilegt er að umsækjendur hafi reynslu í viðgerðum á vinnuvélum, landbúnaðarvélum og/eða lyfturum og geti unnið sjálfstætt. Enskukunnátta og tölvukunnátta æskileg. Nauðsynlegt er að umsækjandi hafi bílpróf.

Vélaborg leggur metnað sinn í að veita viðskiptavinum sínum góða þjónustu. Liður í því er að þjálfa starfsmenn þjónustudeildar með námskeiðahaldi og menntun hjá erlendum birgjum félagsins.

Vélaborg er eitt af stærstu fyrirtækjum landsins í vélainnflutningi og þjónustu við bændur, verktaka og flutningsaðila. Hjá fyrirtækinu starfa á fimmta tug manna, þar af 17 á þjónustuverkstæði.

**Vélaborg er með umboð fyrir:**

- Case og Bobcat vinnuvélar
- Jungheinrich og Kalmar lyftara
- Daf vöru- og flutningabíla
- John Deere dráttarvélar og smávélar
- Lely mjaltaþjóna og landbúnaðarvélar

Umsóknum skal skila inn á tölvutæku formi á netfang: **gunnarm@velaborg.is** innan viku frá birtingu auglýsingar.





GLEÐILEG JÓL

capacent
RÁÐNINGAR



Arna Ýrr Sigurðardóttir, prestur í Langholts- og Bústaðakirkju, hlakkar mikið til helgihalds og jóla. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Gaman að vera prestur um jól

***Sr. Arna Ýrr Sigurðardóttir, prestur í Langholts- og Bústaðakirkju, nam guðfræði við Háskóla Íslands og útskrifaðist þaðan árið 1996.***

Fyrsti hluti námsins er þriggja ára BA nám í guðfræði. Síðan bætast við tvö ár í viðbót. Námi lýkur síðan með embættisprófi eða Cand. theol gráðu.

Fyrirkomulag guðfræðinámsins hefur þó örlítið breyst og þeir sem innritast frá og með næsta hausti fá mastersgráðu, Mag. theol sem veitir embættisgengi.

Það eru þó ekki allir guðfræðingar sem verða prestar. „Til að gerast prestur þarf að fara í gegnum ákveðið ferli hjá kirkjunni samhliða námi til að gerast prestur. Þessi starfsþjálfun er á vegum Biskupsstofu og kallast samfylgdarkefi,“ segir Arna.

Margir guðfræðingar vinna við ýmis spennandi störf, til dæmis við kennslu eða stjórnun og bæta jafnvel við sig öðru námi. Innan samfylgdarkerfisins taka guðfræðinemar þátt í safnaðarstarfi undir handleiðslu prests. Til dæmis predika þeir eða taka þátt í fermingarfræðslu eða öðru barna- og unglingastarfi. Arna tók sjálf mikið þátt í kristilegu starfi sem barn og unglingur og fann snemma löngun til að gerast prestur. „Trú mín á Jesú Krist er grundvöllur fyrir starfsvalinu,“ segir Arna.

Útskrifaðir guðfræðingar með embættispróf verða þó ekki sjálfkrafa prestar. „Til að gerast prestur þarf að vígjast í tiltekið embætti þar sem auglýst er eftir presti. Eftir það er maður prestur ævilangt hvort sem maður er starfandi eður ei,“ segir Arna sem sjálf var vígð til prests á Raufarhöfn árið 2000. Arna hefur verið starfandi í Reykjavík síðan í sumar og segir starf prestsins vera mjög fjölbreytt. „Maður tekur þátt í öllum stærstu stundunum. Bæði í gleði og sorg eins og skírn, fermingum, brúðkaupum og jarðarförum. En síðan sinnir presturinn líka almennu messuhaldi, kyrrðar- og helgistundum ásamt öðru starfi í sókninni. „Sálgæslustarfið snýst oft um áfallahjálp við slys og dauðsföll, en einnig um ráðgjöf við brúðkaup og skilnað. Það er oft erfitt, en í senn mjög gefandi,“ segir Arna.

Presturinn er embættismaður sem þarf á miklum skipulagshæfileikum að halda. „Við þurfum að skrá allt í kirkjubækur og láta Hagstofu fá upplýsingar um skírn, giftingar, skilnað og dauðsföll, auk þess að halda utan um allt það starf sem fer fram í kirkjunni,“ segir Arna. Það eru margir sem koma að starfi kirkjunnar, eins og tónlistarfólk, kórar, organistar og fleiri og það eru margir þræðir sem presturinn þarf að halda í. Prestar sinna fjölmörgum öðrum verkefnum og eru meðal annars á sjúkrahúsum, í fangelsum og á hjúkrunarheimilum. Það er öflugt starf í kirkjum landsins fyrir hátíð ljóss og friðar og Arna hlakkar mikið til. „Jólin eru góður tími og það er ofsalega gaman að vera prestur í desember,“ segir Arna brosandi.

*- rh*

## Gera bara ekki neitt

FYRIR SUMA ERU JÓLIN ÁLÍKA MIKIL VINNA EINS OG HVERSDAGSLEIKINN. EN ALLIR ÞURFA Á FRÍI AÐ HALDA ENDRUM OG EINS. ÞAÐ ER ÞVÍ UM AÐ GERA AÐ NOTA JÓLAFRÍIÐ TIL AÐ HLAÐA BATTERÍIN ÖRLÍTIÐ.



Það er svo gott að skríða í sófa um jólin, hanga og gera ekki neitt.

Allir vita hvað er gott að sofa út einn og einn morgun. Lesa góða bók fram eftir og horfa á góða bíómynd. Um jólin endum við árið og þess vegna er mikilvægt að reyna að slappa af til að vera í stakk búin til að takast á við nýtt ár með nýjum fyrirheitum. Það er mikil kúnst að hægja á ferðinni og gera ekkert. Sérstaklega fyrir vinnusama Íslendinga. En jólin eru einmitt tilvalin til að skríða nokkra daga í híði. Æfa sig í að gera ekki neitt og lifa örlítið hægar.

» Ráðningarþjónusta
Ert þú í atvinnuleit?
Leyfðu okkur að aðstoða.
Skráðu þig á www.hhr.is.
HH RÁÐGJÖF RÁÐNINGARÞJÓNUSTA
HH Ráðgjöf, Ráðningarþjónusta • Fiskislóð 81 • 107 Reykjavík
Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

Viltu sýn'eikkað?
Ný útlit · Myndaalbúm · Símablogg
BlogCentral.is
Stærsta bloggsamfélagið á Íslandi

Íþróttamiðstöð Seltjarnarness
Óskum að ráða starfsfólk
Sundlaug Seltjarnarness
• Óskum eftir afleysingamanni í þrjá mánuði og hugsanlega áframhaldandi vinnu eftir það. Í starfinu felst m.a. umsjón með búningsklefa karla. Um er að ræða vaktavinnu og fullt starf frá áramótum.
Íþróttahús Seltjarnarness
• Óskum eftir starfsmanni í gæslu búningsklefa kvenna. Um er að ræða vinnu frá kl. 08:00 - 16:00 virka daga.
Laun eru samkvæmt kjarasamningi starfsmannafélags Seltjarnarness og launanefndar sveitarfélaga.
Upplýsingar gefur Haukur Geirmundsson í síma 898-9490 eða 561-1700.
SELTJARNARNESBÆR
Íþróttamiðstöð
Augl. Þórhildar 2200.337

FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000



Tölvunarfræðingur / Kerfisfræðingur
Norðurál óskar að ráða starfsmann til framtíðarstarfa í tölvudeild. Við leitum að einstaklingi sem er tilbúinn til að takast á við fjölþætt verkefni og vaxa í starfi.

Í hverju felst starfið?
• Almennum rekstri netkerfis
• Uppsetningu vélbúnaðar
• Umsýslu netþjóna
• Ráðgjöf og aðstoð við notendur
• Þátttöku í verkefnahópum og ýmsum tilfallandi verkefnum

Hvaða kröfur gerum við?
• Góð þekking MS Windows kerfum
• Þekking á Cisco svissum
• Gagnagrunnsþekking
• Þekking á ERP kerfum, helst SAP
• Góð enskukunnátta
• Góð samskiptahæfni og þjónustulund
• Áreiðanleiki og metnaður

Hvað er í boði?
• Góður aðbúnaður og góð aðstaða hjá fyrirtæki í mikilli sókn
• Kraftmikill og góður hópur samstarfsfólks
• Traustar tekjur og laun að hluta árangurstengd

Jafnrétti
Við leggjum áherslu á jafna möguleika karla og kvenna til starfa hjá Norðuráli.

Hvernig sækir þú um?
Vinsamlega sendu okkur umsókn þína fyrir 9. janúar n.k. Þú getur sótt um á vef fyrirtækisins: www.nordural.is, sent umsókn þína á netfangið umsokn@nordural.is eða póstlagt umsóknina, merkta: tölvudeild.

Trúnaður
Við förum með umsókn þína og allar persónulegar upplýsingar sem trúnaðarmál. Öllum umsóknum verður svarað.

Nánari upplýsingar
Nánari upplýsingar veita Sigurður Jón Björnsson, fjármálastjóri, og Emil Hilmarsson, deildarstjóri tölvudeildar, í síma 430 1000.

Norðurál
Norðurál framleiðir árlega 220.000 tonn af áli til útflutnings. Um þessar mundir er unnið að stækkun álversins sem felur í sér að framleiðslugeta verður aukin í 260.000 tonn á árinu 2007. Hjá okkur starfa nú um 360 manns að margvíslegum verkefnum og gert er ráð fyrir að starfsfólki fjölgi enn frekar á næsta ári.

NORÐURÁL Century ALUMINUM
Grundartanga • 301 Akranesi • Sími 430 1000 • Fax 430 1001 • nordural@nordural.is • www.nordural.is

# „Í sífelldri þróun"

*„Ég hef starfað sem SAP-fjárhagsráðgjafi í tæp 5 ár. Á þessum tíma hefur AppliCon verið í örum vexti og það er spennandi að takast á við stór hugbúnaðarverkefni fyrir kröfuharða viðskiptavini.*

*Meðal viðskiptavina Applicon eru stór alþjóðleg fyrirtæki sem gerir starfið áhugavert og skemmtilegt. SAP er líka í sífelldri þróun og því mikilvægt að fylgjast með nýjungum og afla sér þekkingar, en AppliCon stendur vel að endurmenntun starfsmanna."*

**Kjartan Jóhannsson Bendtsen**
SAP-ráðgjafi



# Viltu verða ráðgjafi í SAP?

AppliCon er alþjóðlegt fyrirtæki í SAP- og Microsoft-ráðgjöf. Hjá fyrirtækinu starfa 140 manns á Íslandi og erlendis. SAP er útbreiddasti viðskiptahugbúnaður heims. Fjárhagslausn SAP er samsett úr fjölda lausna – fyrir fjárhag, áætlanagerð, samstæðuskil og stjórnendaupplýsingar – og öðrum tengdum lausnum. Lausnirnar eru staðlaðar og notaðar af flestum stærstu alþjóðlegum fyrirtækjum erlendis og hérlendis.

## AppliCon býður upp á alþjóðlegan starfsframa í SAP-ráðgjöf.

Vegna vaxandi verkefna bjóðast krefjandi og áhugaverð störf sem byggjast á góðri greiningarhæfni og liprum samskiptum við viðskiptavini og ráðgjafa AppliCon á alþjóðlegum markaði.

***Við leggjum áherslu á starfsánægju, góða liðsheild og þjálfun. Við erum metnaðargjörn og gerum kröfu um árangur. Við kappkostum að afla bestu þekkingar á viðfangsefnum okkar.***

## Við leitum að SAP-ráðgjöfum í fjárhagslausnir

### SAP-ráðgjafar

Verkefni ráðgjafa fela m.a. í sér greiningu verkferla, hönnun lausna og innleiðingu á SAP-fjárhagskerfum.

**Viðkomandi þarf að hafa til að bera:**

- Háskólamenntun á sviði viðskipta
- Góða almenna tölvuþekkingu
- Hæfni í mannlegum samskiptum og að miðla flóknum upplýsingum
- Gagnrýna hugsun og frumkvæði í þekkingaröflun
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Getu og vilja til að tileinka sér tæknilega hlið SAP
- Góða kunnáttu í ensku

Ef þú ert sjálfstæður og metnaðarfullur einstaklingur tilbúinn til þess að takast á við spennandi og krefjandi verkefni í alþjóðlegu umhverfi viljum við endilega fá þig í hópinn.

**Umsóknarfrestur er til 10. janúar 2006.**

Áhugasamir sendi umsókn til Guðbjargar Árnadóttur, hópstjóra Fjárhagslausna Applicon, gar@applicon.is, sem einnig veitir nánari upplýsingar.

BUSINESS SAP PARTNER

Microsoft GOLD CERTIFIED Partner

AppliCon

Borgartún 37 • 105 Reykjavík • Tel: +354 563 6100 • Fax: +354 563 6161 • www.applicon.is

LANDSPÍTALI

## Vaktmenn og starfsmenn

**Vaktmenn óskast til starfa hjá OFL, öryggi og flutningum.**
Vaktmenn sinna flutningum á spítalanum ásamt ýmsum öðrum verkefnum. Dagvinna/ vaktavinna. Viðkomandi þarf að vera samviskusamur, lipur í samskiptum og með góða þjónustulund.

**Starfsmenn óskast til starfa hjá OFL, sjúklingaflutningum.**
Deildin sér um flutninga á inniliggjandi sjúklingum, innanhúss, milli deilda. Dagvinna. Viðkomandi þarf að vera samviskusamur, lipur í samskiptum og hafa góða þjónustulund. Æskilegt er að umsækjendur hafi reynslu af umönnunarstörfum.

Umsóknir berist fyrir 8. janúar 2007 til Pálma Þórs Ævarssonar, öryggisstjóra og veitir hann upplýsingar um störfin í síma 543 1806 eða 824 5230, netfang palmiaev@landspitali.is.

Laun samkvæmt gildandi samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Umsóknareyðublöð fást í upplýsingum Fossvogi og Hringbraut, skrifstofu starfsmannamála Eiríksgötu 5, á heimasíðu www.landspitali.is. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar í störf á Landspítala - háskólasjúkrahúsi. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.
Landspítali - háskólasjúkrahús er reyklaus vinnustaður.

## Matreiðslumaður óskast

Við viljum ráða reglusaman og traustan matreiðslumann sem fyrst, á góðan veitingastað í miðborginni. Hefðbundnar vaktir með frí aðra hvora helgi.

Áhugasamir hafi samband í síma 864-0499.

## *BYGGINGAVERKFRÆÐINGUR / TÆKNIFRÆÐINGUR.*

Verkfræðistofan Hamraborg sf óskar eftir að ráða byggingaverkfræðing eða byggingatæknifræðing til starfa sem fyrst í burðarþolsverkefni.

Góð þekking á burðarþolsfræði og þekking á autocad æskileg.

Nánari upplýsingar gefur Sævar Geirsson í síma 554 2200. Umsóknir sendist með tölvupósti **saevar@hamraborg.is**

VH Verkfræðistofan Hamraborg
Hamraborg 10 - 200 Kópavogi
Sími: 554 2200 - Fax: 564 2277
Netfang: saevar@hamraborg.is

## GÖTUSMIÐJAN

**Götusmiðjan óskar landsmönnum öllum gleðilegra jóla- og farsældar á komandi ári.**

Sérstakar þakkir til allra velunnara okkar fyrir ómetanlegan stuðning við meðferðarheimilið.

Bestu kveðjur,
Starfsfólk og nemar Götusmiðjunnar.

## ÚTBOÐ

Orkuveita Reykjavíkur   Síminn

**F.h. Framkvæmdasviðs Reykjavíkurborgar, mannvirkjaskrifstofu, Orkuveitu Reykjavíkur og Símans.**

***Hallar atvinnusvæði - 1.áfangi, gatnagerð og lagnir***
Vakin er athygli á því að verktaki á að útvega efni (plast eða stein) í fráveitulagnir.
Útboðsgögn verða seld á kr. 5.000 í upplýsingaþjónustu Ráðhúss Reykjavíkur, frá og með föstudeginum 22. desember 2006.
Opnun tilboða kl. 10:00 föstudaginn 12. janúar 2007, í Ráðhúsi Reykjavíkur.
10887
**Nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is/utbod**

Reykjavíkurborg
Þjónustu- og rekstrarsvið
Innkaupa- og rekstrarskrifstofa
Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

# ERTU AÐ LEITA?





**Ráðningarþjónustan** er framsækið fyrirtæki, á traustum grunni, sem sérhæfir sig í persónulegri þjónustu á sviði ráðninga, jafnt til fyrirtækja sem og umsækjenda.

Hjá Ráðningarþjónustunni starfa ráðgjafar með sterkan faglegan bakgrunn á sviði mannauðsfræða sem og víðtæka reynslu af íslenskum vinnumarkaði.

**Atvinnurekendur**
Kynnið ykkur þjónustu okkar á heimasíðunni www.radning.is og hafið samband þegar við getum orðið ykkur að liði.

**Umsækjendur**
Kynnið ykkur úrval áhugaverðra starfa í boði og fyllið út umsókn á heimasíðu okkar www.radning.is

RÁÐNINGAR ÞJÓNUSTAN

Krókháls 5a • 110 Reykjavík • Sími: 588 7700 • Fax: 588 8700 • www.radning.is • radning@radning.is

# Gefðu vatn

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

# KÍKTU Á CAPACENT.IS

Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra. Umsækjendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar www.capacent.is.

Starfsmenn Capacent Ráðninga starfa eftir ákveðnum verkferlum til að tryggja bæði gæði þjónustunnar og fagleg vinnubrögð. Ráðgjafarnir búa yfir víðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt.

- Capacent Ráðningar móttekur skráningar í gagnagrunn og umsóknir um ákveðin störf
- Ráðgjafi hefur samband við umsækjanda telji hann viðkomandi koma til greina í það starf sem í boði er
- Umsækjanda er ráðlagt að fylgjast með auglýstum störfum á heimasíðu Capacent
- Umsækjendum gefst kostur á að fylgja umsókn / skráningu eftir með því að panta viðtal hjá ráðgjafa
- Hægt er að fylgjast með framvindu auglýstra starfa á vef Capacent
- Ráðgjafi fær samþykki umsækjanda til að senda ferilskrá til fyrirtækis
- Umsagna er ekki leitað hjá þriðja aðila nema að fengnu samþykki umsækjenda
- Öllum umsækjendum um auglýst störf er svarað þegar gengið hefur verið frá ráðningu í starfið

capacent RÁÐNINGAR
Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

[ ALLAR SMÁAUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á visir.is ]

# allt - sem þig vantar

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–22

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN:
VIRKA DAGA 8–18
UM HELGAR 11–16

# NÝR BÍLL – BETRI DÍLL

## Nýir bílar á lægra verði



Nýir Dodge Ram 2500 Pallbílar 5,9 L Cummins Disel, nýtt útlit, með „Laramie" búnaði. Km. mælir. Til sýnis á staðnum. Tveggja ára ábyrgð, þjónustaður af Ræsi. Ath! Hraðatakmarkanir verða settar í þessa bíla frá 1. jan. Fáránlega lágt verð 4.400 þús.



Nýr Jeep Grand Cherokee SRT8 Hraðasti jeppinn á markaðinum í dag. 6,1 L vél, 5 sec. í 100 km. „Brembo" bremsur, 20" álfelgur, sportsæti, sport fjöðrun og púst. Km. mælir. Full ábyrgð, þjónustaður af Ræsi. Svartur til á lager. Verð aðeins 6.490 þús.



Nýir Jeep Grand Cherokee Ltd. 3.0 Disel. Ný Benz vél. Eyðsla 10,2 L í blönduðum akstri. Allur fáanlegur aukabúnaður. Þrír litir til á lager. Silfur, svartur og dökkgrár. Full ábyrgð, þjónustaður af Ræsi. Okkar verð 5.790 þús.



Nýr 2007 Mazda Cx-7 Grand Touring 4x4 , Svartur, svart leður, topplúga, Sjálfskiptur, allt rafknúið, Xenon, Bose hljómkerfi, ofl til sýnis á staðnum. Okkar verð 4.590 þús.



Nýr Chrysler Grand Voyager Disel. Eyðsla 8,4 L í blönduðum akstri, 7 manna, leður, allt rafknúið, sæti fellanleg niður í golf, álfelgur, samlitur, full ábyrgð, þjónustaður af Ræsi. Milljón kr. afsláttur frá listaverði. Okkar verð 4.490 þús.



Ódýrasti og best búni sjálfskipti dísel jeppin í dag. Nýir 2006 Landrover Freelander disel. Leður / Alcantara innrétting, sjálfskipting, lofkæling, bakkskynjarar, álfelgur, ofl. eyðsla 8,6 blandað, 4 litir í boði. Til sýnis á staðnum. Verð 3.490 þús. Með topplúgu 3.590 þús.



Nýr M.Benz E 320 CDI Avantgarde. 204 hö., leður, Xenon, rafknúin sæti, stærri eldsneytis tankur, sjálfvirk loftkæling ofl. Full ábyrgð þjónustaður af Ræsi. Til sýnis á staðnum. Síðasti bíllinn á þessu verði. Listaverð um 8.600 þús. Okkar verð 6100 þús.



Nýr M.Benz R 350 langur 4x4. 6 manna, 7 þrepa sjálfskipting, leður, Panorama glerþak, stillanleg loftpúðafjöðrun, 18" álfelgur, ofl.ofl. Aukahlutir fyrir 2,4 milljónir. Full ábyrgð þjónustaður af Ræsi. Okkar verð 7.900 þús.



2007 M.Benz ML 320 CDI Disel. Eigum nokkra bíla í svörtu, silfur og dökkgráu. Sjá nánar á www.sparibill.is Bílarnir eru allir mjög vel útbúnir. Þessir bílar eru uppseldir allstaðir í heiminum. Verð 7.138 til 8.086 þús. sem er langt undir listaverði.



Nýr 2007 BMW X5 Getum pantað strax nýja BMW X5 3,0 eða 4,8. Algerlega nýr bill í útliti. Val um liti að innan sem utan. Vel útbúnir bílar með leðri, lúgu, og öllum helsta búnaði. Sjá nánar á heimasíðu okkar www.sparibill.is Verð á 3,0 er 7.210 þús. Verð á 4,8 er 8.470 þús.



Nýr 2007 Renault Trafic 2 disel. Bílarnir eru búnir nýum 2,0L diselvélum og breyttu útliti. Getum pantað nokkrar vélastærðir og mismunandi búnað. Listaverð á 2007 modeli ekki fáanlegt en 2006 model kostar: 1.943 þús.án vsk. Okkar verð á 2007 1.757 þús. án vsk.



Nýr 2007 Renault Master millilangur háþekju. Bílarnir eru búnir nýum diselvélum. Getum pantað nokkrar vélastærðir og mismunandi búnað. Listaverð á 2007 modeli ekki fáanlegt en 2006 model með sama búnaði kostar 2.867 þús. án vsk. Okkar verð á 2007 er 2.417 þús. án vsk.

**Við óskum öllum landsmönnum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs og þökkum viðskiptin á liðnu ári.**

## Nýlegir lítið notaðir bílar á frábæru verði



2006 M.Benz ML 350 Silfur, svart leður, sport pakki, 19" krómfelgur, loftpúðafjöðrun, leiðsögubúnaður, Xenon ljós, lúga, Harman/ Kardon stereo, ofl. ekinn 10 þús. km. Listaverð yfir 10 milljónir. Okkar verð 7.190 þúsund.



Porsche Boxter S f.skr. 03/2006, 260 hö. ekinn 2 þús km. svartur, svart leður, rafm. í öllu, minni á sætum, Xenon ljós, fjarlægðarskynjarar, ofl. Listaverð á nýum bíl er yfir 8 milljónir. Okkar verð 5.990 þúsund.



2005 Landrover Discovery HSE 7 manna með öllum búnaði sem fáanlegur er. Kostar nýr yfir 10 milljónir. Bílarnir eru eknir um 20 þús. km. Yfirfarnir og uppfærðir af Landrover. 43% afsláttur. Verð 5.750 þúsund.



Ford Mondeo 2,0 L Giha 3/2006. Ekinn 3 þús. km., sjálfskiptur, 16" álfelgur, allt rafdrifið, loftkæling, ofl. Kostar nýr hjá Brimborg 2.890 þús. Þú sparar 600 þús. Okkar verð 2.290 þús.



Nissan Patrol „New" Elegance 2005 Ekinn 34 þús. km., 7 manna, leður, lúga, Loftkæling, allt rafknúið, 33" dekk, ofl. Lægsta verð á markaðinum í dag Kr. 3.890 þús.



Dodge Grand Caravan Sport 4x4 2001 ekinn 108 þús. 4 x „Captain" stólar, álfelgur, samlitur, pluss áklæði, loftkæling, allt rafdrifið. Ný skoðaður. Ávílandi 670 þús. Algengt verð 1700 til 1800 þús. Okkar verð 1.390 þús.

SPARI bíll

Skúlagötu 17 · Sími 577 3344

# www.sparibíll.is

SPARI bíll

Skúlagötu 17 · Sími 577 3344

## Spádómar

**908 6116**
**Er spákonan Sirrý**
**Ástir - fjármál heilsa**
**Einkatímar í S.845 4009**

**ALSPÁ**
Miðlun, draumar, ráðgjöf, heilun, fyrirbænir, NLP. Símaspá, einkatímar og. m.fl.
**445 5000**
FINN TÝNDA MUNI
VISA EURO MASTERS




**Örlaga línan**
Miðlar, spámiðlar, draumráðningar.
Opið öll kvöld í síma
595 2001 & 908 1800

**Englaljós til þín 908 5050**
Er spennandi tími framundan. Andleg leiðsögn, fyrirbænir. Ég óska ykkur gleðilegra jóla. Er við alla daga frá 16-02. Lára spámiðill.

# HEILSA

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Árangur með Herbalife! Ráðgjöf og eftirfylgni. Edda Borg www.lifsstill.is. S. 896 4662.

Jólagjöfin til þín. Viltu ná alvöru velgengni? Ertu tilbúinn að leggja á þig það sem þarf? LR er mín leið. 662 5599.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

# HEIMILIÐ

## Dýrahald



English Springer Spaniel hvolpar til sölu. Upplýsingar í s. 661 6892.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Gisting

Hús á Menorca, íbúð í Barcelona, Costa Brava og Valla dolid. Uppl. í s. 899 5863 www.helenjonsson.ws

## Fyrir veiðimenn




# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Gistiheimili Dalshraun Hafnafjörður, tveggja manna herb, frá 40.000 kr per mán. Uppl. 824 4535.

69 fm íbúð á rólegum stað í Seljahverfinu til leigu frá 3.jan '07. Leigist út með öllu innbúi. S. 696 9893.

2ja herb. íbúð til leigu í 6 mán. í hverfi 111 Rvík, allt innifalið á 80.000 kr á mán. Fyrirframgr. Frá 8. jan '07. S. 698 1850 eða arndis_bj@hotmail.com

## Húsnæði óskast

1-2 herb. íbúð óskast í rvk frá og með jan '07. Reyklaus&reglus. Greiðslugeta allt að 60 þ./mán. S. 899 3202.

Reyklaust par óskar eftir notalegri íbúð. Allt kemur til greina.

## Gisting

Gistiheimili Halldóru Hvidovre/Köben. Ódýr og góð gisting www.gistiheimilid.dk 0045 2460 9552.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Útvegum starfsfólk frá Póllandi í flestar starfsgreinar. Uppl. í s. 699 6999.

Jólagjöfin til þín. Viltu ná alvöru velgengni? Ertu tilbúinn að leggja á þig það sem þarf? LR er mín leið. 662 5599.

## Atvinna óskast

Ég er 24 ára karlmaður og vantar vinnu frá og með jan '07. Hef lokið tölvunartæknifræði, hef meirapróf, er reyklaus og reglusamur. S. 899 3202.

# TILKYNNINGAR

## Ýmislegt

**Engar skuldir - Hærri tekjur**
Skoðaðu Magnad.com og lærðu að skapa þér þær tekjur sem þú vilt - heima hjá þér!

## Verslun

**XXX DVD**
**Besta verðið!!**
NÝJAR MYNDIR FRÁ USA Á AÐEINS 2.950.-
DVD
FRÁ 1990.- KR
Grensásvideo.is
Grensásvegi 24
Sími 568 6635
Opið frá kl. 15-23.30

**amor**
Gleymið ekki ástinni um jólin! Full búð af nýjum vörum. Súper tilboð á DVD. Skúlagötu 40a, s. 562 2433. Dalvegi 16a, s. 562 2445. www.amor.is







## TIL SÖLU

**Sumarhúsalóðir við Sogið**
**www.101grimsnes.is**
**Eignalóðir á besta stað í Grímsnesi.**
**Valtýr 898 0801**
BÚGARÐUR EHF













**allt tilboð**
Alla föstudaga

## VISSIR ÞÚ AÐ...

... Þorláksmessa dregur nafn sitt af Þorláki Þórhallssyni biskupi í Skálholti?

... Þorlákur fæddist árið 1133 og lést einmitt 23. desember árið 1193?

... Þorlákur vígðist sem biskup árið 1177?

... hann hefur gjarnan verið kallaður Þorlákur helgi enda hafa kraftaverk verið tengd nafni hans?

... 14. janúar árið 1985 útnefndi Jóhannes Páll páfi II Þorlák sem verndardýrling Íslands?

... í Kristinrétti frá 13. öld er Þorláksmessa talin meðal 16 helgustu daga ársins og þann dag er bannað að veiða annað en hvítabjörn og rosmhval, ekki má heldur veiða fiska né fugla nema unnt sé að taka þá með höndum?

... þótt ekki sé vitað með vissu um frummerkingu orðsins jól er í Ágripi af Noregskonungasögum frá því um 1200 talið að orðið sé myndað af orðinu Jólni sem var eitt af heitum Óðins?

... orðið jól er notað með mismunandi tilbrigðum á öllum Norðurlöndunum og í finnsku er að finna tökuorðin joulu og juhla sem merkir hátíð almennt?

... í öðrum löndum Evrópu tengist nafn jólanna frekar Jesú og fæðingu hana?

... í ensku er það orðið Christmas (Kristsmessa), á þýsku er það Weinachten (Næturnar helgu) og á latínu eru jólin kölluð Natalis eða Nativitas Domini (Fæðing Herrans)?

... sumir tengja nafnið jól við gamla mánaðarnafnið ýlir, en samkvæmt gömlu tímatali stóð ýlir yfir frá því um miðjan nóvember og fram að miðjum desember?

... í Sviss og í Þýskalandi sjáum við jólasveininn gjarnan í biskupsbúningi?

... í Belgíu og Hollandi er víða sá háttur viðhafður að 6. desember, nóttina fyrir dag heilags Nikulásar, fylla börn tréskó sína af heyi fyrir hvíta hestinn sem jólasveinninn ferðast um á?

... í Frakklandi trúa börn því að það sé Jesúbarnið sem færi þeim gjafir og þess vegna setja þau skóinn sinn á arinhilluna á aðfangadagskvöld?

... í Ástralíu og á Nýja-Sjálandi þar sem er hlýtt og sólríkt í desembermánuði, eru hátíðahöld jólanna oft haldin utandyra?

... í Ástralíu er jólamáltíðin oft borðuð á ströndinni og í stað þess að ferðast um á hefðbundnum sleða kemur jólasveinninn á bát?

... á Ítalíu borða sumir mjög sparlega á sjálfan jóladag, en eyða deginum í bænahald?

... Ítalir skiptast á jólagjöfum 6. janúar, daginn sem vitringarnir færðu Jesúbarninu sínar gjafir?

... í Mexíkó gengur fólk í skrúðgöngu hvern dag frá 16. desember og fram til 24?

... í forgrunni göngunnar eru styttur af Maríu og Jósef og skrúðgangan heldur hús úr húsi og beiðist gistingar alveg eins og Jósef og María gerðu á sjálfa jólanóttina?

*Heimild: www.skolavefurinn.is*

# TOPP 5: JÓLAMYNDIR

Menn verða líklega seint sammála um hvaða myndir teljast bestu jólamyndirnar og næsta víst að val hvers og eins endurspeglar að einhverju leyti myndir sem hann eða hún sá í æsku. Til að komast á listann yfir fimm bestu myndirnar verða þær engu að síður að búa yfir ákveðnum töfrum og geta framkallað hjá áhorfendum vellíðan og í sumum tilfellum nostalgíu. Hér að neðan er listi yfir fimm myndir, sem eru kannski ekki þær bestu að allra áliti en nokkuð góðar engu að síður.



1. The Nightmare Before Christmas (1993). Hrekkjavökukonungurinn Jack Skellington sölsar undir sig starf jólasveinsins með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Stórskemmtileg brúðumynd úr smiðju leikstjórans Tims Burton sem er vís með að koma manni í réttu stemninguna fyrir jólin.

2. National Lampoon's Christmas Vacation (1989). Griswald-fjölskyldan heldur stórt jólaboð fyrir ættingja sína, sem endar með ósköpum eins og við er að búast. Þriðja og ef til vill besta myndin um hrakfarir Griswald-fjölskyldunnar, sem lætur ekki deigan síga þrátt fyrir sífellt mótlæti.

3. Scrooged (1988). Eigandi sjónvarpsstöðvar er heimsóttur af þremur vofum sem vilja hjálpa honum að finna jólaandann. Sígild skáldsaga Charles Dickens um Skrögg fær nútímalega uppfærslu þar sem leikarinn Bill Murray fer hreinlega á kostum í titilhlutverkinu. Upplögð fyrir fýlupoka.

4. The Snowman (1982). Snjókarl vaknar til lífsins og fer með ungan dreng í ævintýralega heimsókn til Jólasveinsins á Norðurpólnum. Með eindæmum falleg teiknimynd sem hefur staðist tímans tönn og titillagið „Walking in the Air" líklegt til að (endur)vekja ljúfar tilfinningar.

5. Batman Returns (1992). Leðurblökumaðurinn er kallaður aftur til starfa þegar illgjarn mörgæsarkarl seilist eftir völdum í Gothamborg um jólin. Drungalegasta kvikmyndin um Leðurblökumanninn er uppfull af biblíulegum stefjum með öfugum formerkjum. Besta skemmtun engu að síður.

Um leið og við óskum landsmönnum gleðilegra jóla
og farsæls komandi árs þökkum við viðskiptin
á árinu sem er að líða.

Með jólakveðjum,
starfsfólk Tekk-Company



Við vekjum athygli á því að verslunin
verður lokuð 27. desember.

**Útsalan hefst 28. desember kl. 10.**

FABRIKAN

TEKK COMPANY

BÆJARLIND 14 -16 | 201 KÓPAVOGI

# Jól við Apaflóa

Sigríður Snæbjörnsdóttir framkvæmdastjóri og Sigurður Guðmundsson landlæknir halda jólin í ár á fjarlægum slóðum við Apaflóa í Malaví. Hér á eftir kemur pistill sem þau sendu frá Malaví í tilefni jólanna þar sem þau lýsa hátíðarhöldunum við Apaflóann.



**ÖÐRUVÍSI JÓL** Hjónin Sigríður Snæbjörnsdóttir og Sigurður Guðmundsson munu eyða jólum sínum við Apaflóa í Malaví þetta árið en þar eru jólahefðirnar verulega ólíkar þeim íslensku.

Jólahald við Apaflóa getur varla verið ólíkara því sem við eigum að venjast heima á Íslandi. Í raun munum við ekki eftir því að jólin séu í nánd nema þegar við lítum á dagatalið. Í Chirombo, þorpinu sem við búum í, sést ekki neitt sem minnir á jólahald, hvorki jólaskraut né heyrist jólatónlist. Börnin leika sér í sandinum með skopparagjarðir og busla í vatninu á nákvæmlega sama hátt og aðra mánuði ársins.

Fjármunirnir ef til eru hjá fólki fara í annað. Húshjálpin okkar sem hefur metnað fyrir okkar hönd spurði þó um daginn hvort við ætluðum ekki að skreyta húsið í tilefni af komu jólanna. Okkur vafðist nú tunga um tönn en sögðum sem rétt var að við hefðum ekki tekið neitt jólaskraut með okkur frá Íslandi og bættum síðan við af veikum mætti að jólaandinn kæmi innan frá og bentum á höfuðið. Hún bætti um betur og sagði frá hjartanu. Þessi ábending leiddi þó til þess að við fundum nokkrar rauðar jólakúlur í stórverslun í höfuðborginni.

Í stórverslunum í Lilongwe má heyra jólatónlist spilaða í hátölurum eins og maður man eftir af 78 snúninga plötum á ekta grammófón. Við bættum um betur og keyptum pínulítið og óásjálegt gervijólatré fyrir 500 íkr., annað stóð ekki til boða. Þegar horft er á aumlegt tréð má velta fyrir sér hvort álagningin hafi ekki verið ansi rífleg. Tréð er eiginlega hálfgerð skopmynd af sjálfu sér, en kemur að notum.

**Nauðsynjavörur í jólapakka**

Aðdragandi jóla á Íslandi krefst gjarnan mikillar vinnu og er mörgum kvíðvænlegur tími. Miklar kröfur eru gerðar um að umhverfi allt sé fagurlega skreytt og nóg sé til af öllu til að bíta og brenna. Ekki má gleyma jólagjafaflóðinu þar sem mikill tími fer í að finna gjafir fyrir fólk sem á allt. Í Malaví er þessu öðru vísi farið, einu gjafirnar sem við kaupum í ár eru fötur fullar af salti, hrísgrjónum, eldspýtum, margaríni og annarri brýnni nauðsynjavöru. Þessar fötur gefum við húshjálpinni okkar sem er gulls ígildi, garðyrkjumanninum sem ekki er hægt að segja að hafi mjög græna fingur og vörðunum sem gæta hússins okkar á nóttunni en eiga það til að sofna á verðinum. Það var gaman að sjá svipinn á þeim þegar þau tóku á móti gjöfunum.

Flestir innfæddir reyna að komast í kirkju um hátíðarnar og reyndar er kirkjusókn mikilvægur liður í menningu innfæddra. Þeir spyrja okkur gjarnan hvar við munum ganga til messu um jólin. Við höfum áhuga á að kynna okkur malavískt kirkjuhald og munum væntanlega fara í messu snemma á jóladagasmorgni í enskri biskupakirkju sem er ekki langt frá heimili okkar við Apaflóann. Hún er eiginlega ekki annað en kirkjuskipið eitt, skrautlaus, bekkjalaus og turnlaus. Það getur ekki annað en gert okkur gott þó talað mál muni fara fyrir ofan garð og neðan, en mál innfæddra er chichewa.

**Jólageit**

Það er hefð að haldið sé jólaboð fyrir starfsfólk „Monkey Bay Community Hospital“ og maka þeirra. Við undirbúning þeirrar veislu er nú ekki verið að kasta til höndunum. Sú veisla er haldin á Þorláksmessu og er þar m.a. slátrað geitum sem grillaðar eru yfir opnum eldi, kjúklingar steiktir, fiskur úr Malavívatni eldaður ásamt fjölbreyttu meðlæti af ýmsu tagi og hefðbundnum drykkjarföngum. Þessi veisla hefur mikið aðdráttarafl og enginn sem getur staðið uppréttur mun láta sig vanta.

Hvað okkur varðar persónulega þá minnumst við ekki jafnfriðsamlegrar jólaaðventu, við vöknum útsofin á hverjum morgni eftir 8-9 tíma svefn og jólastress er eins fjarlægt og hugsast getur. Engar áhyggjur eru af því að mála þurfi húsið, endurnýja þurfi húsgögn eða stell, þrífa kjallaraherbergi og skúmaskot sem enginn sér mun á í skammdeginu hvort sem er. Gjafakaupum er sleppt í ár, þetta snýst allt um rétta viðhorfið eins og við Lifa húshjálpin okkar vorum sammála um.

**Hangikjöt og nammi**

Við eigum þó von á kærkomnum gesti, Þórunni mágkonu/systur frá Íslandi, sem verður hjá okkur fram yfir áramót. Fyrir utan frábæran félagsskap sem henni fylgir, gerum við okkur vonir um að fá smá hangikjöt og jafnvel sælgæti sem hefur ekki sést á okkar borðum frá því við yfirgáfum land allsnægtanna í október. Við munum hafa það notalegt í sólinni og hitanum, skoða þorpið okkar betur, ganga um í hvítum sandinum fyrir framan húsið okkar og baða okkur í vatninu. Við ætlum líka að fara í Liwonde-þjóðgarðinn sem er í tveggja tíma aksturfjarlægð frá okkur. Þar má sjá flest þau dýr sem Afríka er þekkt fyrir, s.s. fíla, flóðhesta, krókódíla, auk þess að njóta stórkostlegrar náttúru. Ýmislegt fleira munum við gera okkur til dundurs og nokkuð ljóst er að þessi jól munu aldrei gleymast.

Með þessum pistli sendum við öllum sem eftir okkur muna bestu jóla- og nýárskveðjur.

*Sigríður Snæbjörnsdóttir og Sigurður Guðmundsson*


OPNUNARTÍMI UM JÓLIN

| | | |
|---|---|---|
| 24-DES | sunnudagur aðfangadagur | opið til kl.16:00 |
| 25-DES | mánudagur jóladagur | lokað Skúlagata opnar á miðnætti ! |
| 26-DES | þriðjudagur annar í jólum | 12:00 - 23:00/24:00 |
| 27-DES | miðvikudagur | venjulegur |
| 28-DES | fimmtudagur | venjulegur |
| 29-DES | föstudagur | venjulegur |
| 30-DES | laugardagur | venjulegur |
| 31-DES | sunnudagur gamlársdagur | Opið til kl.17:00 |
| 1-JAN | mánudagur nýarsdagur | lokað |
| 2-JAN | þriðjudagur | lokað vörutalning Skúlagata opnar á miðnætti ! |
| 3-JAN | miðvikudagur | venjulegur |

Sjá nánari opnunartíma einstakra verslana á www.11-11.is

11-11



## HLJÓÐFÆRI HUGANS
**Njörður P. Njarðvík skrifar um íslenskt mál**

### Tvöföld neitun
Ólafur Sigurgeirsson sendir mér eftirfarandi klausu:

„Mig langar til að vekja athygli á sérstakri málnotkun fréttastofu ríkisútvarpsins. Þar var verið að segja frá umferðarslysi og sagt að lagfæra þyrfti aðstæður til að; „koma í veg fyrir að svona slys komi ekki fyrir.“ Svona tvöfalda neitun heyrði ég þrisvar á nokkrum dögum. Þá er sagt í fréttum núna þann 6/12, þegar sagt er frá dómi manns gegn Keri um meint samráð olíufélaganna, að dómurinn hafi vísað frá kröfu um skaðabætur sem dómurinn ákveddi. Mér finnst þessi „sóðaskapur“ í málnotkun ríkisútvarps ekki sæmandi, þrátt fyrir þá alþjóðavæðingu sem nú er í tísku og þrengir mjög að okkur sem viljum tala íslensku.“

Engu er hér við að bæta.

### Voveiflegur atburður?
„Við krufningu benti ekkert til þess að um voveiflegan atburð hefði verið að ræða,“ segir í forsíðufrétt Fréttablaðsins 9. desember af skyndilegu andláti ungrar konu eftir ofneyslu fíkniefna. Sannarlega var það voveiflegur atburður, enda merkir voveiflegur: 1 skyndilegur; 2 hræðilegur, hörmulegur, átakanlegur, slysalegur. Væntanlega hefur blaðamaður ætlað að segja að ekkert benti til saknæms, refsiverðs eða glæpsamlegs athæfis.

### Þetta er þakklátt efni –
sagði markaðsstjóri Ríkisútvarpsins 6. desember. Hverjum skyldi efnið vera þakklátt?

### Lögfræðingatal
Á morgunvakt Rúv. 14. desember var rætt við lögmenn vegna ákæru á hendur fyrrum stjórnendum olíufélaganna. Annar velti því fyrir sér hvort dómstólar myndu gera sekt í þessu máli. Ég játa að ég kann ekki skil á sérstöku lagamáli. Sekt merkir: 1 fésekt; 2 sektardómur; 3 sök. Betra væri að tala um að dæma menn seka eða til sektar. Hinn ræddi um „þessa löngu yfirlegu sem hefur átt sér stað“ í málinu og er sömuleiðis heldur klúðurslegt. Getur yfirlega átt sér stað? Fer ekki betur að segja að lengi hafi við legið yfir þessu máli? Í báðum tilvikum gildir enn að nota sagnorð og firrast nafnorð. Þó ættu menn að spara sögnina að gera eftir föngum. Virðum sagnir og forðumst óþörf nafnorð.

### Varðandi ráðgjöf
„Það var leitað til okkar varðandi ráðgjöf,“ sagði starfsmaður geislavarna ríkisins í útvarpinu og þrástagaðist á þessu leiðinlega og óþarfa varðandi. Hann (og margir fleiri) ætti að ganga til liðs við Umvinafélagið, sem stendur vörð um íslenskar forsetningar. Ég skora á landsmenn að hætta þessu varðandi-stagli. Af hverju þykir mönnum fínna að segja varðandi en um? Á ég að trúa því að einhverjum þyki það fallegra?

### Braghenda
Í framhaldi af umræðu um viðtengingarhátt sendir Guðrún Bjarnadóttir mér þessa braghendu:

*Hvorki veit ég hvort ég er né hvort ég væri.*
*Ef ég sé og ef ég færi*
*öllu léttar víst ég bæri.*

Vilji menn senda mér braghendu eða góðfúslegar ábendingar: npn@vortex.is



**DAUÐAEYJAN EFTIR ARNOLD BÖCKLIN** Listamaðurinn málaði fimm útgáfur af þessu magnaða verki – eina þeirra sá Egill í Berlín, en vísast ekki þessa útgáfu.

Egill Helgason velur málverk vikunnar

# Málverk fullt dulúðar og skringilegheita

„Þegar ég var yngri þvældist ég um heiminn og fór mjög samviskusamlega á listasöfn. Taldi mér skylt að staldra við hvert einasta verk og íhuga það,“ segir Egill Helgason sjónvarpsmaður. Hann velur athyglisvert málverk að þessu sinni. Og segir svo frá hvers vegna Todes Insel varð fyrir valinu:

„Já, svo losnaði ég nú við þessa vitleysu úr systeminu. Þannig að síðast þegar ég fór á listasafn þá fór ég bara til að skoða eina mynd sem ég vissi að þar var að finna. Þetta var í Berlín. Og myndin er Dauðaeyjan, eða Todes Insel, eftir Arnold Böcklin. Ég sá þessa mynd fyrst utan á einhverri pappírskilju sem ég var að baksa við að lesa, bók eftir Nietzsche, sem ég kláraði örugglega aldrei. En þetta málverk er frábært, rómantískt verk, fullt af dulúð. Böcklin mun hafa málað fimm útgáfur af þessu verki. En þetta er æðislegt verk fullt af dulúð og skringilegheitum. Sem orkar sterkt á mig.“



**EGILL HELGASON** Síðast þegar hann fór á listasafn var það gagngert til að berja mynd Böcklins – og aðeins hana – augum.




Lausn krossgátunnar er birt að viku liðinni á vefnum, www.gatur.net

# Gleðileg jól

Við verðum með yfir **2000 manns** til taks yfir hátíðarnar - dag og nótt.

112

Hringdu ef þú þarft.

SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG

NOTUÐ TÆKI


Mercedes Benz
Árgerð 1997 - Ekinn 125.000


Iveco Eurocargo
Árgerð 1997 - Ekinn 253.000


JCB JS 160W Hjólagrafa
Árgerð 1998 - v.st. 6.000


JCB Teletruck
Árgerð 2006 - v.st. 960


JCB Traktorsgrafa
Árgerð 2000 - v.st. 4.000


STILL R60-25
Árgerð 1996 - v.st. 12.700

VÉLAVER HF
Sími 588 2600
www.velaver.is

# Neyðarvakt - Afgreiðslutímar

Afgreiðslutímar yfir hátíðar

## Neyðarlínan

**Neyðarlínan 112** er opin allan sólarhringinn og svarar fyrir slökkvilið, sjúkrabifreiðir og lögreglu um allt land.

## Slysa- og bráðamóttaka

**Slysaö og bráðamóttaka Landspítala - háskólasjúkrahúss** í Fossvogi er opin allan sólarhringinn og sinnir neyðartilfellum. Aðalsímanúmer er 543 1000.
Einnig bráðamóttaka við Hringbraut. Aðalsímanúmer er 543 1000.
Beint innval á Slysadeild í Fossvogi er 543 2000 og á Áfalla- og neyðardeild í Fossvogi 543 2085.

Slysadeild **Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri** við Eyrarlandsveg er opin allan sólarhringinn. Aðalsímanúmer er 463 0100. Beint innval á Slysadeild er 463 0800.

## Læknavaktin Smáratogi:

Móttaka fyrir heilsugæsluumdæmin í Reykjavík, á Seltjarnarnesi, í Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði verður opin í Smáratorgi, Kópavogi:
aðfangadag frá 9 til 18 og aftur milli 20.30 til 23
jóladag frá 9 til 23.30
annan í jólum frá 9 til 23.30
Símaþjónusta og vitjanaþjónusta er opin allan sólarhringinn yfir jólin í síma 1770.

## Rauði krossinn

**Hjálparsími Rauða krossins** er **1717** og er svarað í því númeri allan sólarhringinn.
Konukot, athvarf fyrir heimilislausar konur er í Eskihlíð 4, Reykjavík. Þar er sólarhringsvakt til 2. janúar.

## Stígamót

Lokað yfir hátíðarnar. **Bent er á Áfalla- og neyðarmóttöku Landspítalans í Fossvogi.** Sími 543 2085.

## SÁÁ

Lokað. Bent er á Slysadeild og bráðamóttöku Landspítala komi alvarleg tilfelli upp. **Sími 543 2000.**

## Kvennaathvarfið

Opið allan sólarhringinn yfir hátíðarnar. **Neyðarsíminn er 561 1205.**

## Tannlæknaþjónusta

Opið verður á stofum eftirtalinna tannlækna yfir hátíðarnar:

**Aðfangadagur**
Benedikt B. Ægisson, Síðumúla 25, Reykjavík. Sími 553 4450. Opið milli 9.30 og 12.
**Jóladagur**
Birgir Ólafsson, Melhaga 20-22, Reykjavík. Sími 557 7791 Opið milli 11 og 13.
**Annar jólum**
Bjarki Ágústsson, Staðarbergi 2-4, Hafnarfirði. Sími 565 1600. Opið milli 11 og 13.
Sjúklingum er bent á að snúa sér til Slysadeildar komi upp alvarleg tilfelli utan opnunartíma.


AKSTRI STRÆTÓ LÝKUR UM KLUKKAN 16 Í DAG

## Apótek

**Aðfangadagur**
Lyf og heilsa er opin:
í Austurveri frá 10 til 18
í JL húsinu frá 9 til 12
í Kringlunni frá 10 til 13
í Mjóddinni frá 10 til 12
á Selfossi frá 10 til 13
í Vestmannaeyjum frá 11 til 12.30
á Glerártorgi Akureyri frá 10 til 12
í Keflavík frá 10 til 12

Lyfja í Lágmúla er opin frá 8 til 18

Lyfjaval Hæðasmára 4 er opin frá 10 til 14

**Jóladagur**
Lyf og heilsa er opin
í Austurveri frá 10 til 24
í Vestmannaeyjum frá 14 til 14.30
í Hafnarstræti á Akureyri frá 15 til 17

Lyfja er opin
í Lágmúla frá 10 til 24

**Annar í jólum**
Lyf og heilsa er opin:
í Austurveri frá 10 til 24
í Vestmannaeyjum frá 14 til 14.30
Í Keflavík frá 10 til 14
Í Hafnarstræti á Akureyri frá 15 til 17

Lyfja er opin:
í Lágmúla frá 8 til 24

Bílaapótek Lyfjavals, Hæðasmára 4 er opið frá 10 til 23

Þeir sem þurfa á lyfjum að halda geta haft samband við Læknavaktina utan þjónustu apótekanna ef brýna nauðsyn ber til.

## Stórmarkaðir

**10-11**

Aðfangadagur
Opið til kl. 16.00.
Jóladagur
Lokað. Opnar í sólarhringsverslunum á miðnætti.
Annar í jólum
Opið frá 9 til miðnættis. Sólarhringsverslanir opnar allan sólarhringinn.

**11-11**

Aðfangadagur
Opið 9-16.

Jóladagur
Lokað, en opnað á Skúlagötu um miðnætti.
Annar í jólum
Opið frá klukkan 12 til 23 og til 24 í Brekkuhúsum og Hraunbæ.

**Bónus:**

Aðfangadagur
Opið frá 9 til 12.

Jóladagur og annar í jólum
Lokað.

**Fjarðarkaup**

Aðfangadagur
Opið frá klukkan 10 til 12.30.

Jóladagur og annar í jólum
Lokað.
Hagkaup

Aðfangadagur
Opið frá klukkan 9 til 14.
Jóladagur og annar í jólum
Lokað.

**Krónan**

Aðfangadagur
Opið frá 10 til 13.

Jóladagur og annar í jólum
Lokað.

**Nóatún**

Aðfangadagur
Opið frá 9 til 14

Jóladagur og annar í jólum
Lokað

## Samgöngur

**Strætó bs.**

Aðfangadagur
Ekið á öllum leiðum samkvæmt áætlun sunnudaga en akstri lýkur um klukkan 16.
Jóladagur
Ekið samkvæmt áætlun helgidaga og hefst akstur um 15.30.
Annar í jólum
Ekið eftir áætlun helgidaga.

**Herjólfur**

Aðfangadagur
Siglt frá Vestmannaeyjum klukkan 8.15 og frá Þorlákshöfn klukkan 11.
Jóladagur
Engar siglingar.
Annar í jólum
Siglt frá Vestmannaeyjum klukkan 8.15 og 16
Frá Þorlákshöfn klukkan 12 og 19.30

**Flugfélag Íslands**

Aðfangadagur
Flogið til Akureyrar, Egilsstaða, Ísafjarðar og Vestmannaeyja
Síðasta brottför frá Reykjavík er klukkan 12.15
Frá Akureyri kl. 12.40,
frá Egilstöðum kl. 12.40,
frá Ísafirði kl. 13,
frá Vestmannaeyjum klukkan 11.20.
Ekki er flogið á jóladag.
Flogið er samkvæmt áætlun á annan í jólum. Nánari upplýsingar á www.flugfelag.is

**Sérleyfishafar á BSÍ**

Brottför frá BSÍ
Aðfangadagur
Reykjanesbær kl. 14.30,
Hveragerði og Selfoss kl. 8.30 og 12.30,
Þorlákshöfn, Eyrarbakki og Stokkseyri kl. 10.
Hella og Hvolsvöllur kl. 12.30,
Borgarnes kl. 8.30 og 13.
Jóladagur
Enginn akstur.
Annar í jólum
Ekið samkvæmt helgaráætlun.





# ÉG ætla að bíða



MyPocket Productions

því ég vil ekki láta vímuefni eyðileggja öll mín framtíðarplön
vegna þess að það er ekki hægt að spóla til baka ef illa fer
vegna þess að mig langar að hitta fólk án þess að þurfa að hugsa um lyktina út úr mér eða hvort eitthvað sjáist í augunum og svoleiðis.
vegna þess að mig langar að vita hvernig ég virka í þessum heimi
vegna þess að ég er á kafi í tónlist og mér finnst ekki til betri tilfinning en að syngja með öllum líkamanum og finna fyrir hverri frumu, ef þið skiljið hvað ég á við.
vegna þess að ég er ástfangin
vegna þess að mig langar til að lifa heil
því ég er nokkuð forvitinn um framtíðina og vil helst ekki missa af henni
því næstu ár gera mig að því sem ég verð, kannski alla ævi
vegna þess að ég er ekki tilbúin til að breytast í eitthvað annað en sjálfa mig
bara vegna þess að þannig get ég alltaf vitað hvað er að gerast og hverjir eru vinir mínir
því ég vil læra á sjálfa mig og geta sent öðrum rétt skilaboð, sérstaklega strákum auðvitað
af því að ég vil geta sagt satt og sleppt öllu stressi
því ég er verulega einstakur og vil að fólk læri smám saman að meta mig fyrir það sem ég er
vegna þess að mig langar að fatta sjálfan mig fyrst
vegna þess að ég ætla mér að verða besta mögulega útgáfan af mér
vegna þess að þegar ég er ég finnst mér ég geta allt, og svoleiðis vil ég vera, - á mínu svæði einhvern veginn
maður þarf að hafa á hreinu hvað maður er að gera til að geta gert það betur næst
af því að þegar ég les get ég upplifað allt sem ég vil og samt verið ég sjálf allan tímann
af því að það er nógu flókið að vera unglingur þó maður bæti ekki ruglinu við líka
út af því að ég er alltaf að taka myndir og finnst það bara málið
vegna þess að vinur bróður míns dó út af töflum sem hann tók og hann var samt nýbúinn að segja mér að hann væri með allt á hreinu
af því að ég ætla að kynnast mér eins og ég er
því ég er of upptekin við að skrifa bloggið mitt
vegna þess að árin fram að tvítugu er maður í bakaraofninum og eins gott að taka ekki sénsinn á að opna of snemma því þá gæti allt farið í klessu

KB BANKI · samfo SAMSTARF UM FORVARNIR · Reykjavíkurborg Forvarnanefnd · FRÉTTABLAÐIÐ




## STUÐ MILLI STRÍÐA: Engar rjúpur ekkert stress

**DÓRI DNA** KLUKKAN ER SEX GLEÐILEGT JÓÐL



Á jólunum er gleði og gaman, fúmm, fúmm fúmm. Á jólunum rífast mamma og pabbi um sósuna. Svo finnst einni frænkunni sín rjúpa vera seig. Ég borða ekki rjúpur og enginn skammar mig fyrir það. Einu sinni borðaði ég meira að segja eintómt laufabrauð og öllum var sama.

Á jólunum fékk ég einu sinni alltaf að opna einn pakka fyrir mat, en ég tími því ekki lengur. Því með aldrinum fækka jólapakkarnir. Jólin, jólin allstaðar. Jólin eru úti í bíl, þar er pabbi með aðventuljós tengt í bílkveikjarann. Svo geymir hann stundum gjöfina mína í skottinu, alveg þar til á síðustu stundu. Það eru sem sagt jól í skottinu. Það eru jól líka hjá hundinum, en mamma batt á hann rauðan tóbaksklút og hann datt beint í jólaskapið.

Snjókornin falla á allt og alla. Mömmu finnst það jólalegt, en pabbi segir að nú verðum við öll fennt inni og komumst ekki út fyrr en í apríl. Pabbi segir pabbi segir. Hann segir að bráðum komi dýrðleg jól, en mamma segir að við verðum gjaldþrota ef við hættum ekki að gefa svona dýrar gjafir. Ég fæ í jólagjöf: fjarstýrðan bíl, Ipod, fartölvu og Hyundai 166 mhz PC tölvu og eina ljóta úlpu. Svo sá ég einu sinni mömmu kyssa jólasvein, en það reyndist vera Rúddi frændi, með rautt nef því hann fékk sér of mikið af jólabrennsanum.

Jólaísinn, jólagotteríð, jólamyndirnar í ár og jólakötturinn, þetta allt á sínum stað, en jólabarnið sjálft er ekki að finna. Það er hátíð í bæ, engin spurning. Bjart er yfir Betlehem, ég sá það í sjónvarpinu, þeir eru byrjaðir að bomba gyðingana með öllu sem þeir eiga. Gleðileg jól Gibson. Og Dís, þú komst með jólin til mín og nóttin verður ágætari en nokkru sinni fyrr.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is




*EF MYNDIRNAR PIRATES OF THE CARRIBEAN, SUPERMAN RETURNS EÐA YOU, ME AND DUPREE ERU EKKI INNI ÞÁ FÆRÐU HANA FRÍA TIL ÚTLEIGU Í EINN SÓLARHRING NÆST ÞEGAR ÞÚ KEMUR GEGN FRAMVÍSUN "100%" KORTS. GILDIR Í EINN MÁNUÐ FRÁ AUGLÝSINGU OG AÐEINS Á ÞEIM SÖLUSTAÐ ÞAR SEM MYNDIN VAR EKKI INNI.

VIDEOHÖLLIN
Á þínu bandi

BÓNUSVÍDEÓ
Leigan í þínu hverfi

**Kl. 23.30**

*Miðnæturmessa við kertaljós á jólanótt í Langholtskirkju. Sr. Kristján Valur Ingólfsson predikar og þjónar fyrir altari ásamt sóknarpresti. Margrét Bóasdóttir syngur einsöng en organisti Lára Bryndís Eggertsdóttir.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Hátíðleg sálmaskífa

Smáskífan Helga himneska stjarna, með samnefndu lagi, er komin út en þar er á ferðinni hátíðlegt og fallegt jólalag. Ljóðið orti Sigurbjörn Einarsson biskup við lag Steins Kárasonar. Lagið er í tveimur útgáfum á þessum nýja hljómdiski. Annars vegar í flutningi Schola cantorum og félaga úr kammersveit Hallgrímskirkju undir stjórn Harðar Áskelssonar í útsetningu Atla Heimis Sveinssonar. Sú útgáfa var tekin upp í Hallgrímskirkju fyrir skömmu af Sveini Kjartanssyni. Hins vegar er lagið sungið af Hrólfi Sæmundssyni baritón við orgelundirleik Steingríms Þórhallssonar organista í Neskirkju. Eiríkur Hilmisson annaðist þá upptöku.

Að sögn útgefandans Steins Kárasonar hefur útgáfa þessa jólasálms verið á döfinni um skeið og er hin Helga himneska stjarna að hans sögn nú komin í hátíðarbúning við hæfi, í flutningi kórs og kammersveitar.

Diskinn verður m.a. hægt að nálgast í verslunum Pennans, Skífunnar og KS á Sauðárkróki.




**LANGUR AÐDRAGANDI** Lagið varð til á aðfangadagskvöld 1969.



**> Ekki gleyma...**

smáfuglunum. Á þessum árstíma er tilvalið að liðsinna okkar minnstu vinum og gauka að þeim aukafræjum.

# Að berjast gegn staðreyndum lífsins

**„Það er engin svör að hafa í leikhúsinu, aðeins ótal spurningar. Í því liggur líka styrkur leikhússins; það opnar fyrir fyrir hugmyndir, spurningar, umræðu og skilur áhorfendur eftir í leit að svörum.“**

Þetta segir gríski leikstjórinn Giorgos Zamboulakis en hann og Thanos Vovolis leikmynda- og búningahönnuður eru listrænu stjórnendurnir á bak við jólasýningu Þjóðleikhússins í ár, Bakkynjurnar eftir Evripídes. Bakkynjur er eitt af þekktari verkum grísku gullaldarinnar en engu að síður er þetta í fyrsta skipti sem það kemur fyrir sjónir íslenskra leikhúsgesta, í nýrri þýðingu Kristjáns Árnasonar.

**Uppspretta spurninga**

Guðinn Díónýsos, öðru nafni Bakkos, kemur til Þebuborgar til þess að minna á guðlegan uppruna sinn og staðfesta nýjan helgisið, víndrykkju, sjálfum sér til dýrðar. Þetta leiðir til þess að konur borgarinnar leggjast út í hlíðar fjallsins Kíþeron þar sem þær æða um trylltar í algleymi vímunnar. En Penþeifur konungur neitar að taka þennan sið í sátt sem verður til þess að reiði Bakkosar bitnar á konungsfjölskyldunni og öðrum borgarbúum með skelfilegum afleiðingum.

„Það er gríðarleg valdabarátta í þessu verki. Valdabarátta í gegnum konur og um hið guðlega og ótal margt annað. Verkið er samt miklu opnara og margbreytilegra en svo að það einskorði sig við það efni. Styrkur þess felst í því hvað það opnar ótæmandi lendur spurninga,“ segir leikstjórinn Giorgos Zamboulakis.

**Órjúfanleg lífræn heild**

Þeir Giorgos og Thanos vinna alltaf ferli hverrar sýningar saman frá upphafi, skapa grunnkonseptin sem þeir vilja draga fram í hverri sýningu og þannig hafa þeir unnið í ein sextán ár. „Þetta hefur auðvitað leitt til þess að vinnubrögðin og stíllinn fastmótast,“ segir Thanos og bætir við að sýn þeirra á leikhúsið sem form sé alltaf innan myndarinnar. „Við erum alltaf að vinna með leikhúsið sem grundvallarrými fyrir leikarann, textann, líkamann. Leikhúsið sem líkamlega heild, fæðingarferli sem hefst með nærveru leikarans og sem áhorfandinn fullkomnar, gefur líf með nærveru sinni og sammannlegum kenndum, vonum og þrám.“ Giorgos leikstjóri tekur undir þessa hugmyndafræði og segir alla vinnu þeirra vera meðvitaða um þetta ferli. „Vinna okkar með leikurunum byggir á þessari sýn. Þessum væntingum okkar um að skapa einn heildstæðan lifandi líkama. Upphitun leikaranna fyrir hverja æfingu er til að mynda mjög mikilvæg. Upphitunin er eina leiðin til þess að koma leikaranum í réttar aðstæður og ástand til þess að skila þessu verkinu frá sér í hljóði, hreyfingum, mynd og texta. Upphitunin færir leikarana saman, hjálpar þeim til þess að verða hluti af einni órjúfanlegri lífrænni heild. Markmiðið er að skapa leikurunum sameiginlegt tungumál og samstilla hópinn, rétt eins og sinfóníuhljómsveit stillir saman strengi sína. Eftir að hafa unnið með leikhópi í ákveðinn tíma verður þetta að rituáli sem engum dettur í hug að sleppa áður en lagt er á djúpið, enda verða leikararnir að halda tryggð við þetta ferli í sýningunni eftir að við erum farnir.“

**Í okkar huga er það ekki síst leitin að lausninni sem gerir okkur að betri manneskjum og stuðlar að framþróun.**

**Kerfi hreyfinga og nærveru**

Thanos og Giorgos vilja leggja áherslu á hversu ómetanleg þátttaka margra hefur verið að sýningunni. Þórunn Sigþórsdóttir er aðstoðarleikstjóri, Hlín Agnarsdóttir dramatúrg, Erna Ómarsdóttir danshöfundur, Atli Ingólfsson höfundur tónlistar. Lárus Björnsson hannar lýsingu og Björk Viggósdóttir sér um myndvinnslu. „Þetta fólk og fleiri til hafa myndað leikhópnum og okkur öllum sem að uppfærslunni koma ómetanlegan stuðning og eiga ríkulegan þátt í heildarmyndinni,“ segir Thanos.

Giorgos og Thanos eru sérstaklega ánægðir með íslensku leikarana innan þessa ferlis. Þeim finnst það ómetanlegt hvað þeir eru opnir fyrir því að reyna nýjar aðferðir og viljugir til þess að læra. Thanos útlitshönnuður tekur virkan þátt í þessari vinnu sem hann lítur á sem hluta af því að skapa heildarútlit sýningarinnar. „Öll þessi vinna leikaranna skilar þeim og sýningunni heildstæðari til áhorfandans. Hver og ein persóna fær t.d. ákveðið mynstur hreyfinga sem skapa ákveðna tilfinningu á sviðinu. Með skýrleikanum og endurtekningunni verða þessar hreyfingar að persónueinkennum og mynda ákveðið kerfi. Þannig geta hreyfingarnar birt persónuna á sviðinu, skapað nærveru hennar, án þess að hún sé þar í raun og veru. Rétt eins og í lífinu þar sem ákveðin tónlist, umhverfi eða athöfn getur fært tilhugsunina um persónur upp í hugann.“

**Spurningar en engin svör**

Thanos og Giorgos telja að þessi aðferðafræði henti ákaflega vel fyrir verk á borð við Bakkynjur Evripídesar. Þeir völdu ekki að vinna við þetta verk vegna þess að það tilheyri grísku klassíkinni og að þeir sem Grikkir séu á einhvern hátt tengdari því en aðrir. Verkið einfaldlega veki áhuga þeirra og kallist svo hraustlega á við fjölmargar spurningar sem maðurinn stendur frammi fyrir í dag; jafnt í persónulegu, pólitísku og trúarlegu tilliti. „Leikritið tekst á við það sem við kjósum að kalla grundvallarjöfnur, varpar þeim fram og hvetur viðtakandann til þess að leita lausna. Í okkar huga er það ekki síst leitin að lausninni sem gerir okkur að betri manneskjum og stuðlar að framþróun. Í Bakkynjum er verið að takast á um reglu og kaos, austur og vestur, stöðu og hlutverk kvenna og karla, þekkingu og stjórnun sjálfsins, aðkomumann í fastmótuð samfélagi, hlutverk og hroka valdsins, trú og trúleysi, vímu og skýrleika og ótal fleiri spurningar sem verkið dregur upp andstæðukenndar myndir af. Okkar hlutverk og allra sem að sýningunni koma er ekki að finna lausnirnar að þessum jöfnum heldur draga upp af þeim skýra og áhugaverða mynd sem hvetur fólk til þess að velta þeim fyrir sér. Ef þetta tekst þá er markmiðum okkar náð. Þess vegna viljum við meina að það leikhús sem við erum að skapa leggi í senn traust og ábyrgð á áhorfandann.“

Þeir Thanos og Giorgos leggja alltaf mikla áherslu á að heildarupplifun áhorfandans sé ekki bundin af einni skynjun umfram aðra. Sem dæmi um þetta nefna þeir hljóðmynd uppfærslunnar sem er eins og þroskasaga manneskju frá rokkuðum unglingsárum til fágaðri tónlistar og loks innhverfra tóna síðustu andartakanna. „Við verðum að hugsa til þess að hver og einn áhorfandi upplifir sýninguna á sinn hátt, tekur inn ólíka þætti og er öðruvísi samansettur en sessunautur hans. Hvert og eitt okkar þarf að leitast við að feta nýjar og ókannaðar slóðir sjálfsins og það er meðal þess sem Bakkynjur Evripídesar fjalla um. Alsæla vímunnar gerir bakkynjunum kleift að kanna nýja reynslu og möguleika og verða aðrar persónur en þær eru í hversdaglegu lífi. Þær ganga langt út yfir mörk skynseminnar og afleiðingarnar eru skelfilegar, í því felst harmleikur. Með slíkum hætti reyndu Grikkirnir að skapa innan leiklistarinnar áhugaverða umræðu um heimspeki, siðferði og stjórnmál – bera möguleikana á borð fyrir áhorfendur og hvetja fólk til þess leita svara sem er frelsandi í sjálfu sér. Við verðum að treysta áhorfendum til þess að taka þátt í heildarsköpuninni og halda henni áfram eftir að sýningunni sleppir. Það sem er svo stórkostlegt við tragedíuna er hvernig hún virkjar það sem er sammannlegt. Eitthvað sem við öll þekkjum og skiljum, nefnilega sársaukann. Í uppfærslu okkar notum við sársaukann til þess að tengjast áhorfendanum og skapa kvöldstund sem lifir með honum og hann tekst á við með sínum hætti. Það sem er erfiðast er að skilja eftir hæfilega mikið rými innan sýningarinnar fyrir áhorfandann til þess að stíga þar inn og fullkomna heildaráhrifin með nærveru sinni og úrvinnslu.“

**Tímalaust meistaraverk**

Það er greinilega hjartans mál fyrir þá Thanos og Giorgos að koma þessari sýn sinni á leikhúsvinnuna áleiðis. Láta ekki staðar numið við hugmyndafræðina heldur láta á hana reyna. Á undirbúningstímabilinu deildu þeir því ferlinu með fólki utan sýningarinnar. „Það komu til okkar ungir listdansnemar, myndlistarnemar, rithöfundar og bara fullt af áhugasömu fólki. Við buðum þeim menntun, umræðu og gáfum þeim tækifæri til þess að taka þátt í ferlinu og þátttaka þessa fólks gaf okkur í hópnum líka ótal margt til baka.“

Bakkynjur Evripídesar er um 2.500 ára gamalt verk og því er óhjákvæmilegt að spyrja að því hvort og þá hversu mikið erindi verkið eigi til nútímaáhorfenda norður á Íslandi. En í huga Thanosar og Giorgosar er verkið svo tímalaust og sammannlegt að það mun ávallt eiga erindi til fólks hvar og hvenær sem er. Þessu til stuðnings benda þeir á að þeim finnst engin munur á því að vinna sýningu fyrir íslenska áhorfendur, gríska eða annars staðar í veröldinni ef því er að skipta. „Þetta verk er um lífið sjálft og harmleikurinn felst í að hafna staðreyndum þess eins og Penþeifur gerir. Hann berst gegn staðreyndinni um líf og dauða og það er það sem gerir hann að hetju. Móðir hans sundurhlutar líkama hans í æði vímunnar, rétt eins og við erum öll af móður jörð komin og hún hlutar okkur í sundur í gröfinni að degi okkar liðnum. Einfaldleikinn, óhugnaðurinn og fegurðinn í þessari sögu gerir Bakkynjur að tímalausu meistaraverki.“

magnusg@frettabladid.is



**TÍMALAUST LISTAVERK** Álfrún Helga Örnólfsdóttir sem Bakkynja á bak við grímu eftir Thanos Vovolis en hann er á meðal þekktustu og bestu grímugerðarmanna Grikkja.

MYND/ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ



**FARSÆLT SAMSTARF** Thanos Vovolis sem er höfundur leikmyndar, búninga, gerva og grímna og Giorgos Zamboulakis leikstjóri hafa unnið saman í ein sextán ár og mótað sitt kerfi í heildarsköpun leikhússins.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA


JÓLATÓNLISTIN HLJÓMAR Á LÉTT BYLGJUNNI
OG KEMUR ÞÉR Í JÓLASKAPIÐ.
NJÓTTU UNDIRBÚNINGSINS MEÐ GÓÐRI TÓNLIST.
LÉTT BYLGJAN 967
- JÓLASTÖÐIN ÞÍN!

# Troðin slóð

Í Skáldalaunum (bls. 66) fullyrðir skáldið undir lok ljóðsins:
*Hvort þú getur skrifað,*
*það er ekki málið.*
*Það eru bókaforlögin*
*sem stjórna plottinu.*

Já: Utanforlagsskáldin veiða ekki aurinn upp úr vasa skattborgarans hjálparlaust, satt og rétt, en þótt mörgæsir á fínum mannamótum eigi forlögin, stýra þær ekki forlögunum, eins og segir raunar í sjálfu ljóðinu, það eru: bókaforlögin, forlög bókarinnar, hverrar fyrir sig, sköpin sem stjórna plottinu, habent sua fata, libelli. Skáldskapur bókarinnar hefur síðan bein áhrif á örlög hennar og þá er einmitt „málið“ hvort þú getur skrifað.

Skáldskapur Haraldar er tíðindalaus – þótt vissulega geti hann skrifað. Spjall um hvaðeina. Svör umfram spurnir. Allt fremur augljóst. Tilþrifalítið en víða ekki ósmellið. Sjálfsagt að sækja um aftur.

**Sigurður Hróarsson**

**BÆKUR**

**Gengin spor**
**Haraldur S. Magnússon**

★★

Tilþrifalítið verk og tíðindalítill skáldskapur.





# Vínartónleikar



Vínartónleikar Sinfóníuhljómsveitarinnar eru í huga margra jafn ómissandi hluti af því að fagna nýju ári og flugeldar og brennur. Líklega verður uppselt á Vínartónleika venju samkvæmt og því er ráðlegt að tryggja sér miða í tíma á www.sinfonia.is

GRÆN TÓNLEIKARÖÐ Í HÁSKÓLABÍÓI
MIÐVIKUDAGINN **3. JANÚAR** KL. 19.30 LAUS SÆTI

TÓNLEIKAR UTAN RAÐA Í HÁSKÓLABÍÓI
FIMMTUDAGINN **4. JANÚAR** KL. 19.30 LAUS SÆTI
FÖSTUDAGINN **5. JANÚAR** KL. 19.30 ÖRFÁ SÆTI LAUS
LAUGARDAGINN **6. JANÚAR** KL. 17.00 ÖRFÁ SÆTI LAUS



Hljómsveitarstjóri ::: Christopher Warren-Green
Einsöngvari ::: Þóra Einarsdóttir
Vínartónlist eftir Johann Strauss yngri, Johann Strauss eldri, Carl Millöcker og Richard Heuberger

FL GROUP ER AÐALSTYRKTARAÐILI SINFÓNÍUHLJÓMSVEITAR ÍSLANDS

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS
SÍMI **545 2500** ::: WWW.**SINFONIA.IS**

# ÖÐRUVÍSI VÍNARTÓNLEIKAR

**Kammersveitin Ísafold ásamt Huldu Björk Garðarsdóttur sópran og Ágústi Ólafssyni barítón flytja Sinfóníu nr. 4 & Kindertotenlieder eftir Mahler. Hljómsveitarstjóri: Daníel Bjarnason**
**6. janúar kl. 17.00 í DUUS - húsum í Keflavík**
**7. janúar kl. 20.00 í Íslensku óperunni**
**Miðaverð kr. 2.000 - Námsmenn: 2 fyrir 1**

SpKef

**FLAGARI Í FRAMSÓKN - The Rake´s Progress e. Stravinsky - Nánari upplýsingar á www.opera.is**
**Frumsýning fös. 9. feb. kl. 20 - nokkur sæti laus** - 2. sýn. sun 11. feb. kl. 20
3. sýn. fös. 16. feb. kl. 20 – 4. sýn. sun. 18. feb. kl. 20 **FÁAR SÝNINGAR**
**TRYGGÐU ÞÉR MIÐA STRAX ! - 25 ára og yngri fá 50% afslátt af miðaverði í sal**
Kynning fyrir sýningu í boði VÍÓ kl. 19.15 (ekki á frumsýningu)

www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200**

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga. Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

ÍSLENSKA ÓPERAN

„KLUKKUSTUND Í ÓSKILUM INNIHELDUR GRÍÐARLEGA ORKU.“
ÓFAGRA VERÖLD

STARFSFÓLK BORGARLEIKHÚSSINS ÓSKAR YKKUR

GLEÐILEGRA JÓLA OG FARSÆLDAR Á KOMANDI ÁRI

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is
BORGARLEIKHÚSIÐ




ego
ÓDÝRT BENSÍN



EINFALT GOTT ÓDÝRT

KÍKTU Á KVITTUNINA
Ódýrt eldsneyti + ávinningur!

ÞÚ GÆTIR UNNIÐ MIÐA Á GRÍNSMELLINN
TENACIOUS D
FRUMSÝND ANNAN Í JÓLUM

REGNBOGINN · LAUGARÁS BÍÓ · Borgarbíó Akureyri

# Rödd úr Hafnarfirði




Ljóst var þegar Guðrún Árný kom fram á skemmtisviðum landsins að hæfileikar hennar voru miklir, röddin styrk og stór, framkoma örugg og viljinn einbeittur til að standa sig. Í öðrum löndum hefði söngleikjabransinn gleypta hana lifandi, þjálfað hana upp til leiks á sviði – en hér gefast ekki slík tækifæri. Á þeim vettvangi var henni þó vís frami í tilteknum gerðum söngleikja – dæmi hennar er því áminning um hversu vanbúin við erum til að veita slíka alþýðuskemmtun þó víða leynist talent sem ráði við slík verkefni.

Á þessum diski leitar Guðrún á nokkur svið, þetta eru dramatísk, melódramatísk lög, állt yfirbragðið er sótt í frönsku hefðina eins og Celine Dion plægði með miklum vinsældum. Lagavalið er breitt en sveigt undir stórhljómsveitarstíl útsetninga Þóris Baldurssonar fyrir rythmasveit og sinfóníuhljómsveit: hér eru lagasmíðar eftir Benny í Abba, Stevie Wonder og George Michael, og minni spámenn íslenska, tvö eftir hana sjálfa. Ljóðin er sótt til kunnugra textasmiða og í flutningi á lögum sem þessum reynir mikið á að menn falli ekki í flatan samsetning til að þjóna línunni: textarnir eru veikasti hlutur safnsins og sanna að jafnvel í rómantískum söngvum er brýnt að ort sé af andagift.



GUÐRÚN ÁRNÝ KARLSDÓTTIR SÖNGKONA

Útgáfa diskins er öll af miklum metnaði og væri synd ef Guðrún næði ekki til áheyrenda sem unna tónlist af þessum skólanum – nóg er af innflutningi í þessum anda. Því það er jú erindið að ná eyrum og hér er allt unnið af slíkum ágætum. Og Guðrún er söngkona af slíkum kalíber að synd væri að henni entist ekki þol og metnaður til að ná fullum tökum á list sinni á vettvangi sem henni hæfði. Tónlist af þessu tagi er ekki að mínum smekk, en ég finn í henni ríkan metnað og er viss um að stórum hópi mun falla hún í geð – komist rödd hennar og tónlist að í spilun og fái athygli þar sem margir eru um hituna.

**Páll Baldvin Baldvinsson**

**TÓNLIST**

**Eilíft augnablik**

Guðrún Árný

Frost musik

★★

Vönduð og dramatísk framleiðsla fyrir flotta rödd.




# Ný Þjóðmál

Vetrarhefti tímaritsins Þjóðmála er komið út en meðal efnis þar er viðamikil umfjöllun um pólitískar hliðar Hafskipsmálsins svonefnda. Björn Jón Bragason segir þar frá stóryrðum stjórnmálamanna í ræðustóli á Alþingi um stjórnendur Hafskips, en þau leiddu til Hafskipsmálsins sem skók íslenskt samfélag á níunda áratug 20. aldar. Ragnhildur Kolka fjallar um hnignun Sameinuðu þjóðanna og spillinguna sem þrífst innan þessarar alþjóðastofnunar. Árni Björnsson segir frá tilraunum austur-þýsku leyniþjónustunnar til að veiða hann í net sitt á námsárum hans í Austur- og Vestur-Þýskalandi á sjöunda áratug 20. aldar í greininni: „Stasi og ég“. Auk þess skrifa Gréta Ingþórsdóttir, Gísli Freyr Valdórsson, Björn Bjarnason, Björn Bjarnason, Hannes Hólmsteinn Gissurarson og Jónas H. Haralz í ritið.

Í Þjóðmálum má einnig finna umfjöllum um jólabækur ársins og fjármál stjórnmálaflokkanna, kvæði Matthíasar Johannessen auk forvitnilegra bókadóma. Ritstjóri Þjóðmála er Jakob F. Ásgeirsson. - khh





**Barna- og unglingaleikhús Austurbæjar kynnir Jólafárið eftir Kikku.**

Mið 27.des kl. 13.00 / Fim 28.des kl. 13.00 Miðaverð kr. 800

**Miðasala Austurbæjar opin 13 - 17 alla daga sími : 551 4700 / www.midi.is**

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

**Þjóðleikhúsið óskar landsmönnum öllum gleðilegra jóla!**

**Stóra sviðið kl. 20:00**

**STÓRFENGLEG!** eftir Peter Quilter
Lau. 6/1, lau. 13/1 **nokkur sæti laus**, lau. 20/1, lau. 27/1.

**SITJI GUÐS ENGLAR** eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Fös. 29/12 **kl. 20:00** uppselt, lau. 30/12 **kl. 14:00** uppselt og **kl. 17:00** uppselt, lau. 6/1 **kl. 14:00 örfá sæti laus**, sun. 7/1 **kl. 14:00 örfá sæti laus** og **kl. 20:00**, lau. 13/1 **kl. 14:00 nokkur sæti laus**, sun. 14/1 **kl. 14:00 örfá sæti laus**, lau. 20/1 **kl. 14:00 örfá sæti laus**, sun. 21/1 **kl. 14:00 nokkur sæti laus**.

**BAKKYNJUR** eftir Evripídes
Frumsýning 26/12 uppselt, 2. sýn. mið. 27/12 **örfá sæti laus**, 3. sýn. fim. 28/12 **örfá sæti laus**, 4. sýn. fim. 4/1 **örfá sæti laus**, 5. sýn. fös. 5/1 **örfá sæti laus**, 6. sýn. fim. 11/1 **örfá sæti laus**, 7. sýn. fös. 12/1 **nokkur sæti laus**, 8. sýn. fim. 18/1.

**Smíðaverkstæðið kl. 20:00**

**PATREKUR 1,5** eftir Michael Druker.
Lau. 6/1 **nokkur sæti laus**, fös. 12/1 **kl. 16:30 nokkur sæti laus**, lau. 13/1 **örfá sæti laus**, lau. 20/1. **Ath! Miðaverð aðeins 1.500 kr. fyrir nema gegn framvísun skólaskírteinis.**

**Kúlan**

**SKOPPA OG SKRÍTLA** eftir Hrefnu Hallgrímsdóttur
Lau. 6/1 **kl. 11:00** uppselt, **kl. 12:15** og **kl. 14:00**, sun. 7/1 **kl. 11:00, kl. 12:15** og **kl. 14:00**, lau. 13/1 **kl. 11:00, kl. 12:15** og **kl. 14:00 örfá sæti laus**, sun. 14/1 **kl. 11:00, kl. 12:15** og **kl. 14:00** uppselt.

**Miðasala í síma 551 1200 og á netinu www.leikhusid.is.**
**Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 18:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 – 20:00.**

FRÉTTABLAÐIÐ **AUGLÝSINGASÍMI 550 5000**

Jóladansleikur

MILLJÓNAMÆRINGANNA




PIPAR • SÍA • 60911

**Milljónamæringarnir verða í hátíðarskapi á jóladansleik þeirra í Súlnasal Hótel Sögu annan í jólum, 26. desember. Húsið opnar kl. 22. Miðaverð 2.200 kr. Miðasala í Súlnasal frá kl. 13 samdægurs. Upplýsingar í síma 525 9950.**

**Söngvarar eru: Bogomil Font, Páll Óskar, Bjarni Arason og Raggi Bjarna.**

Upplýsingar í síma 525 9950
og á hotelsaga@hotelsaga.is

Radisson SAS SAGA HOTEL, REYKJAVIK

fjörið ... Fólk
folk@frettabladid.is




# Helgileikur í Ísaksskóla

**Nemendur í 8 ára Æ í Skóla Ísaks Jónssonar fluttu helgileik á jólaskemmtun skólans í liðinni viku. Leikurinn þótti takast sérstaklega vel, enda framsögn, leikur og tónlistarflutningur allur hinn vandaðasti.**

Sigurveig Úlfarsdóttir umsjónarkennari hafði veg og vanda af leiknum ásamt þeim Ásu Valgerði Sigurðardóttur tónmenntakennara og Ebbu Áslaugu Kristjánsdóttur.


**VEL HEPPNAÐ** Tónlistarflutningur barnanna var mjög vandaður, jafnt söngur sem hljóðfærasláttur og greinilegt að mikil og góð vinna liggur að baki.


**SPENNANDI** Áhorfendur fylgdust spenntir með frammistöðu leikenda og framvindu leiksins.


**JÓLAHELGI** Það var sannkölluð jólahelgi yfir þeim Ásrúnu Helgu Jónsdóttur og Sigríði Þórdísi Pétursdóttur.


**VITRINGARNIR Á TALI VIÐ JÓSEF OG MARÍU** Börnin voru einbeitt og lögðu mikið í leikinn.


**JÓSEF OG MARÍA** Þorbergur Hlynur Daníelsson og Birta Ósk Friðbertsdóttir sem Jósef og María með Jesúbarnið.


**VITRINGARNIR** Ísak Elí Marinósson, Finnbogi Jakobsson og Finnur Árni Viðarsson tóku sig vel út í hlutverki vitringanna.




# Fá heiðursverðlaun


**THE DOORS** Hljómsveitin The Doors fær Grammy-heiðursverðlaun fyrir framlag sitt til tónlistarinnar.

Hljómsveitirnar The Doors og The Grateful Dead, ásamt söngkonunni Joan Baez, eru á meðal þeirra sem fá heiðursverðlaun Grammy fyrir framlag sitt til tónlistarinnar.

„Þeir sem fá heiðursverðlaunin á þessu ári eru eins fjölbreyttir listamenn og þeir eru áhrifamiklir. Hafa þeir tekið upp mörg þekktustu og áhugaverðustu lög allra tíma,“ sagði forseti bandarísku tónlistarakademíunnar.

The Doors var gríðarvinsæl undir lok sjöunda áratugarins með lögum á borð við Light My Fire, People Are Strange og Break on Through. Sveitin hætti störfum þegar söngvarinn Jim Morrison lést í París aðeins 27 ára gamall.

Heiðursverðlaunin verða afhent í 49. sinn í Los Angeles þann 11. febrúar næstkomandi.

# Til heiðurs Mitchell

Björk Guðmundsdóttir og tónlistarmaðurinn Prince eru meðal þeirra sem eiga lög á nýrri plötu til heiðurs kanadísku söngkonunni Joni Mitchell.

Platan nefnist A Tribute To Joni Mitchell og hefur að geyma útgáfur ýmissa tónlistarmanna á sígildum lögum söngkonunnar. Syngur Björk lagið Boho Dance.

Á meðal þeirra sem einnig eiga lög á plötunni eru Sufjan Stevens, sem hélt tónleika í Fríkirkjunni á dögunum, Elvis Costello, K.D. Lang, Annie Lennox, Sarah McLachlan og James Taylor.

Platan er væntanleg í búðir þann 5. mars. Af Mitchell er það annars að frétta að hún er að vinna að nýrri plötu í hljóðveri í Los Angeles.


**BJÖRK** Björk Guðmundsdóttir á lag á nýrri plötu til heiðurs Joni Mitchell.
FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA


**JONI MITCHELL** Kanadíska söngkonan er að undirbúa nýja plötu um þessar mundir.

# Kennarinn Wilson

Goðsögnin Brian Wilson úr The Beach Boys, Mickey Hart úr The Grateful Dead og Paul Stanley úr Kiss eru á meðal þeirra sem munu miðla af reynslu sinni til ungra rokkara í Rock N´Roll Fantasy-æfingabúðunum í Hollywood á næsta ári.

Æfingabúðirnar munu standa yfir í fimm daga og mun kennslan fara fram í tólf tíma á dag. Munu stjörnurnar eyða dögunum með nemendunum og gefa þeim ýmis góð ráð. Á meðal fleiri tónlistarmanna sem ætla að taka þátt í verkefninu eru Scott Ian úr Anthrax og Bret Michaels úr Poison.


**BRIAN WILSON** Wilson ætti að geta gefið nemendum sínum ýmis góð ráð í Hollywood á næsta ári.



**ELIZABETH HURLEY** Valdi haglara fram yfir skart.

# Fékk tvær haglabyssur

Elizabeth Hurley er án efa ein glæsilegasta konan í Hollywood. Hún er þekkt fyrir að ganga í glæsilegum kjólum með dýrindis skartgripi, en nú hefur hún misst áhugann á glingrinu og stungið sér á kaf í annað áhugamál. „Þegar ég átti 41 árs afmæli var mér boðið skartgripir eða haglabyssur, ég valdi byssurnar,“ segir Elizabet Hurley sem er nýtur sín vel í skotveiðinni. Haglabyssurnar sem Liz fékk að gjöf voru handgerðar í Spáni og er sagt að þær kostuðu drjúgan skildingiinn.



**CLINT EASTWOOD** Clint hafði ekki áhuga á að gerast ríkisstjóri Kaliforníu.
FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

# Neitaði framboði

Leikstjórinn og leikarinn Clint Eastwood segist aldrei hafa haft áhuga á að gerast ríkisstjóri Kaliforníu eftir að hann hætti sem bæjarstjóri í Carmel, þrátt fyrir að hafa verið hvattur til þess.

Eastwood, sem tók upp myndina Flags of Our Fathers hér á landi í sumar, er ánægður með frammistöðu kollega síns Arnolds Schwarzenegger í embættinu. „Hann er klár og agaður náungi. Hann mætti alveg fá meiri völd. Það reyndu margir að fá mig til að bjóða mig fram sem ríkisstjóra áður en hann bauð sig fram en ég sagði: „ekki möguleiki“,“ sagði Eastwood.



**MOBY** Tónlistarmaðurinn Moby vill að aðdáendur sínir gleymi ekki tilgangi jólanna.

# Vill frið og ást um jólin

Tónlistarmaðurinn Moby hefur hvatt aðdáendur sína til að gleyma ekki tilgangi jólanna og láta ekki auglýsingamennskuna sem fylgir hátíðinni glepja sig.

„Ég vona að einhvern veginn getum við gleymt öllu glysinu í kringum jólin og minnst þess að á jólunum fögnum við afmæli manns sem vildi að við hefðum fyrirgefningu, samúð og frið að leiðarljósi. Jólin snúast um að fagna afmæli manns sem vildi að við elskuðum hvert annað og pössuðum upp á náungann, án þess að láta trúarbrögð, pólitík eða kynþátta- eða kynjamismun hafa áhrif á okkur,“ sagði Moby í jólakveðju sinni.

# Missir ekki titilinn

Ungfrú Bandaríkin, Tara Conner, sem hefur verið gagnrýnd fyrir að hafa sótt bari þegar hún var undir lögaldri, mun ekki missa titilinn að sögn Miss Universe-stofnunarinnar.

Eigandi stofnunarinnar er viðskiptajöfurinn Donald Trump og sjónvarpsstöðin NBC. „Ég hef alltaf trúað á það að gefa fólki annað tækifæri,“ sagði Trump.

Conner, sem er frá Kentucky, vann titilinn í apríl. Hún hefur búið í New York að undanförnu og þykir hafa stundað skemmtistaðina grimmt þrátt fyrir að hafa verið undir lögaldri, eða tvítug. Hún varð 21 árs síðastliðinn mánudag og má þar með drekka áfengi.



**TARA CONNER** Ungfrú Bandaríkin mun ekki missa titilinn þrátt fyrir glappaskot sín.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Jackson snýr aftur með stæl

Poppgoðið Michael Jackson hefur beðið hiphop ofurupptökustjórann Will I. Am að vera sér til halds og traust á næstu breiðskífu sinni, en Michael hefur ekki tekið upp plötu síðan 2001. Will I. Am er þekktastur fyrir störf sín með hip-pop grúbbunni Black Eyed Peas, en hann hefur einnig unnið með listamönnum á borð við Nas og The Game upp á síðkastið. „Þegar Michael hringdi í mig, þá datt mér ekki hug að þetta væri hann. Ég hélt að einhver væri að gera grín að mér,“ segir Will. I. Am. Samstarfið hefur gengið vel að sögn Wills, þrátt fyrir ólíkan bakgrunn, en hann segir tónlistina sem þeir skapa saman vera hvetjandi og jákvæða.



**MICHAEL JACKSON** Er að undirbúa nýja plötu.


TONVINNSLUSKOLI.IS • SKRÁNINGARSÍMI: 534 9090







DREYMIR ÞIG STÓRA DRAUMA?

KOMDU Á NÁMSKEIÐ HJÁ TÓNVINNSLUSKÓLANUM, KENNSLA FER FRAM Í FOLDASKÓLA OG SNÆLANDSSKÓLA

TÓNVINNSLUSKÓLI ÞORVALDAR BJARNA

BARNA- OG UNGLINGANÁMSKEIÐ HALLA OG HEIÐA KENNA

Frábært námskeið fyrir krakka sem vilja læra söng og leik, framsögn og framkomu, dans og samhæfingu söngva og dansa. **Heiða úr Idol-inu** og **Halla Vilhjálms** úr **X-factor** kenna. Námskeiðinu lýkur með upptöku í hljóðveri. 10 vikur, verð 39.900,- (veittur er 15% staðgreiðsluafsláttur).



SKRÁNING ER HAFIN

SELMA OG VALGERÐUR KENNA ÞÉR AÐ SYNGJA

Söng- og framkomunámskeiðið er tilvalið fyrir alla sem langar til að læra söng og fagmannlega framkomu. **Selma Björns** og **Valgerður Guðnadóttir** kenna, en námskeiðinu lýkur með upptökum í hljóðveri. 10 vikur, verð 59.900,- (veittur er 15% staðgreiðsluafsláttur).



SKRÁNING ER HAFIN

GÍTARNÁMSKEIÐ MEÐ VIGNI OG GUNNARI

Erum með gítarnámskeið fyrir byrjendur, lengra komna, leikskólakennara og foreldra. Markmið námskeiðanna eru að nemendur læri undirstöðuatriði gítarleiks og öll helstu gítargripin. Leiðbeinendur eru **Vignir Snær** (Írafár), **Gunnar Þór Jónsson** (Sóldögg) o.fl. Nánari upplýsingar á www.tonvinnsluskoli.is.



SKRÁNING ER HAFIN

BLUES- OG JAZZSÖNGUR MEÐ ANDREU GYLFA

Námskeiðið er sérsniðið fyrir þá sem hafa einhverja reynslu af söng og vilja læra eitthvað nýtt. **Andrea Gylfa** kennir en meðal hljóðfæraleikara eru **Kjartan Valdemarsson** og **Vignir Snær.** Námskeiðinu lýkur með hljóðrituðum tónleikum. 10 vikur, verð 59.900,- (veittur er 15% staðgreiðsluafsláttur).



SKRÁNING ER HAFIN

TÓNLISTARSKÖPUN BARNA OG UNGLINGA

Tónlistarsköpun og hljóðritun með heimilistölvu. Barna- og unglinganámskeið. Kennt er á **Reason** tónlistarforritið sem nota má í flestum heimilistölvum og er jafnframt vinsælt meðal tónlistarmanna. Eftir námskeiðið geta krakkarnir bæði samið, tekið upp og unnið tónlist í sinni eigin tölvu heima við. 12 vikna námskeið, 39.900,-

propellerhead REASON

SKRÁNING ER HAFIN

VIÐURKENNT TÓNVINNSLUNÁM

Aðalnámsbraut: Tónvinnslunám. Tónvinnsluskólinn hlaut nýlega viðurkenningu **Digidesign** sem viðurkenndur **Pro Tools** skóli. Námið veitir nemendum því Diploma, viðurkenndu af Digidesign, upp á próf í tónvinnslu sem veitir aðgang að framhaldsnámi erlendis. 4 mánaða nám, 160 klst., kennt í fyrsta flokks hljóðverum; **RMP** og **Stúdíó Sýrlandi**. 319.900,- (veittur er 15% staðgreiðsluafsláttur).

DIPLOMA

PRO TOOLS digidesign

SKRÁNING ER HAFIN

SKRÁNING ER HAFIN

SÖNG-, HLJÓÐFÆRA- OG LAGASMÍÐANÁMSKEIÐ BARNA OG UNGLINGA FARA FRAM BÆÐI Í FOLDASKÓLA OG SNÆLANDSSKÓLA

KÍKTU Á TONVINNSLUSKOLI.IS OG VELDU ÞÉR NÁMSKEIÐ










**BRITNEY SPEARS** Poppprinsessan fyrrverandi ætlar að leysa frá skjóðunni í viðtali við tímaritið Vanity Fair.

## Leysir frá skjóðunni

Orðrómur er uppi um að poppprinsessan fyrrverandi, Britney Spears, hafi skrifað undir samning við tímaritið Vanity Fair um að leysa frá skjóðunni um hjónaband sitt með Kevin Federline.

Britney var víst svo ánægð með hjartnæmt viðtal tímaritsins við Jennifer Aniston eftir skilnað hennar við Brad Pitt að hún er tilbúin til að greina á opinskáan hátt frá hinum ýmsu smáatriðum úr hjónabandinu.

Britney sótti um skilnað frá Federline á dögunum og kom það honum mjög í opna skjöldu.

# Mel B ræður sér stjörnulögfræðing

**Fyrrverandi Kryddpían Mel B hefur ráðið einn af fremstu lögfræðingum Hollywood fyrir atlöguna gegn meintum barnsföður sínum, Eddie Murphy.**

Eins og frægt er orðið ákvað Eddie Murphy að slíta sambandi sínu við Mel B í sjónvarpsþætti og krafðist þess jafnframt að fram færi DNA-próf til að sanna faðerni barnsins sem Mel B gengur með undir belti. Söngkonan tók þessar yfirlýsingar óstinnt upp og hefur hótað gamanleikaranum fræga öllu illu.

Nú hefur Kryddpían fyrrverandi fengið til liðs við sig lögfræðing að nafni Don Engel en samkvæmt fréttavef Daily Mirror er sá sagður taka í kringum fimm hundruð dollara á tímann eða rúmar þrjátíu og fimm þúsund krónur. Engel þessi er fyrir löngu þekktur í afþreyingariðnaði Bandaríkjanna og meðal skjólstæðinga hans má nefna Cher, Meatloaf og Fleetwood Mac.

Heimildarmenn Mirror-blaðsins greina frá því að Mel sé í miklum vígaham og ætli ekki að gefa tommu eftir í málaferlunum. „Hún ætlar leggja til atlögu á þann stað þar sem Eddie er hvað veikastur fyrir, veskið,“ sagði vinur Mel B sem ekki vildi koma fram undir nafni. „Mel ætlar ekki að bugta sig og beygja fyrir Eddie og sýnir klærnar með því að ráða Engel til verksins,“ bætti annar við. Ef vel tekst til hjá Mel ætti hún að geta fengið fimmtán milljónir punda eða tvo milljarða íslenskra króna í formi meðlagsgreiðslna frá Murphy. „Allir vita að Don Engel er ekki ódýrasti lögfræðingurinn í bænum en hann er sá besti,“ sagði einn heimildarmanna Mirror. „Allir lögfræðingar vilja takast á við stóru laxana og Engel er engin undantekning á því,“ bætti hann við.



**EDDIE MURPHY** Má eiga von á öllu þegar mál hans og Mel B verður tekið fyrir.



**MEL B** Hefur ráðið sér topplögfræðinginn Don Engel til að reka mál sitt gegn Eddie Murphy.






## Vilja stórt brúðkaup

Leikarahjónin Will Smith og Jada Pinkett Smith ætla að endurnýja brúðkaupsheit sín á tíu ára brúðkaupsafmæli sínu á næsta ári.

Eftir að hafa verið gestir í brúðkaupi Toms Cruise og Katie Holmes á Ítalíu á dögunum vilja þau halda stórt brúðkaup en fyrra brúðkaup þeirra var töluvert smærra í sniðum. „Þau héldu alvöru brúðkaup. Þetta var ótrúlegasta og fallegasta athöfn sem ég nokkru sinni orðið vitni að,“ sagði Jada Pinkett með stjörnur í augum.



**Á LEIÐ Í BRÚÐKAUP** Will Smith og Jada Pinkett á leið í brúðkaup Tom og Katie á Ítalíu.






**Háskólabíó**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| FLAGS OF OUR FATHERS | kl. 3 - 4:30 - 7:30 - 9 - 10:30 | B.i. 16 | NATIVITY STORY | kl. 5:50 | B.i.6 |
| FRÁIR FÆTUR Ísl tal. | kl. 2:30 - 4:45 | Leyfð | SANTA CLAUSE 3 | kl. 3:40 | Leyfð |
| HAPPY FEET Ensk tal. | kl. 2:30 - 4:45 - 9 | Leyfð | BOSS OF IT ALL | kl. 8 - 10:10 | B.i.7 |
| DÉJÁ VU | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | B.i. 12 | SKOLAÐ Í BUR.. Ísl tal | kl. 2:30 | Leyfð |

**SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| FLAGS OF OUR FATHERS | kl. 2 - 5 - 8 - 10:50 | B.i.16 | DOA | kl. 6 - 8 | B.i.12 |
| FLAGS OF OUR FATHERS VIP | kl. 8 - 10:50 | | SAW 3 | kl. 10:50 | B.i.16 |
| FRÁIR FÆTUR M/- Ísl tal | kl.1 - 3:20 - 5:40 | Leyfð | SKOLAÐ Í BURTU Ísl tal. | kl. 1:20 - 3:30 | Leyfð |
| FRÁIR FÆTUR VIP | kl. 1 - 3:20 - 5:40 | | SANTA CLAUSE 3 | kl. 1:20 - 3:30 - 5:40 - 8 | Leyfð |
| HAPPY FEET M/-Ensk tal | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | Leyfð | JÓNAS M/- Ísl tal | kl. 2 | Leyfð |
| DÉJÁ VU | kl. 8 - 10:50 | B.i.12 | BÆJARHLAÐIÐ M/- Ísl tal | kl. 4 | Leyfð |
| THE DEPARTED | kl. 10:20 | B.i. 16 | | | |

**SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI**

| | | | |
|---|---|---|---|
| FRÁIR FÆTUR M/- Ísl tal | kl. 1:20 - 3:40 - 5:30 - 6 | Leyfð | DIGITAL |
| HAPPY FEET M/-Ensk tal. | kl. 3:20 - 5:30 - 8:10 - 10:30 | Leyfð | DIGITAL |
| SKOLAÐ Í BURTU M/- Ísl tal. | kl. 1:30 - 3:40 | Leyfð | DIGITAL |
| DÉJÁ VU | kl. 8 - 10:30 | B.i.12 | DIGITAL |
| THE HOLIDAY | kl. 8 - 10:40 | B.i. 7 | |
| BÆJARHLAÐIÐ M/- Ísl tal | kl. 2 | Leyfð | |

**SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK**

| | | |
|---|---|---|
| FLAGS OF OUR FATHERS | kl. 8 - 10:30 | B.i. 16 |
| FRÁIR FÆTUR M/- Ísl tal | kl. 3 - 5:30 | Leyfð |
| ERAGON | kl. 3 - 5:30 - 8 | B.i. 12 |
| DÉJÁVU | kl. 10:10 | B.i. 12 |

**SAMBÍÓIN / AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| FLAGS OF OUR FATHERS | kl 5:40 - 8 - 10:30 | B.i. 16 |
| FRÁIR FÆTUR M/- Ísl tal | kl. 2 - 4 - 6 | Leyfð |
| SKOLAÐ Í BURTU M/- Ísl tal | kl. 2 | Leyfð |
| HAPPY FEET M/-Ensk tal. | kl. 4 - 8:30 | Leyfð |
| DÉJÁ VU | kl 10:30 | |

Gleðileg bíójól

www.sambioin.is | 575 8900


# Næstir til þess að slá í gegn

Árið 2001 stofnuðu æskufélagarnir Akiva Schaffer, Jorma Taccone og Andy Samberg hópinn Lonely Island. Nýútskrifaðir úr háskóla, þar sem þeir lærðu kvikmyndagerð og leiklist, ákváðu þeir að taka höndum saman til þess að skapa vandað gamanefni. Þeir bjuggu til sketsa, tónlistarmyndbönd, stuttmyndir og fleira grín og settu það allt á heimasíðu sína, thelonelyisland.com. Fljótlega slógu þeir rækilega í gegn á meðal netverja og innan skamms voru sjónvarpsstöðvar farnar að falast eftir gríni þeirra. Þannig fór að Akiva Schaffer og Jorma Taccone réðu sig sem handritshöfunda í einn þekktasta gamanþátt Bandaríkjanna, Saturday Night Live og var Andy Samberg ráðinn sem leikari. Saturday Night Live hefur getið af sér marga af þekktustu grínleikurum samtímans. Segja margir að drengirnir úr Lonely Island hafi frískað rækilega



upp á þáttinn og gert hann samkeppnishæfan öðrum gamanþáttum á ný, en eftir 30 ár í loftinu var ferskleikinn ekki lengur í öndvegi. Í vændum er kvikmynd frá þeim félögum og ber hún heitið Hot Rod. Heimasíða þeirra pilta er ennþá starfrækt og er þar hægt að nálgast alls kyns grínefni og nýjustu fréttir af félögunum. Þeir Andy, Akiva og Jorma eru tvímælalaust þeir grínarar sem fólk ætti að fylgjast með næstu árin, bjartasta von grínheimsins, ferskir, fyndnir og alveg ótrúlega sniðugir. - hal

# Gaukur á Stöng kveður

**Skemmtistaðurinn Gaukur á Stöng lokaði endanlega síðastliðið föstudagskvöld þegar Jet Black Joe tróð þar upp í hinsta sinn. Fjölmargar hljómsveitir hafa gert garðinn frægan á Gauknum í gegnum tíðina, þar á meðal Sóldögg, Skítamórall, Jet Black Joe og Dikta.**



**BIÐRÖÐ** Í byrjun árs 1991 var mikil biðröð fyrir framan Gauk á Stöng við Tryggvagötu.

Að sögn Sigurðar Hólm Jóhannssonar, sem hefur rekið Gaukinn undanfarin þrjú ár, stóð reksturinn ekki undir sér. Þurfti hann að greiða 1750 þúsund krónur í leigu á mánuði og innkoman frá gestum staðarins náði ekki að brúa bilið.

„Þetta er slæmt fyrir öll þessi bönd sem við erum búnir að vera að ala upp núna. Miðasalan hefur ekki verið til staðar lengur, sérstaklega eftir að sveitaballaböndin fóru að hætta," segir hann og segir jaðarböndin sem hafi spilað á Gauknum ekki fá nægan stuðning frá stjórnvöldum. „Þetta er það sem við erum að hlusta á allan daginn í útvarpinu og öllum þykir sjálfsagt að þessi jaðarbönd séu að spretta upp. Ég sé ekki hvernig þau geti farið á erlenda grund og spilað fyrir fólk ef þau geta ekki spilað hér fyrst. Það þarf eitthvað að gera. Ég er búinn að reyna mitt besta í næstum þrjú og hálft ár."

Ekki er vitað hvað tekur við í húsnæði Gauksins. Orðrómur hefur þó verið uppi um að minjagripasala verði á staðnum og einnig að veitingastaðurinn Hard Rock verði opnaður þar.

# Meinvill, babbi og fúm

Á jólunum er gleði og gaman, Heims um ból og Göngum við í kringum eru vinsæl jólalög sem Íslendingar þekkja flestir frá barnæsku. Árni Björnsson þjóðháttafræðingur fjallar meðal annars um texta jólalaga í bók sinni, Sögu jólanna, en þeir hafa margir valdið heilabrotum.

„Fúm, fúm, fúm er bara eins og hó, hó, hó eða eitthvað slíkt og þýðir ekki neitt," segir Árni Björnsson, en bók hans Saga jólanna kom út nú fyrir jólin. „Babbi í „Babbi segir" þýðir svo bara pabbi, en börn segja þetta oft meðan þau eru lítil og höfundurinn notar þetta til að stuðla."

Heims um ból hefur vakið athygli fyrir óvenjulegan texta Sveinbjörns Egilssonar. „Mannkindin liggur sem sagt meinvill í myrkrinu af því að hún var rammvillt áður en Kristur kom í heiminn," segir Árni.

Margir hafa jafnframt velt því fyrir sér af hverju Adam sáir í kvæðinu um hann og syni hans sjö. „Það voru til tvö dönsk kvæði um Adam, í öðru sáir hann, en hitt fjallar um syni hans. Einhvern tímann var kvæðunum slengt saman á íslensku og þess vegna er þetta svona kjánalegt. Danshreyfingin við að sá er skrítin, af því að maður á að fara í bænastellingu. Mér er ekki kunnugt um hvernig það kom til," segir Árni.



**JÓLASVEINN** Sveinarnir voru ekki endilega níu talsins í kvæðinu.



**ÁRNI BJÖRNSSON** Fjallar um íslensk jólalög í nýrri bók.

Að sögn Árna er það ekki jólahefð að ganga í kringum einiberjarunn. „Mikið af þessum leikjum eru komnir úr dönsku. Í Danmörku var þetta ekki jólalag, en á Íslandi kom fólk aðallega saman á jólunum og þess vegna var lagið sungið þá."

Nú skal segja er einnig úr dönsku. „Textinn hefur alltaf verið að mestu eins, nema hvað strákarnir gera," segir Árni. „Þeir ýmist sparka bolta, slá á trommu eða blása í lúður." Stelpurnar hafa hins vegar alltaf vaggað brúðu og hneigt sig.

„Kynjahlutverkin voru mjög greinileg í þessum textum," segir Árni og nefnir þar meðal annars „Hann fékk bók, en hún fékk nál og tvinna" úr laginu Hátíð í bæ. Sama gildir um mömmu sem er í eldhúsinu á meðan pabbinn bisar við flibbahnappinn.

„Enginn veit hverjir Andrés og Jón á Völlunum í Jólasveinar einn




**SAGA JÓLANNA** Bók Árna um íslenskar jólahefðir útskýrir meðal annars texta margra íslenskra jólalaga.

og átta eru. Einn og átta þýðir heldur ekki endilega níu. Þetta þýðir bara margir jólasveinar og er notað til að stuðla. En margir textanna eru ekki skráðir fyrr en á 19. öld og því ekki endilega víst að við þekkjum upphaflegu kvæðin," segir Árni, en meira má lesa um íslensk jólalög í bókinni hans.

steindor@frettabladid.is

# Danssagan á YouTube

Myndbandavefurinn YouTube.com nýtur mikilla vinsælda meðal netverja, en þar má finna ýmiss konar skemmtun, meðal annars heimatilbúin myndbönd og brot úr frægum sjónvarpsþáttum og kvikmyndum. Íslendingar hafa ekki látið sitt eftir liggja og fræg atriði úr Fóstbræðraþáttunum vinsælu eru meðal þess sem Íslendingar hafa lagt til á vefinn.

Vinsælasta myndband allra tíma á síðunni er þó dansatriðið „Evolution of Dance" með grínistanum Judson Laipply, þar sem hann dansar sig gegnum danssöguna á sex mínútum. Tæplega 37 milljónir manns hafa skoðað myndbandið síðan það birtist fyrst fyrir átta mánuðum. -sgj



**JUDSON LAIPPLY** Grínistinn er vinsæll í netheimum.

## > Edmond Azami til reynslu hjá KR

Meistaraflokkur KR í körfubolta karla hefur þessa dagana Kósóvann Edmond Azami til reynslu. Azami er tveggja metra hár framherji og verður til reynslu hjá KR út desembermánuð. „Þetta er leikmaður sem er kannski ekki með bestu ferilskrána sem hefur komið hingað til lands, en ég hef trú á því að þetta sé leikmaður sem eigi eftir að hjálpa okkur töluvert,“ sagði Benedikt Guðmundsson, þjálfari KR, á heimasíðu félagsins. KR-ingar leystu á dögunum Þjóðverjann Peter Heizer undan samningi.

# sport

sport@frettabladid.is

## 60 SEKÚNDUR MEÐ BJÖRGVINI BJÖRGVINSSYNI




**Skíðaíþróttir eru** ... frábær íþrótt.

**Ertu góður á bretti?** Helvíti góður.

**Austurríki eða Sviss?** Austurríki.

**Svig eða stórsvig?** Svig.

**Draumurinn er** ... að verða bestur í heimi.

**Dalvík er** ... pleisið.

**Förstu í Kerlingarfjöll?** Já, mjög oft.

**Kaffi eða kakó?** Kakó.

**Af hverju Rossignol?** Að því að ég er búinn að skipta yfir á Fischer.

**Á skíðum** ... skemmti ég mér.

**Hamborgarhryggur eða rjúpa?** Hamborgarhryggur. Rjúpa ef ég skýt hana sjálfur.

**Færðu marga pakka?** Þeim fer alltaf fjölgandi með aldrinum.

**Það besta við jólin?** Að koma heim að utan og slappa af. Einnig að borða mikið sælgæti.

## ÚRSLIT GÆRDAGSINS

*Enska úrvalsdeildin:*

ASTON VILLA-MAN. UTD 0-3
0-1 Cristiano Ronaldo (58.), 0-2 Paul Scholes (64.), 0-3 Cristiano Ronaldo (85.).

ARSENAL-BLACKBURN 6-2
0-1 Nonda (3.), 1-1 Gilberto Silva (10.), 2-1 Alexander Hleb (23.), 3-1 Emmanuel Adebayor, víti (27.), 3-2 Nonda (69.), 4-2 Robin Van Persie (85.), 5-2 Robin Van Persie (88.), 6-2 Mathieu Flamini (90.).

FULHAM-WEST HAM 0-0

MIDDLESBROUGH-CHARLTON 2-0
1-0 Aiyegbini Yakubu (29.), 2-0 Julio Arca (52.)

NEWCASTLE-TOTTENHAM 3-1
1-0 Kieron Dyer (3.), 2-0 Obafemi Martins (7.), 2-1 Danny Murphy (15.), 3-1 Scott Parker (34.).

PORTSMOUTH-SHEFF. UTD 3-1
0-1 Rob Hulse (4.), 1-1 Kozluk, sjm (48.), 2-1 Sol Campbell (54.), 3-1 Noe Pamarot (68.).

LIVERPOOL-WATFORD 2-0
1-0 Craig Bellamy (47.), 2-0 Xabi Alonso (88.).

READING-EVERTON 0-2
0-1 Andy Johnson (14.), 0-2 James McFadden (47.).

MAN. CITY-BOLTON 0-2
0-1 Nicolas Anelka (8.), 0-2 Nicolas Anelka (25.).

*Leik Chelsea og Wigan var ekki lokið þegar Fréttablaðið fór í prentun.*

**STAÐA EFSTU OG NEÐSTU LIÐA:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **MAN. UTD** | **19** | **15** | **2** | **2** | **41-10** | **47** |
| CHELSEA | 18 | 13 | 3 | 2 | 30-11 | 42 |
| **LIVERPOOL** | **19** | **10** | **4** | **5** | **28-15** | **34** |
| ARSENAL | 19 | 9 | 6 | 4 | 35-17 | 33 |
| **BOLTON** | **19** | **10** | **3** | **6** | **22-15** | **33** |
| PORTSMOUTH | 19 | 9 | 5 | 5 | 28-17 | 32 |
| **TOTTENHAM** | **19** | **8** | **4** | **7** | **23-25** | **28** |
| EVERTON | 19 | 7 | 6 | 6 | 24-20 | 27 |
| **READING** | **19** | **8** | **2** | **9** | **20-25** | **26** |
| ---------------------------------------- | | | | | | |
| **WIGAN** | **18** | **6** | **4** | **8** | **20-23** | **22** |
| **MIDDLESB.** | **19** | **5** | **5** | **9** | **17-24** | **20** |
| **MAN. CITY** | **19** | **5** | **5** | **9** | **15-24** | **20** |
| **SHEFF. UTD** | **19** | **5** | **5** | **9** | **15-25** | **20** |
| BLACKBURN | 18 | 5 | 4 | 9 | 18-28 | 19 |
| **WEST HAM** | **19** | **3** | **5** | **11** | **11-24** | **18** |
| CHARLTON | 19 | 3 | 3 | 13 | 13-33 | 12 |
| **WATFORD** | **18** | **1** | **8** | **9** | **11-24** | **11** |

# Leikmenn Arsenal fóru á kostum

**Heil umferð var leikin í ensku úrvalsdeildinni í knattspyrnu í gær og mörg mörk litu dagsins ljós. Arsenal vann stórsigur á Blackburn á heimavelli og Manchester United hélt toppsætinu með sigri á Aston Villa.**

**FÓTBOLTI** Það var mikið skorað í ensku úrvalsdeildinni í gær þegar heil umferð var leikin. Leikmenn Arsenal voru svo sannarlega á skotskónum gegn Blackburn á heimavelli því lokatölur urðu 6-2 fyrir Lundúnaliðið. Manchester United gerði góða ferð til Birmingham þar sem liðið vann Aston Villa, 3-0, og þá vann Liverpool öruggan heimasigur á Watford, 2-0.

Arsenal tók á móti Blackburn á heimavelli og þrátt fyrir að gestirnir í Blackburn hefðu komist yfir á þriðju mínútu með marki frá Shabani Nonda úr vítaspyrnu létu leikmenn Arsenal það ekki slá sig út af laginu.




**ROBIN VAN PERSIE** Lék vel í gær og skoraði tvö mörk í stórsigri Arsenal á Blackburn. NORDIC PHOTOS/GETTY

Þegar dómarinn flautaði til leiksloka hafði Arsenal skorað sex mörk en lokatölur urðu 6-2. Robin van Persie skoraði tvö mörk fyrir Arsenal sem situr nú í fjórða sæti deildarinnar, 14 stigum á eftir toppliði Manchester United.

Aston Villa og Manchester United mættust á Villa Park í Birmingham og eftir markalausan fyrri hálfleik settu leikmenn Manchester United í fluggírinn og skoruðu þrjú mörk gegn engu marki Aston Villa í þeim síðari.

Ronaldo skoraði fyrsta markið og skömmu síðar skoraði Paul Scholes eitt af mörkum tímabilsins. Eftir hornspyrnu náðu varnarmenn Aston Villa að skalla boltann út úr vítateignum en þar beið Scholes, tók boltann á lofti og þaðan fór hann í slána og inn. Ronaldo rak svo smiðshöggið undir lok leiksins og öruggur 3-0 sigur Manchester í höfn.

Liverpool fékk Watford í heimsókn á Anfield og fór með sigur af hólmi, 2-0. Markalaust var í leikhléi en Craig Bellamy kom Liverpool yfir í upphafi síðari hálfleiks. Það var svo Xabi Alonso sem innsiglaði sigur Liverpool með marki skömmu fyrir leikslok.

Newcastle virðist vera komið á beinu brautina en liðið fékk Tottenham í heimsókn í gær. Kieron Dyer og Obafemi Martins komu Newcastle í 2-0 eftir aðeins sjö mínútur en Danny Murphy náði að klóra í bakkann fyrir Newcastle á 15. mínútu.

Lengra komust leikmenn Tottenham ekki og Scott Parker skoraði síðasta mark leiksins og Newcastle vann því góðan og kærkominn sigur, 3-1.




**PAUL SCHOLES** Skoraði eitt af mörkum tímabilsins í leik Aston Villa og Manchester United í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY

Heiðar Helguson lék allan leikinn í liði Fulham sem varð að sætta sig við 0-0 jafntefli við West Ham á heimavelli sínum, Craven Cottage, í gær. Heiðar fékk gult spjald í leiknum og verður í leikbanni í næsta leik, þar sem þetta var hans fimmta gula spjald á leiktíðinni.

Alan Curbishley, knattspyrnustjóri West Ham, náði því ekki að fylgja eftir góðri byrjun sinni sem stjóri liðsins en liðið vann Manchester United um síðustu helgi í fyrsta leiknum undir hans stjórn.

Hermann Hreiðarsson lék einnig allan leikinn í liði Charlton sem sótti Middlesbrough heim en hann náði ekki að koma í veg fyrir 2-0 sigur heimamanna. Charlton er í næst neðsta sæti deildarinnar, stigi ofar en Watford sem situr á botninum.

Reading tapaði á heimavelli fyrir Everton, 2-0, þar sem Ívar Ingimarsson lék allan leikinn í vörn Reading. Brynjar Björn Gunnarsson sat á varamannabekk Reading og kom ekkert við sögu í leiknum. **dagur@frettabladid.is**

Viggó Sigurðsson stýrði sínum síðasta leik hjá Flensburg gegn Kiel í gær:

# Viggó kvaddi Flensburg með tapi

**HANDBOLTI** Flensburg mætti stórliði Kiel á útivelli í þýsku úrvalsdeildinni í handbolta í gær og varð að sætta sig við tap, 36-34. Þetta var síðasti leikur Flensburg undir stjórn Viggós Sigurðssonar en hann tók tímabundið við liðinu fyrir þetta tímabil vegna veikinda þjálfara liðsins.

Árangur Viggós á tímabilinu hefur verið góður en fyrir leikinn í gær var Flensburg í efsta sæti deildarinnar, tveimur stigum á undan Kiel. Kiel hafði hins vegar yfirhöndina allan leikinn í gær en staðan í hálfleik var 17-15 fyrir heimamenn í Kiel.

Liðin höfðu því sætaskipti eftir þennan sannkallaða toppslag en bæði lið hafa 27 stig, en Kiel hefur töluvert betri markamun en Flensburg.

Íslendingaliðið Lemgo tapaði illa á heimavelli fyrir Hamburg í þýsku úrvalsdeildinni í gær, 33-37. Lemgo hefur ekki náð að fylgja eftir góðri byrjun á tímabilinu en




**BLAZENKO LACKOVIC** Sækir hér að marki Kiel í leiknum í gær, sem jafnframt var kveðjuleikur Viggós Sigurðssonar. NORDIC PHOTOS/GETTY

liðið er nú með 21 stig í sjöunda sæti deildarinnar. Þýska deildin er þó gríðarlega jöfn og ekki munar nema sex stigum á Lemgo í sjöunda sæti og Kiel sem er í efsta sæti deildarinnar.

Ásgeir Örn Hallgrímsson átti ágætan leik fyrir Lemgo í gær og skoraði 5 mörk en Logi Geirsson skoraði 1 mark fyrir Lemgo. Kóreumaðurinn Kyung-Shin Yoon fór hins vegar illa með Lemgo og skoraði hvorki meira né minna en 18 mörk í leiknum. **- dsd**

TANN-
LÆKNAR
TANNSMIÐIR
TANNTÆKNAR
TANNFRÆÐINGAR
& AÐRIR VIÐSKIPTAVINIR!
ÓSKUM YKKUR GLEÐILEGRAR HÁTÍÐAR
OG ÞÖKKUM VIÐSKIPTIN Á ÁRINU
www.tannhjol.is
TANNHJÓL







**Langar þig til að sjá íslensku stórmyndina Köld slóð?**

Tveir heppnir sem gera visir.is að sinni upphafsíðu fá tvo boðsmiðamiða á sérstaka galaforsýningu 28. desember. Þar að auki fá heppnir notendur Vísis bíómiða á myndina sem verður frumsýnd 29. desember!

TÓMAS LEMARQUIS • HILMIR SNÆR GUÐNASON • HANNA MARÍA KARLSDÓTTIR • MARGRÉT HELGA JÓHANNSDÓTTIR • STEFÁN JÓNSSON • LARS BRYGMANN
KVIKMYNDAHÖNNUN ÁRNI PÁLL JÓHANNSSON • BÚNINGAR REBEKKA A INGIMUNDARDÓTTIR • TÓNLIST VEIGAR MARGEIRSSON • HLJÓÐVINNSLA GUNNAR ÁRNASON
KLIPPING SVERRIR KRISTJÁNSSON • KVIKMYNDATAKA VÍÐIR SIGURÐSSON • SAGA BJÖRN B BJÖRNSSON • HANDRIT KRISTINN ÞÓRÐARSON • LEIKSTJÓRI BJÖRN B BJÖRNSSON
FRAMLEIÐENDUR KRISTINN ÞÓRÐARSON & MAGNÚS VIÐAR SIGURÐSSON
MYNDIN ER STYRKT AF KVIKMYNDAMIÐSTÖÐ ÍSLANDS, & NORRÆNA KVIKMYNDA- OG SJÓNVARPSSJÓÐNUM & MEDIA SJÓÐNUM
© 2006 REYKJAVIK FILMS & SAGAFILM

vísir
Fyrstur með fréttirnar!

## > Woody Harrelson

Woody Harrelson ólst upp í Líbanon, þó ekki í Mið-Austurlöndum heldur í Ohio. Örfáum mánuðum eftir útskrift úr leiklistarskóla fékk hann hlutverk í Staupasteini sem hinn geðþekki en treggáfaði Woody.

Það gekk ekki jafn vel fyrir Harrelson að koma sér í kvikmyndir. Fyrstu myndir hans vöktu litla athygli. Honum tókst þó loksins að slá í gegn í Doc Hollywood árið 1991 og í kjölfarið varð hann stórstjarna ári síðar í myndinni White Men Can't Jump.

Harrelson er hægt að sjá á Stöð 2 í þeirri annars ágætu mynd After the Sunset þar sem hann eltist við Bond-sjarmörinn Pierce Brosnan.



# dagskrá

# Vekur alla til umhugsunar

Á dagskrá Sjónvarpsins annað kvöld er tæplega klukkutíma langt viðtal Jóhönnu Vigdísar Hjaltadóttur við Sigurbjörn Einarsson biskup, sem átti 95 ára afmæli í sumar. Þau Jóhanna Vigdís og Sigurbjörn líta þar yfir farinn veg og ræða málefni sem Sigurbirni eru hugfólgin. „Við ræðum um afstöðu hans til ýmissa mála og tölum um ástina, sorgina og trúna," sagði Jóhanna Vigdís.

Sigurbjörn Einarsson biskup er mörgum Íslendingum hjartfólginn og hefur sennilega borið kyndil kristinna manna hæst á seinni tímum. Viðtalið sem sýnt er á morgun segir Jóhanna Vigdís sennilega vera það lengsta sem tekið hefur verið við Sigurbjörn fyrir sjónvarp.

„Það var bara alveg dásamlegt að gera þetta. Það eru forréttindi að fá að taka svona viðtal, hvernig sem á það er litið. Þetta var mjög sterk upplifun," sagði Jóhanna Vigdís, sem kveðst vera einn þeirra fjölmörgu Íslendinga sem dáist að Sigurbirni. „Það er ekki annað hægt. Það sem hann segir getur ekki annað en vakið þig til umhugsunar, hver sem þú ert," sagði hún.

Þátturinn er á dagskrá Sjónvarpsins klukkan 19.25.



**DÁIST AÐ SIGURBIRNI** Jóhanna Vigdís segir ekki annað hægt en að dást að Sigurbirni.



**SIGURBJÖRN EINARSSON BISKUP** Einn ástsælasti maður þjóðarinnar ræðir um farinn veg í löngu viðtali við Jóhönnu Vigdísi Hjaltadóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## 25. desember, jóladag

### EKKI MISSA AF



▶ **21.20** The Aviator STÖÐ 2



▶ **14.10** Spy Kids 2 STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **15.15** Brottnámið SJÓNVARPIÐ



▶ **18.00** Will & Grace SKJÁR EINN



▶ **21.30** MTV Movie Awards SIRKUS

### SJÓNVARPIÐ

**8.00 Morgunsjónvarp barnanna**
**8.01 Gurra grís** (Peppa Pig)
**8.06 Brummi** (Brum)
**8.17 Kóalabræður**
**8.28 Skordýr í Sólarlaut**
**8.52 Pósturinn Páll**
**9.20 Hrefna og Ingvi (11:13)**
**9.30 Latibær** (Lazy Town)
**10.00 Ævintýri H.C Andersen**
**12.00 Jólasveinninn II**
**13.45 Lang Lang leikur Mozart**
▶**15.15 Brottnámið**
**17.20 Rave** (Rave)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Jólaball Stundarinnar okkar (14:30)**
**18.35 Bóla**
**18.45 Ævintýrið um Þyrnirós**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**

**19.25 Sigurbjörn Einarsson biskup** Í samtali við Jóhönnu Vigdísi Hjaltadóttur rifjar Sigurbjörn Einarsson biskup upp ýmsa atburði á viðburðaríkri ævi. Textað á síðu 888 í Textavarpi.

**20.20 Brynjólfsmessa** Tónverk Gunnars Þórðarsonar.

**21.15 Í grænum lundi**

**22.50 Óperudraugurinn** (Phantom of the Opera) Bresk/bandarísk bíómynd frá 2004 með söngvum eftir Andrew Lloyd Webber. Meðal leikenda eru Gerard Butler, Emmy Rossum, Patrick Wilson, Miranda Richardson, Minnie Driver og Ciarán Hinds.

**1.05 Dagskrárlok**

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00 Spy Kids 2: The Island of Lost Dreams** (Litlir njósnarar 2)
**8.00 Stuck On You**
**10.00 Little Black Book**
**12.00 National Treasure**
▶**14.10 Spy Kids 2: The Island of Lost Dreams** (Litlir njósnarar 2)
**16.00 Stuck On You**
**18.00 Little Black Book** (Svarta bókin)
**20.00 National Treasure**
**22.10 The Italian Job** Bönnuð börnum.
**0.00 The Recruit**
**2.00 Robocop 2** Bönnuð börnum.
**4.00 The Italian Job** Bönnuð börnum.

### STÖÐ 2

**7.00 Svampur Sveins**
**7.25 Smá skrítnir foreldrar**

**7.50 Prúðuleikarajól** (It's A Very Merry Muppet Christmas) Gamanmynd fyrir alla fjölskylduna. Prúðuleikararnir eru að undirbúa jólasýninguna sína en útlitið er svart. Kaupsýslukona vill eignast leikhús Prúðuleikaranna og fátt virðist geta komið í veg fyrir áform hennar. Tekst Kermit og félögum hið ómögulega og kemst jólasýningin á fjalirnar? Leikstjóri: Kirk R. Thatcher. 2002. Leyfð öllum aldurshópum.

**9.15 Cat in the Hat, The** (Kötturinn með höttinn)

**10.35 Eloise at Christmastime** (Jólastelpan Eloise)

**12.00 Hádegisfréttir**
**12.40 Home alone 2**

**14.35 New York Minute** Aðalhlutverk: Eugene Levy, Mary-Kate Olsen, Ashley Olsen.

**16.20 Nicholas Nickelby**
**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**

**19.00 Sjálfstætt fólk** (Sjálfstætt fólk 2006-2007) Jón Ársæll Þórðarson heldur áfram mannlífsrannsóknum sínum í mest verðlaunaða sjónvarpsþætti Íslandssögunnar. Sjálfstætt fólk hefur einn allra þátta þrisvar sinnum hlotið Edduverðlaunin sem sjónvarpsþáttur ársins, árið 2003, 2004 og nú síðast árið 2005.

**19.40 The Polar-Express** (Ferðin á norðurpólinn) Teikni-mynd fyrir alla fjölskylduna þar sem þekktir leikarar ljá persónum rödd sína og má þar nefna Tom Hanks og Daryl Sabara.

▶**21.20 The Aviator** (Flugfrömuðurinn) Bíómynd úr smiðju Martins Scorsese sem fjallar um hinn goðsagnakennda rithöfund og flugmann, Howard Hughes, sem braut ítrekað blað í sögu flugsins.

**0.05 After the Sunset** (Eftir sólarlagið) Gamansöm spennumynd frá þar sem Pierce Brosnan leikur gamalreyndan þjóf sem ákveður að fremja sitt síðasta rán. Bönnuð börnum.

**1.40 Miss Marple: 4:50 From Paddin** (Lestin frá Paddington) Dularfull sakamálamynd sem er byggð á skáldsögu eftir Agöthu Christie.

**3.15 Earthsea (The Legend of Earth (1:2)**
**4.40 Earthsea (The Legend of Earth (2:2)**
**6.05 Fréttir**
**6.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

### SIRKUS TV

**12.00 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður** Fréttir, íþróttir og veður frá fréttastofu Stöðvar 2 í samtengdri og opinni dagskrá Stöðvar 2 og Sirkuss.

**19.00 Insider (e)** Í heimi fræga fólksins eru góð sambönd allt sem skiptir máli. Og þar er enginn með betri sambönd en The Insider. Í þessum þáttum fara stjórnendurnir með okkur í innsta hring stjarnanna þar sem við fáum að sjá einkaviðtöl, nýjustu upplýsingarnar og sannleikann á bakvið heitasta slúðrið í Hollywood. Þessir skemmtilegu þættir koma frá sömu framleiðendum og Entertainment Tonight. Leyfð öllum aldurshópum.

**19.30 Seinfeld**
**20.00 Entertainment Tonight**
**20.30 My Name is Earl (e)**

**21.00 Tekinn (e)** Sjáðu skemmtilega hlið á Bubba í Tekinn í kvöld.

▶**21.30 MTV Movie Awrds 2005** Á dögunum fóru fram hin árlegu kvikmyndaverðlaun MTV-stöðvarinnar þar sem allar skærustu stjörnur kvikmyndabransans mættu á svæðið.

**23.35 Insider** Í heimi fræga fólksins eru góð sambönd allt sem skiptir máli. Og þar er enginn með betri sambönd en The Insider. Í þessum þáttum fara stjórnendurnir með okkur í innsta hring stjarnanna þar sem við fáum að sjá einkaviðtöl, nýjustu upplýsingarnar og sannleikann á bak við heitasta slúðrið í Hollywood. Þessir skemmtilegu þættir koma frá sömu framleiðendum og Entertainment Tonight.

**0.00** Twenty Four (3:24) (e)

**0.45 Twenty Four (4:24) (e)** (24 - 2) Jack finnur Joe Wald og Kim rýkur á sjúkrahús með Megan þegar hún fær kast. Palmer kemst að misgjörðum Rayburn og Bob dregur úr grun Kate á Reza. Stranglega bönnuð börnum.

**1.30 Seinfeld** Jerry, George, Elaine og Kramer halda uppteknum hætti í einum vinsælasta gamanþætti allra tíma.

**1.55 Entertainment Tonight**
**2.20 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

### N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### SKJÁREINN

**10.05 Rachael Ray (e)**
**11.00 Venni Páer (e)**

**11.30 The Borrowers** Bráðskemmtileg fjölskyldumynd frá 1997 um smáfólk sem býr í laumi undir gólfinu í gömlu húsi.

**13.00 Evita** Stórbrotin og dramatísk söngvamynd frá 1996 þar sem Madonna fer á kostum. Myndin er byggð á söngleik eftir Tim Rice og Andrew Lloyd Webber en leikstjóri myndarinnar er Alan Parker.

**15.25 What I Like About You (e)**
**15.50 Game tíví (e)**
**16.20 Beverly Hills 90210**
**17.05 Rachael Ray**
▶**18.00 Will & Grace (e)**
**18.30 Will & Grace (e)**
**19.00 Everybody loves Raymond (e)**
**19.30 Just Deal**
**20.00 Survivor: Cook Islands**

**22.00 Covert One: The Hades Factor** Fyrri hluti spennandi framhaldsmyndar sem byggð er á sögu eftir Robert Ludlum, höfund The Bourne Identity. Stephen Dorff leikur aðalhlutverkið en auk hans leika Óskarsverðlaunaleikkonurnar Mira Sorvino og Anjelica Huston stór hlutverk. Aðalsöguhetjurnar eru meðlimir í leynilegri sérsveit sem er í kapphlaupi við tímann að koma í veg fyrir að banvænn vírus breiðist út og drepi milljónir manna.

**23.25 Law & Order** B

**0.15 Love & Sex** Rómantísk gamanmynd frá árinu 2000 með Famke Janssen og Jon Favreau í aðalhlutverkum.

**1.45 Everybody loves Raymond**
**2.15 Jay Leno**
**3.05 Beverly Hills 90210 (e)**
**3.50 Out of Practice (e)**
**4.20 Casino (e)**

### SKJÁR SPORT

**11.00 Þrumuskot**
**12.00 Liverpool - Watford**
**14.00 Newcastle - Tottenham**
**16.00 Everton - Chelsea**
**18.00 Aston Villa - Man. Utd.**
**20.00 Arsenal - Blackburn**
**22.00 Reading - Everton**
**0.00** Fulham - West Ham
**2.00 Dagskrárlok**


ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | VODAFONE

KEYPTU ÁSKRIFT MEÐ EINUM SMELLI Á WWW.STOD2.IS
OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN

JÓN ÁRSÆLL HEIMSÆKIR VLADIMIR ASHKENAZY
Njóttu hátíðarinnar með meisturum










GOTT FÓLK McCANN

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 19.40

### The Polar Express



Teiknimynd fyrir alla fjölskylduna þar sem ýmsir þekktir leikarar ljá persónum rödd sína. Fremstur meðal jafningja er Tom Hanks en einnig má nefna Eddie Deezen sem leikles í Rannsóknarstofu Dexters og Johnny Bravo.

The Polar Express fjallar um ungan strák sem efast um tilvist jólasveinsins. Þar sem hann liggur í rúminu á jólanótt og vonast eftir því að heyra í sleðabjöllum jólasveinsins fær hann óvenjulega heimsókn. Þar er á ferð Norðurpólslestin og lestarstjórinn býður drengnum að koma í ógleymanlegt ferðalag sem reynist hin mesta svaðilför.

### ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ HOME ALONE 2 Á STÖÐ 2 KL. 12.40



Í Aleinn heima 2 eru foreldrar hans og systkini farin í frí til Hawaii en Kevin er sjálfur kominn til stórborgarinnar New York. Þar verða kunnuglegir náungar á vegi hans, óprúttnir misindismenn sem nú hafa einsett sér að brjótast inn í stærstu leikfangaverslun borgarinnar. Kevin ákveður að taka málin í sínar hendur í stað þess að kalla til lögregluna og koma skúrkunum aftur í opna skjöldu.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**8.00** Klukknahringing
**8.15** Tónlist að morgni jóladags
**8.55** Jólaþátturinn úr óratoríunni Messíasi
**10.00** Fréttir
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** „Kveikið mér jól í Jesú nafni"
**11.00** Guðsþjónusta í Brautarholtskirkju
**12.00** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Drengurinn og dularöflin: Um Gunnar Gunnarsson skáld
**14.00** Undir yfirborði Vatíkansins
**15.00** Maðurinn er hann sjálfur
**16.00** Fréttir
**16.05** Veðurfregnir
**16.08** Hátíðartónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands
**18.00** Kvöldfréttir
**18.15** Hnotubrjóturinn eftir Pjotr Tsjajkofskíj
**19.45** Minningar jólanna
**20.35** Kemur heilög hátíð
**20.50** Smásaga: Barnsgrátur
**21.10** Óbó, horn og orgel
**21.30** Saga: Stjarneyg
**22.00** Fréttir
**22.10** Veðurfregnir
**22.15** Kvöldtónar
**23.00** „Svo lítil frétt var fæðing hans"
**0.00** Fréttir
**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 89,5** Kiss / Nýja bítið í bænum **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 91,9** XFM / Tónlist og afþreying **FM 97,7 X-IÐ** / Engin viðbjóður

## SÝN

**8.55 Þýski handboltinn 2006-2007** Útsending frá stórleik Kiel og Flensburg í þýska handboltanum.
**10.10 HM sagan** (1982 Spánn) Rakin er saga heimsmeistarakeppninnar í knattspyrnu frá 1954 til 1990. Í þessum þætti er fylgst með keppninni á Spáni árið 1982.
**11.45 HM sagan** (1986 Mexico) Rakin er saga heimsmeistarakeppninnar í knattspyrnu frá 1954 til 1990. Í þessum þætti er fylgst með keppninni í Mexíkó árið 1986.
**13.10 HM sagan** (1990 Ítalía) Rakin er saga heimsmeistarakeppninnar í knattspyrnu frá 1954 til 1990. Í lokaþættinum er fylgst með keppninni á Ítalíu árið 1990. Argentínumenn áttu titil að verja en fengu harða mótspyrnu frá nokkrum Evrópuþjóðum þar sem Þjóðverjar fóru fremstir í flokki. Lítt þekktur Ítali hafði sig mikið frammi í markaskorun fyrir heimamenn.
**14.50 HM myndasafnið** (1994 USA)
**16.35 HM frá A-Ö**
**18.00 2002 FIFA World Cup** (Saga HM 2002)
**20.00 KF Nörd (14:15)** (KF Nörd)
**20.45 KF Nörd (15:15)** (KF Nörd)
**21.30 2006 Fifa World Cup Offical Fi**
**22.30 Bardaginn mikli** (Mike Tyson - Lennox Lewis)
**23.25 Football Icons**

## FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** – nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar
**21.00 Einbýlishús** – Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!
**22.00 Fjölbýli og hæðir** – Litlar og meðalstórar eignir sýndar
**23.00 Nýjar eignir** e.
**0.00 SMS eignir** – veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda sms skilaboð

## DR 1

**11.40** Debatten **12.20** Udefra: Det politiske drivhus **13.20** Mysteriet om Danmark Ekspeditionen **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med vejret **14.10** Dawsons Creek **15.00** Hjerteflimmer **15.30** Boogie Update **16.00** Landulven og byulven **16.05** Yu-Gi-Oh! **16.30** Troldspejlet **17.00** Den hvide sten **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret 17.55 Dagens Danmark **18.25** TV Avisen **18.30** Genbrugsguld **19.00** Med Kløvedal på rejse langs Grønlands vestkyst **20.00** TV Avisen **20.25** Horisont **20.50** SportNyt **21.00** Hun så et mord **22.25** Kongeligt bedrag **23.15** Viden om **23.45** Boogie Update

## NRK 1

**11.55** Tom og Jerry **12.00** Siste nytt **12.05** Schrödingers katt **12.30** Arbeidsliv **13.00** Siste nytt **13.05** Norge rundt **13.30** Åpen himmel: Gudstjeneste i Storsalen menighet i Oslo **14.00** Siste nytt **14.05** Ian tar regien **14.30** Den blåsandens hemmelighet **15.00** Siste nytt **15.03** Nådlanding **15.30** Ekspedisjon årken **16.00** Siste nytt **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** Tid for tegn **16.40** Mînîid-TV - Samisk barne-tv **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Harry med båtta full av dinosaurer **17.10** Gubben og Katten **17.25** Vennene på Solflekken **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Puls **18.55** Faktor: Petter Northug - tåff i skallen **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Dok1: Et liv med hiv **21.30** Smith og Jones: godt og blandet **22.00** Kveldsnytt **22.10** Store Studio **22.50** Detektimen: Poirot: Kom til meg, död

## SVT 1

**11.05** Agenda **12.00** Sportspegeln **12.50** Gösta Berlings saga **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Garage - Älska film! **16.30** Krokodill **17.00** Små Einsteins **17.30** Zoé Kézako **17.45** Klister **18.00** Lilla sportspegeln **18.30** Rapport **19.00** Mästerverket **20.00** Plus **20.30** Kobra **21.00** Supernatural **21.45** Rapport **21.55** Kulturnyheterna **22.05** Bingo Royale **22.50** Humorlabbet **23.20** Sändning från SVT24




## > Amanda Peet

Peet er fædd og uppalin í New York. Frumraun hennar á leiksviðinu er harla óvenjuleg en þriggja ára stökk hún upp á svið í leikhúsi og valsaði um sviðið í mestu rólegheitum.

Peet lærði sagnfræði í háskóla en var fljótlega uppgötvuð af Uta Hagen, leiklistarkennara við háskólann í Colombia. Fyrsta stóra tækifæri hennar kom í The Whole Nine Yards, en framhald þeirrar myndar, The Whole Ten Yards, er sýnt á Stöð 2 bíó í kvöld.

Þess má til gamans geta að Peet var valin ein af 50 fallegustu konum veraldar af People Magazine árið 2000.



# dagskrá

# *Íslensk fjölskyldusaga*

Myndin Blóðbönd eftir Árna Ólaf Ásgeirsson er á dagskrá Sjónvarpsins klukkan 22.35 að kvöldi annars dags jóla. Þar segir af augnlækninum Pétri og fjölskyldu hans sem kemst í nokkurt uppnám eftir að Pétur kemst að því að hann er ekki réttur faðir sonar síns.

Árni Ólafur sagðist hafa sóst eftir því að endurspegla íslenskan veruleika í myndinni. „Til þess var leikurinn gerður, að fjalla um eitthvað sem á við hérna heima,“ sagði hann. Hugmyndin var þó nokkuð lengi í mótun, en hún spratt fyrst upp þegar Árni var að ljúka námi við kvikmyndaskóla í Póllandi. „Ég fékk hugmynd að einni persónu, Pétri, og vissi í sjálfu sér ekkert meira. Það tók svona eitt, tvö ár að ná alveg utan um hugmyndina,“ sagði hann.

Blóðböndum hefur verið vel tekið á kvikmyndahátíðum erlendis, en hún er enn á ferð um heiminn og mun halda því áfram á næsta ári. „Það er alltaf gaman að sýna svona fyrir utan landsteinana og sjá hvort sagan skilar sér einhvers staðar annars staðar, sem hún virðist vera að gera,“ sagði Árni. „Þetta er líka fjölskyldusaga, þær eru alls staðar, og alls staðar eins,“ sagði hann og hló.



**ÁRNI ÓLAFUR ÁSGEIRSSON**
Leikstjóri Blóðbanda segir söguna hafa skilað sér vel erlendis, enda séu fjölskyldusögur alls staðar eins.

## 26.desember, annar í jólum

### EKKI MISSA AF



▶ **22.20 Blóðbönd** SJÓNVARPIÐ



▶ **19.00 X-mas With The Kranks** STÖÐ 2



▶ **14.00 Garfield: The Movie** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **21.00 Coldplay tónleikar** SIRKUS



▶ **00.15 Reign Of Fire** SKJÁR EINN

### SJÓNVARPIÐ

**8.00 Morgunsjónvarp barnanna**
**8.01 Sammi brunavörður (17:26)** (Fireman Sam)
**8.11 Gurra Grís** (Peppa Pig)
**8.17 Brummi** (Brum)
**8.28 Kóalabræður** (The Koala Brothers)
**8.38 Hrefna og Ingvi (12:13)** (Viivi & Leevi) Finnskir brúðuþættir. e.
**8.43 Bubbi byggir** (Bob the Builder: Knights of Camelot)
**9.27 Pjakkur kanínustrákur**
**10.10 Fræknir ferðalangar**
**10.35 Prinsessan í hörpunni**
**11.20 Heimur farfuglanna**
**13.00 Harry Potter og fanginn í Azkaban**
**15.20 Ikingut** Bíómynd eftir Gísla Snæ Erlingsson frá 2000. e.
**16.50 Fyrir þá sem minna mega sín** Upptaka frá jólatónleikum Fíladelfíukirkjunnar í Reykjavík.
**17.55 Táknmálsfréttir**
**18.05 Magga og furðudýrið**
**18.30 Kappflugið í himingeimnum (16:26)**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Íslenskir stúlknakórar á Ítalíu**
**20.05 Króníkan (21:22)**
**21.05 Sálin og Gospel**
▶**22.20 Blóðbönd** Bíómynd frá 2006 eftir Árna Ólaf Ásgeirsson.
**23.50 Ensku mörkin**
**0.45 Dagskrárlok**

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00 Garfield: The Movie**
**8.00 Dirty Dancing: Havana Nights**
**10.00 Legally Blonde 2: Red, White & Blonde**
**12.00 Cheaper by the Dozen**
▶**14.00 Garfield: The Movie**
**16.00 Dirty Dancing: Havana Nights**
**18.00 Legally Blonde 2: Red, White & Blonde**
**20.00 Cheaper by the Dozen**
**22.00 Be Cool**
**0.00 Independence Day (e)**
**2.20 Full Disclosure** Stranglega bönnuð börnum.
**4.00 Be Cool** Bönnuð börnum.

### STÖÐ 2

**7.00 Ný skammarstrik Emils** Leyfð öllum aldurshópum.
**8.35 Swan Princess 3** (Svanaprinsessan) Falleg ævintýramynd um Svanaprinsessuna. Söguhetjurnar Odette og Derek kljást við hina vondu Zeldu sem ætlar sér að stjórna öllu og þegar hún rænir Odette eru góð ráð dýr. Odette á hins vegar góða vini í skóginum sem koma henni til bjargar. Leyfð öllum aldurshópum.
**9.45 Scooby Doo**
**10.10 Agent Cody Banks 2: Destination London** (Njósnarinn Cody Banks 2)
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.40 Thanksgiving Family Reunion (National Lampoon)** (Þakkagjörðarfjör)Fjörug jólamynd um skrautlega fjölskyldu sem kemur saman á þakkagjörðarhátíðinni þar sem allt fer úrskeiðis sem getur farið úrskeiðis. Aðalhlutverk: Judge Reinhold, Penelope Ann Miller, Bryan Cranston. Leikstjóri: Neal Israel.
**14.15 Dear Frankie**
**16.00 Absolutely Fabulous Christmas Special**
**16.45 Out to Sea** (Á sjó)
**18.30 Fréttir**
▶**19.00 Christmas With The Kranks**
**20.40 Tsunami, the Aftermath** Sjónvarpsmynd í tveimur hlutum sem sýnir á raunverulegan máta hvaða áhrif Tsunami-flóðbylgjan hafði. Bönnuð börnum.
**0.15 The Whole Ten Yards** 2004. Bönnuð börnum.
**1.50 Runaway Jury** (Spilltur kviðdómur) Bönnuð börnum.
**3.55 Fierce Creatures** (Kostuleg kvikindi) Gamanmynd frá þeim sem gerðu myndina A Fish Called Wanda.
**5.25 Absolutely Fabulous Christmas Special** (Tildurrófur: Jólaþáttur) Tildurrófurnar Patsy og Eddie eru á útopnu í kringum jólahátíðina. Þær skella sér alltaf á einhvern heitan og framandi stað og detta ærlega í það eins og þeim einum er lagið. Jólin snúast þó um annað en glaum og gleði, sérstaklega þegar maður er nýorðinn amma. Þetta er sérstakur þáttur Tildurrófanna, hátíðarþáttur þar sem þær stöllur eru á útopnu. Aðalhlutverk: Jennifer Saunders, Joanna Lumley.
**6.10 Fréttir**
**6.40 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

### SIRKUS TV

**12.00 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**
**18.30 Fréttir, íþróttir og veður** Fréttir, íþróttir og veður frá fréttastofu Stöðvar 2 í samtengdri og opinni dagskrá Stöðvar 2 og Sirkuss.
**19.00 Insider (e)**
**19.30 Seinfeld** Jerry, George, Elaine og Kramer halda uppteknum hætti í einum vinsælasta gamanþætti allra tíma.
**20.00 Entertainment Tonight**
**20.30 The Hills**
▶**21.00 Coldplay: How We Saw the World** Síðastliðinn mars hélt breska hljómsveitin Coldplay stórkostlega tónleika í Kanada. Nú færð þú tækifæri á að upplifa stemninguna á tónleikunum sem var mögnuð.
**22.30 Me, Myself and Irene** (Ég og Irene) Charlie Baileygates er lögreglumaður á Rhode Island. Að öllu jöfnu er hann samviskusamur fjölskyldufaðir en þegar hann gleymir að taka meðalið sitt eru vandræði á næsta leiti. Aðalhlutverk: Jim Carrey, Reneé Zellweger, Anthony Anderson. Bönnuð börnum.
**0.30 Insider**
**0.55 Four Kings (e)** Drepfyndnir gamanþættir frá höfundum Will & Grace þar sem fylgst er með fjórum æskuvinum sem ákveða að flytja saman í íbúð í New York. Vinirnir, sem eru allir á þrítugsaldrinum, hegða sér ennþá eins og þeir séu unglingar en alvara lífsins er þó skammt undan hjá þeim. Þegar vinirnir flytja í íbúðina fer fyrst að reyna á vinskap þeirra og alls ekki víst að vinskapurinn þoli sambúðina.
**1.20 Seinfeld**
**1.45 Entertainment Tonight (e)** Í gegnum árin hefur Entertainment Tonight fjallað um allt það sem er að gerast í skemmtanabransanum og átt einkaviðtöl við frægar stjörnur.
**2.10 American Dad (4:10)**
**2.35 Supernatural (9:22) (e)** (Home) Bönnuð börnum.
**3.20 Supernatural (10:22) (e)** (Asylum) Bönnuð börnum.
**4.05 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

### N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### SKJÁREINN

**10.05 Rachael Ray (e)**
**11.00 Innlit / útlit (e)**
**12.00 Just Deal (e)**
**12.30 Queer Eye for the Straight Guy (e)**
**13.30 Rock Star: Ísland (e)**
**15.00 Man Utd - Wigan** Bein útsending frá leik Manchester United og Wigan Athletic í ensku úrvalsdeildinni.
**17.05 Rachael Ray**
**18.00 Will & Grace (e)**
**18.30 Will & Grace (e)**
**19.00 Everybody loves Raymond (e)**
**19.30 Out of Practice (e)**
**20.00 Queer Eye for the Straight Guy**
**21.00 Innlit / útlit** Hönnunar- og lífsstílsþáttur þar sem Þórunn, Nadia og Arnar Gauti koma víða við og skoða hús, híbýli og flotta hönnun. Í kvöld verður rifjað upp það skemmtilegasta úr þáttum vetrarins. Þetta er síðasti þátturinn að sinni en Innlit / útlit fer í frí í byrjun nýs árs.
**22.00 Covert One: The Hades Factor** Seinni hluti spennandi framhaldsmyndar sem byggð er á sögu eftir Robert Ludlum, höfund The Bourne Identity. Stephen Dorff leikur aðalhlutverkið en auk hans leika Óskarsverðlaunaleikkonurnar Mira Sorvino og Anjelica Huston stór hlutverk.
**23.25 Close to Home** Lögfræðidrama af bestu gerð.
▶**0.15 Reign of Fire** Framtíðartryllir með Christian Bale og Matthew McConaughey í aðalhlutverkum. Bönnuð börnum.
**1.55 Everybody loves Raymond**
**2.25 Jay Leno**
**3.15 Survivor: Cook Islands (e)**

### SKJÁR SPORT

| | |
|---|---|
| 11.20 | Strákarnir í Reading |
| 11.55 | Þrumuskot |
| 12.50 | Chelsea - Reading |
| 14.55 | Man. Utd. - Wigan |
| 17.20 | Watford - Arsenal |
| 19.45 | Tottenham - Aston Villa |
| 21.45 | Blackburn - Liverpool |
| 23.45 | Chelsea - Reading |
| 1.45 | Dagskrárlok |


ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | VODAFONE

KEYPTU ÁSKRIFT MEÐ EINUM SMELLI Á WWW.STOD2.IS
OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN

Í HÁTÍÐARSKAPI
Hlátur og spenna á jólunum


Mr. and Mrs. Smith kl. 22:15


Christmas With The Kranks kl. 19:00

GOTT FÓLK McCANN

## Í KVÖLD

### Á Stöð 2 kl. 20.40
### „TSUNAMI, THE AFTERMATH“



Tsunami, the Aftermath er glæný sjónvarpsmynd í tveimur hlutum, sem er samvinnuverkefni BBC og HBO og fjallar um flóðbylgjurnar sem skullu yfir Asíustrendur um jólin fyrir tveimur árum, árið 2004. Hér er á ferð leikin mynd þar sem sjónum er beint að fólkinu, einstaklingunum sjálfum, sem lentu í þessum skelfilegu og mannskæðu náttúruhamförum. Hvernig reiddi þeim af? Hver voru fyrstu viðbrögð þeirra þegar flóðbylgjurnar skullu á og hvernig fór þetta fólk að því að koma á ný reiðu á líf sitt, ná áttum eftir svona stórkostlegt áfall. Myndin þykir afar raunsæ og átakanleg á að horfa en frásögnin er byggð á ítarlegum rannsóknum og viðtölum sem höfundar myndarinnar tóku við fólk af ýmsu þjóðerni sem lenti í hamförunum. Með aðalhlutverk fara nokkrir af stærstu og virtustu leikurum Bretlands og Ástralíu en með stærstu hlutverkin fara þau Tim Roth (Pulp Fiction) og Toni Collette (Muriel's Wedding). Seinni hlutinn er sýndur miðvikudagskvöldið 27. desember. Bönnuð börnum

### ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ BLÓÐBÖNDUM Í SJÓNVARPINU KL. 22.20

Í myndinni segir frá augnlækninum Pétri og fjölskyldu hans. Pétur er hamingjusamlega giftur Ástu sem á von á sér en fyrir eiga þau tíu ára dreng. Fyrir tilviljun kemst Pétur að því að hann er ekki faðir drengsins og tilvera fjölskyldunnar tekur á sig nýja mynd.



Myndin þótti afar vel heppnuð og vel leikin. Meðal leikenda eru Hilmar Jónsson, Margrét Vilhjálmsdóttir, Laufey Elíasdóttir, Sóley Elíasdóttir, Elma Lísa Gunnarsdóttir, Hilmir Snær Guðnason og Ólafur Darri Ólafsson.

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**8.00** Fréttir
**8.05** Morgunandakt
**8.15** Gloria í D-dúr eftir Antonio Vivaldi
**9.00** Fréttir
**9.03** Tónlist að morgni annars dags jóla
**10.00** Fréttir
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Gunnar (hjarta) Hallgerður
**11.00** Guðsþjónusta í Árbæjarkirkju
**12.00** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Úr ítölskum óperuheimi
**14.00** Sú þrá að þekkja og nema
**15.00** Barokkreisa um Feneyjar
**16.00** Fréttir
**16.05** Veðurfregnir
**16.08** Piteraq
**17.00** Síðdegi skógarpúkanna
**18.00** Kvöldfréttir
**18.15** Auglýsingar
**18.16** Uppeldi til frelsis í neyslusamfélagi
**18.52** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Hvað finnst þér um Mozart?
**21.05** Sagnaslóð
**21.55** Orð kvöldsins
**22.00** Fréttir
**22.10** Veðurfregnir
**22.15** Kvöldtónar
**23.00** Andrarímur
**0.00** Fréttir
**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 89,5** Kiss / Nýja bítið í bænum **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 91,9** XFM / Tónlist og afþreying **FM 97,7 X-IÐ** / Enginn viðbjóður

### SÝN

**7.45 Mourinho´s Ultimate** (Mourinho´s Ultimate) Einstakur sjónvarpsþáttur um forvitnilega keppni sem fram fór í akademíu Davids Beckham í apríl 2006.

**12.35 Enska bikarkeppnin** (Chelsea - Liverpool) Útsending frá leik Chelsea og Liverpool í ensku bikarkeppninni sem fram fór í apríl á þessu ári.

**14.20 NBA deildin** (LA Lakers - Miami)

**16.20 HM 2006** (Svíþjóð - England) Útsending frá leik Svíþjóðar og Englands í B-riðli á HM í Þýskalandi.

**18.00 4 4 2** (4 4 2) Sýn endursýnir nú hina margrómuðu 4 4 2 þar sem leikir hvers dags á nýafstöðnu HM í Þýskalandi voru gerðir upp á lifandi og skemmtilegan hátt. Þorsteinn J og Heimir Karlsson fengu til sína góða gesti og nutu aðstoðar íþróttafréttamanna Sýnar.

**19.00 Enska bikarkeppnin** (Úrslit: Liverpool - West Ham) Útsending frá úrslitaleik ensku bikarkeppninnar þar sem Liverpool og West Ham áttust við í hreint mögnuðum leik.

**21.40 Goðsagnir Chelsea - Eiður Smári**

**22.35 HM hápunktar: 20 eftirminnilegustu atvikin**

**23.30 Bardaginn mikli** (Joe Louis - Max Schmeling)

### FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** – nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar

**21.00 Einbýlishús** – Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!

**22.00 Fjölbýli og hæðir** – Litlar og meðalstórar eignir sýndar

**23.00 Nýjar eignir** e.

**0.00 SMS eignir** – veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda sms skilaboð

### DR 1

**11.35** Dagens Danmark **12.00** Marcipankonditoriet **12.05** Sten på sten **12.20** Livet på skinner **12.50** Desperate boligdrømme **13.20** Rabatten **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med vejret **14.10** Dawsons Creek **15.00** Smæk for Skillingen **15.30** En lille reminder **15.40** SPAM **16.00** Insektoskop **16.05** Lucky Luke **16.30** Store Nørd **17.00** Lille Nørd **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.55** Dagens Danmark **18.25** TV Avisen **18.30** Hvad er det værd **19.00** Hammerslag **19.30** Danskernes Krønike - Vores kærlighed **20.00** TV Avisen **20.25** Kontant **20.50** SportNyt **21.00** Komplottet i Kreml **22.55** Ørnen **23.55** Clement Kontra

### NRK 1

**11.05** Finansdebatten **12.00** Siste nytt **12.05** Finansdebatten **13.00** Siste nytt **13.05** Finansdebatten **13.40** Distriktsnyheter **14.00** Siste nytt **14.05** Ian tar regien **14.30** Robotboy **14.45** Robotboy **15.00** Siste nytt **15.03** Sport uten grenser **15.15** Siger i blikket **15.30** Liga **16.00** Siste nytt **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** V-cup skiskyting **16.55** Nyheter påtegnspråk **17.00** Postmann Pat **17.15** Konrad katt **17.25** Robotgjengen **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Ut i naturen: Magasin **18.55** Tinas mat **19.25** Brennpunkt **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Standpunkt **21.15** Extra-trekning **21.30** Safari **22.00** Kveldsnytt **22.10** Kulturnytt **22.15** Utsyn: ? leve med aids **23.05** Jazz: Saksofonisten Barney Wilen **0.00** Larry Sanders-show

### SVT 1

**11.05** Planeten **13.20** Driver dagg faller regn **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Les petits animaux sauvages **16.05** Jeunes à Marseille **16.15** Bajo el cielo de Madrid **16.20** Anima más **16.25** Les petits animaux sauvages **16.30** Krokodill **17.00** Världens största kör **17.10** Sagoboken **17.25** Storasyster och lillebror **17.30** Allt och lite till **18.00** Lilla Aktuellt - kortnyheter **18.05** Trackslistan **18.30** Rapport **19.00** Uppdrag Granskning **20.00** Cuppen **21.00** Argument **22.00** Rapport **22.10** Kulturnyheterna **22.20** Kobra **22.50** Yizo, Yizo **23.15** Sändning från SVT24




## > Scarlett Johansson

Fæddist 22. nóvember árið 1984, í New York borg. Foreldrar hennar eru af dönskum og pólskum ættum, en þau heita Melanie og Karsten Johansson.

Snemma bar á leiklistaráhuga Scarlett og sem barn lék hún í mörgum leikritum. Hún á tvíburabróður að nafni Hunter, systur sem heitir Vanessa og bróðurinn Adrian. Scarlett leikur eitt aðalhlutverkanna í myndinni Stúlkan með perlueyrnalokkinn (2003) sem sýnd verður á Stöð 2 kl. 0.25 í nótt.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ BRYNHILDUR BJÖRNSDÓTTIR HLAKKAR TIL AÐ SJÁ ÍSLENSKAR MYNDIR Á JÓLUNUM

# *Íslenskt, já takk*

Hvernig koma jólin? Sumir finna friðinn í baði, aðrir í messu, ég heyri jólin koma í útvarpinu. Þegar klukkurnar hringja og hringja og hringja og það er eins og þær ætli aldrei að hætta að hringja og svo segir þulan: Góðir Íslendingar, gleðileg jól finn ég helgina hríslast niður bakið. Þá eru komin jól og ég horfi ekki á sjónvarp né hlusta á útvarp fyrr en á annan í jólum. Jólaboð, jólabækur, fjölskyldan og vinirnir koma öll á undan sjónvarpinu á aðfangadagskvöld og jóladag. En á annan í jólum er sem betur fer af nógu að taka á skjánum af íslensku efni sem mér finnst bráðnauðsynlegt á jólunum. Á dagskrá Sjónvarpsins verða tvær mjög ólíkar íslenskar kvikmyndir, Hvoruga þeirra hef ég séð enda af sem



áður var þegar ný íslensk bíómynd hafði sama sess og áramótaskaupið, allir fóru að sjá hana og engir tveir voru alveg sammála um hvort hún hefði verið snilldin tær eða skelfingin uppmáluð. En ég hlakka til að hringa mig undir teppi með tebollann í hönd á þriðjudaginn og horfa fyrst á Ikingut klukkan hálf fjögur, myndina um eskimóadreng á sextándu öld sem rekur á íslenska fjöru með hafísjaka og svo Blóðbönd sem mér skilst að fjalli á mjög fallegan hátt um hvaða tengingar skipta mestu máli í lífinu. Í kvöld ætla ég hins vegar bara að hlusta á útvarpið klukkan sex. Góðir Íslendingar, nær og fjær, til sjávar og sveita, gleðileg jól.

## 24. desember, aðfangadag

### EKKI MISSA AF



▶ **13.05** Shrek 2 STÖÐ 2



▶ **10.30** Leitin að Nemó SJÓNVARPIÐ



▶ **20.00** Seabiscuit STÖÐ 2



▶ **14.20** The Greatest Story Ever... SKJÁR EINN



▶ **22.55** Tekinn SIRKUS

### SJÓNVARPIÐ

**8.00 Morgunstundin okkar**
**8.01 Bubbi byggir** (Bob the Builder)
**8.11 Geirharður bojng bojng**
**8.32 Jólaappelsínan**
**8.55 Karl Sundlöv (4:4)**
**9.04 Disneystundin**
**9.05 Stjáni (63:65)** (Stanley)
**9.27 Sígildar teiknimyndir**
**9.34 Herkúles (15:28)**
**10.00 Hrefna og Ingvi (9:13)**
**10.05 Matta fóstra (40:40)**
**▶10.30 Leitin að Nemó**
**12.07 Ævintýri H.C Andersen - Snædrottningin**
**12.35 Jóladagatalið - Stjörnustrákur**
**12.50 Táknmálsfréttir**
**13.00 Fréttir og veður**
**13.20 Beðið eftir jólum**
**13.25 Pósturinn Páll**
**13.54 Kóalabræður**
**14.44 Gæludýr úr geimnum** (Pet Alien)
**15.08 Latibær** (Lazytown)
**15.37 Geimálfurinn Gígur**
**15.47 Hrefna og Ingvi (10:13)**
**15.52 Jóladagatalið - Stjörnustrákur**
**16.05 Stundin okkar (13:30)**
**16.30 Hlé**
**19.30 Nóttin var sú ágæt ein**
**19.50 Renée Fleming syngur**
**20.55 Norrænir jólatónleikar**
**22.00 Aftansöngur jóla**
**22.55 Fyrir þá sem minna mega sín**
**0.00 Ástin grípur alla**
**2.10 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.05 Scorched** Pottþétt glæpagrín.
**8.00 To Walk with Lions**
**10.00 The School of Rock**
**12.00 The Pacifier**
**14.00 Scorched**
**16.00 To Walk with Lions**
**▶18.00 The School of Rock**
**20.00 The Pacifier**
**22.00 Welcome to Mooseport**
**0.00 Ladder 49**
**2.00 Unbreakable**
**4.00 Welcome to Mooseport**.

### STÖÐ 2

**7.00 Grallarajól** (Daffy Duck´s Thanks-For-Giving Special)
**7.20 Sagan um Jóa Snæland**
**7.50 Svampur Sveinsson - Bíómyndin** (The SpongeBob Square Pants Movie)
**9.15 Swan Princess 2** (Svanaprinsessan 2)
**10.25 Snow** (Snjór) Hugljúf og góð jólamynd fyrir alla fjölskylduna. Það eru þrír dagar til jóla og Nick Snowden er með hugann við allt annað en jólin. Honum er nefnilega efst í huga að bjarga hreindýri úr dýragarði. En getur verið að þetta sé Rúdolf með rauða nefið? Aðalhlutverk: Thomas Cavanagh, Ashley Williams, Patrick Fabian. Leikstjóri: Alex Zamm. 2004. Leyfð öllum aldurshópum.
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.40 Jólasögur Simpson-fjölskyldunnar (9:22)** Hómer, Marge og Simpson-fjölskyldan öll er í jólastuði. Ýmsar skemmtilegar sögur eru rifjaðar upp í þættinum. Abe afi kemur í heimsókn og segir sögur af sér í stríðinu þar sem hann barðist með bróður sínum, Cyrus.
**13.05 Shrek 2** (Skrekkur 2)
**14.35 Good Boy!** Hressileg mynd fyrir krakka um dreng sem finnur hund sem kemur ofan úr geimnum og býr yfir ofurkröftum. Aðalhlutverk: Kevin Nealon, Molly Shannon, Liam Aiken. Leikstjóri: John Robert Hoffman. 2003. Leyfð öllum aldurshópum.
**16.05 HLÉ**
**20.00 Seabiscuit** Sannsöguleg stórmynd sem var tilnefnd til sjö Óskarsverðlauna.
**22.15 Miracle** (Kraftaverk) Einkar vel gerð og raunsæ, sannsöguleg mynd um einn fræknasta sigur sem unninn hefur verið á ólympíuleikum.
**0.25 The Girl With a Pearl Earring** (Stúlkan með perlulokkinn) Verðlaunakvikmynd sem fullyrða má að sé sannkallað listaverk, konfekt fyrir augun rétt eins og myndlist sögupersónu myndarinnar sem er hollenski listmálarinn Vermeer. Colin Firth leikur listmálarann en í sögunni er lögð höfuðáhersla á samband hans við eftirlætisfyrirsætu hans, ungu sveitastúlkuna sem sjálf var gædd miklum hæfileikum, gerðist aðstoðarkona hans og sat fyrir á nokkrum af hans kunnustu verkum, þ.á m. verkinu Stúlkan með perlulokkana. Scarlett Johansson leikur fyrirsætuna. .
**2.05 Jólasögur Simpson-fjölskyldunnar (9:22)** (Simpsons Christmas Stories)(9:22)
**2.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

### SIRKUS TV

**20.00 The Player (e)** 13 karlmenn berjast um hylli ofurskutlunnar Dawn Olivieri í þessu þáttum þar sem einn mun standa uppi sem sigurvegari. Stjórnandi keppendanna er Boston Rob sem eflaust margir muna eftir úr Amazing Race og Survivor.
**20.45 Tekinn (e)** Það er Baddi í hljómsveitinni Jeff Who? sem fær að finna fyrir því hjá Audda í þættinum í kvöld.
**21.15 The Hills (e)** Lauren úr Laguna Beach-þáttunum er flutt til L.A. og er á leiðinni í skóla.Með skólanum hefur hún ráðið sig í vinnu hjá hinu vinsæla tímariti Teen Vogue.
**21.40 Seinfeld** Jerry, George, Elaine og Kramer halda uppteknum hætti í einum vinsælasta gamanþætti allra tíma.
**22.05 Seinfeld** Jerry,
**22.30 Four Kings (e)** Drepfyndnir gamanþættir frá höfundum Will & Grace þar sem fylgst er með fjórum æskuvinum sem ákveða að flytja saman í íbúð í New York. Vinirnir, sem eru allir á þrítugsaldrinum, hegða sér ennþá eins og þeir séu unglingar en alvara lífsins er þó skammt undan hjá þeim. Þegar vinirnir flytja í íbúðina fer fyrst að reyna á vinskap þeirra og alls ekki víst að vinskapurinn þoli sambúðina. Með aðalhlutverk fer leikarinn Seth Green en flestir muna eflaust eftir honum úr Austin Powers-myndunum og Italian Job.
**▶22.55 Tekinn (e)** Best Of.... Í þættinum í kvöld fáum við að sjá brot af því besta í hrekkjum Audda í vetur.
**23.25 Ghost Whisperer (22:22) (e)** Melinda Gordon er ekki eins og flestir aðrir en hún hefur þá einstöku hæfileika að ná sambandi við þá látnu. Sálirnar sem hún nær sambandi við eiga það sameiginlegt að þurfa á hjálp Melindu að halda. Melinda notar hæfileikana til að fá mikilvægar upplýsingar að handan og kemur skilaboðunum til þeirra sem er ætlað að fá þau, en stundum getur það reynst erfitt þar sem ekki trúa allir því sem þeim er sagt.
**0.10 Pepper Dennis (e)**
**0.55 Sirkus Rvk (e)**
**1.25 Entertainment Tonight**

### SJÓNVARP NORÐURLANDS

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### SKJÁREINN

**10.50 Toppskífan (e)**
**11.30 Dýravinir - Lokaþáttur (e)** Skemmtileg þáttaröð um gæludýr og eigendur þeirra.
**12.00 2006 World Pool Masters - Lokaþáttur**
**12.50 Froskurinn Frikki** Frábær teiknimynd með íslensku tali. Leikraddir: Örn Árnason, Karl Ágúst Úlfsson, Randver Þorláksson og fleiri.
**▶14.20 Kvikmynd - Greatest Story Ever Told** Meistaraverk frá 1965 um ævi Jesú. Leikstjóri er George Stevens og í aðalhlutverkum eru Max von Sydow, Sidney Poitier, Donald Pleasence, Martin Landau, Robert Loggia, Charlton Heston og Angela Lansbury. Myndin var tilnefnd til fimm Óskarsverðlauna.
**17.35 Love, Inc. (e)** Bandarísk gamansería.
**18.05 Innlit / útlit (e)** Hönnunar- og lífsstílsþáttur.
**19.05 Rachael Ray (e)**
**20.00 Columbo: Columbo Likes the Nightlife** Gamansöm sakamálamynd um lögregluforingjann Columbo. Aðalhlutverkið leikur Peter Falk.
**21.40 Can't Buy Me Love** Stórskemmtileg, bresk sjónvarpsmynd frá árinu 2004 um mann sem þykist hafa unnið í lottói til að tryggja að eiginkona hans fari ekki frá honum. Myndin er byggð á sönnum atburðum.
**23.10 Da Vinci's Inquest**
**0.00 Law & Order** (e)
**0.50 The Real Housewives of Orange County (e)**
**1.50 America's Next Top Model VI (e)**
**2.50 Battlestar Galactica (e)**
**3.40 Queer Eye for the Straight Guy (e)**

### SKJÁR SPORT

**10.00 Newcastle - Tottenham**
**12.00 Reading - Everton**
**14.00 Arsenal - Blackburn**
**16.00 Aston Villa - Man. Utd.**
**18.00 Hlé**
**22.00 Liverpool - Watford (frá 23. des)**
**0.00** Fulham - West Ham (frá 23. des)
**2.00 Dagskrárlok**






## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 13:05

### „SHREK 2“



Í stórmyndinni Shrek 2 er græna tröllið Shrek og vinur hans Asni mættir á ný. Þar eru Shrek og Fiona búin að gifta sig og búa saman í mikilli hamingju í fenjakofa Shreks þegar boð berst frá foreldrum Fionu prinsessu um að þau vilji hitta nýja tengdasoninn. En þar bíður Fionu líka Draumaprinsinn eini sanni sem hyggst beita öllum brögðum til að ná henni frá þessu ógurlega græna trölli. En eins og allir vita þá eru engir draumaprinsar til og oft leynist flagð undir fögru skinni. Hér er á ferð bráðskemmtileg teiknimynd fyrir alla fjölskylduna sem sló aðsóknarmet þegar hún var sýnd í bíó og hefur meira að segja verið skráð í sögubækur sem tekjuhæsta teiknimynd allra tíma. Leikstjóri: Andrew Adamson, Kelly Asbury. 2004. Leyfð öllum aldurshópum.

### ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ THE GREATEST STORY EVER TOLD Á SKJÁ EINUM KL.14.20



Í þessari stórmynd frá árinu 1965 leikur Max Von Sydow frelsarann Jesú Krist. Myndin segir frá guðspjöllum Nýja Testamentisins, fæðingu frelsarans, lífi, dauða og upprisu. Framleiðandi og leikstjóri myndarinnar, George Stevens, sparaði hvergi til við leikaravalið, en í þessari mynd leika meðal annars stærstu stjörnur þess tíma, eða menn á borð við Charlton Heston og John Wayne. Sama ár og myndin kom út fékk hún fjölda óskarsverðlaunatilnefninga. Meðal annars fyrir tónlist, kvikmyndatöku og listræna stjórnun. Myndin er 225 mín. að lengd og leyfð öllum aldurshópum.

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**8.00** Fréttir
**8.05** Morgunandakt
**8.15** Tónlist að morgni aðfangadags
**9.00** Fréttir
**9.03** Lóðrétt eða lárétt
**10.00** Fréttir
**10.05** Veðurfregnir
**10.15** Jólasiðir hér og þar
**11.05** Jólin allsstaðar
**12.00** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Konukot
**13.045** Fiðla Mozarts
**14.10** Söngvamál
**15.00** Minningar jólanna
**16.00** Fréttir
**16.08** Veðurfregnir
**16.10** Hátíð hljómar
**16.30** Saga: Stjarneyg
**17.10** Húmar að jólum
**17.45** HLÉ
**18.00** Aftansöngur í Dómkirkjunni í Reykjavík
**19.00** Jólatónleikar
**20.00** Jólavaka Útvarpsins
**22.10** Veðurfregnir
**22.15** Jólaóratorían
**01.00** Tónlist á jólavöku
**02.00** Pastorale eftir Johann Sebastian Bach
**02.10** Fimm jólasálmar
**02.30** Hin fegursta rósin 3.30 Jólatónlist til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 89,5** Kiss / Nýja bítið í bænum **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 91,9** XFM / Tónlist og afþreying **FM 97,7 X-IÐ** / Enginn viðbjóður

### SÝN

**11.00 HM sagan** (1954 Sviss) Rakin er saga heimsmeistarakeppninnar í knattspyrnu frá 1954 til 1990. Fyrsti þáttur er um Sviss.

**12.30 HM sagan** (1958 Svíþjóð) Í þessum þætti er fylgst með keppninni í Svíþjóð árið 1958. Þar slógu Brasilíumenn skemmtilega í gegn en þeir tefldu m.a. fram ungum leikmanni, Pelé, sem átti síðar eftir að heilla knattspyrnuunnendur um allan heim með leikni sinni.

**13.55 HM sagan** (1962 Chile) Í þessum þætti er fylgst með keppninni í Chile árið 1962. Brasilíumenn áttu titil að verja en fengu harða keppni frá bæði heimamönnum og Tékkum sem komu verulega á óvart.

**15.25 HM sagan** (1966 England) Í þessum þætti er fylgst með keppninni í Englandi árið 1966. Heimamenn þóttu líklegir til afreka en í liði þeirra voru kappar eins og Bobby Charlton, Bobby Moore og Geoff Hurst.

**17.10 HLÉ**

**20.00 HM sagan** (1970 Mexico) Í þessum þætti er fylgst með keppninni í Mexíkó árið 1970. Brasilíumenn fóru á kostum og þar var fremstur í flokki snillingurinn Pelé.

**21.35 HM sagan** (1974 Þýskaland) Í þessum þætti er fylgst með keppninni í Vestur-Þýskalandi árið 1974. Hollendingar, með Johan Cryuff fremstan í flokki, heilluðu knattspyrnuáhugamenn með skemmtilegum leik en Franz Beckenbauer og félagar hans í þýska liðinu höfðu ekki sagt sitt síðasta.

**23.05 HM sagan** (1978 Argentína) Í þessum þætti er fylgst með keppninni í Argentínu árið 1978. Heimamenn, með Mario Kempes fremstan í flokki, komu sterkir til leiks og mættu Hollendingum í úrslitum.

### FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** – nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar

**21.00 Einbýlishús** – Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!

**22.00 Fjölbýli og hæðir** – Litlar og meðalstórar eignir sýndar

**23.00 Nýjar eignir** e.

**0.00 SMS eignir** – veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda sms skilaboð

### DR 1

**11.25** På jobjagt **11.55** Attention Mobning **13.00** Gudstjeneste i DR Kirken **14.00** Temalørdag: Protestsangen havde vinger engang - og nu flyver den igen! **14.05** 60'erne **14.40** 70'erne **16.25** Protestsangen på vingerne igen **17.00** Sigurd og Big Bandet **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Mysteriet om Danmark Ekspeditionen **18.30** Livet på skinner **19.00** Ørnen **20.00** TV Avisen **20.15** Søndag **20.45** Søndagssporten med SAS liga **21.00** Tavi - ånden der steg op fra havet **21.50** Columbo **23.00** Fortidens bedrag

### NRK 1

**11.50** V-cup skøyter: 1500 m kvinner **12.25** V-cup kombinert **13.00** V-cup skøyter: 10000 m menn **14.40** Sport i dag **16.00** 12 bud **16.30** Åpen himmel: Gudstjeneste i Storsalen menighet i Oslo **17.00** Ole Aleksander Filibom-bom-bom **17.15** Sola er en gul sjiraff **17.30** Newton **18.00** Søndagsrevyen **18.45** Sportsrevyen **19.15** Kvitt eller dobbelt **20.15** Kongekabalen **22.00** Kveldsnytt **22.15** Et mesterverk **23.05** Nytt på nytt **23.35** Kunstløp: Grand Prix fra Paris **0.05** Ungkarsreiret

### SVT 1

**10.55** MGP Nordic **12.55** Söderlund & Bie **13.25** Kobra **13.55** Great thinkers of our time **14.25** Reef Route 66 **14.52** Grounded **14.55** Världen **15.55** Makalösa monument **16.25** Om barn och böcker **16.55** Anslagstavlan **17.00** Anki och Pytte **17.30** Skärgårdsdoktorn **18.25** Radiohjälpen hjälper - Världens barn **18.30** Rapport **19.00** Världscupen: Alpint Aspen **19.30** Sportspegeln **20.15** Agenda **21.10** Orden med Anna Charlotta **21.40** Vetenskap - universum i provrör **22.10** Rapport **22.20** Cuppen **23.20** Brother


# GLEÐILEG SKIFUJÓL

## OPIÐ Í DAG FRÁ 10:00 -13:00



2xCD
~~2.499~~ 1.999
**Barnaskífan í 30 ár**
**Ýmsir**



2xCD
~~2.499~~ 1.999
**Rokkskífan í 30 ár**
**Ýmsir**



2xCD
~~2.499~~ 1.999
**Poppskífan í 30 ár**
**Ýmsir**


CD+DVD
2.599
**Stóra stundin ykkar**
**Ýmsir**



2.199
**Ástarsól - Lög Gunnars Þórðars**
**Óskar Pétursson**



DVD
2.999
**06.06.06**
**Bubbi**


2.199
**Magga Stína syngur Megas**
**Magga Stína**



2xCD
2.999
**Sálin og Gospel**
**Sálin**



2.199
**Jól og Blíða**
**Baggalútur**

## ÚRVALIÐ ER Í SKÍFUNNI

3 ÁRA
SKÍFAN Í 30 ÁR

## HRÓSIÐ ...



*...fær Atli Freyr Steinþórsson sem lætur sér ekki detta í hug að breyta jólakveðju Ríkisútvarpsins og mun halda fast í ævafornar hefðir klukkan 17.59:57 í kvöld.*

## HIN HLIÐIN: YRSA SIGURÐARDÓTTIR RITHÖFUNDUR

# Dreymir um frí á Páskaeyjum

**Hvað er að frétta?** Bara allt ágætt, ég er komin í jólafrí. Það er búið að vera mikið að gera í desember og bara alltaf.
**Augnlitur:** Blágrár.
**Starf:** Verkfræðingur og rithöfundur í hjáverkum.
**Fjölskylduhagir:** Ég á mann og tvö börn, Kristínu Sól og Mána sem er orðinn pabbi, svo ég á líka lítið barnabarn. Og hund og kött.
**Hvaðan ertu?** Ég er fædd í Reykjavík, ólst upp að hluta til í Hafnarfirði, bjó í Bandaríkjunum og bý nú á Seltjarnarnesi.
**Ertu hjátrúarfull?** Nei.
**Uppáhaldssjónvarpsþátturinn:** Ég er nú bara nýlega komin með sjónvarp. Mér finnst sögulegir heimildaþættir reyndar mjög skemmtilegir, og Arrested Development er líka alveg hrikalega skemmtilegt.
**Uppáhaldsmatur:** Steikt lifrarpylsa með kanil, það er mjög gott.
**Fallegasti staður:** Sjávarsíðan hérna á Seltjarnarnesinu.
**iPod eða geislaspilari:** Geislaspilari. Ég á iPod en ég veit nú ekki einu sinni hvar hann er.
**Hvað er skemmtilegast?** Að vera í fríi með sínum.
**Hvað er leiðinlegast?** Tannlæknaheimsóknir.
**Helsti veikleiki:** Ég á mjög erfitt með að segja nei.
**Helsti kostur:** Ég er mjög fljót að segja já.
**Helsta afrek:** Ætli það sé ekki að hafa þrælað mér í tannréttingar á gamals aldri, þrátt fyrir að vera svona illa við að það sé unnið í munninum á mér.
**Mestu vonbrigðin:** Þegar ófært er frá Kárahnjúkum og ég kemst ekki heim.
**Hver er draumurinn?** Að fara í frí til Páskaeyja umkringd steinhausum sem geta ekki sagt orð.
**Hver er fyndnastur/fyndnust?** Mér finnst pabbi minn mjög fyndinn. Og svo Harald Smith samstarfsfélagi minn á Kárahnjúkum.
**Hvað fer mest í taugarnar á þér?** Þegar fólk kennir öðrum um hlutina og axlar ekki ábyrgð.
**Hvað er mikilvægast?** Bara að vera glaður með sitt.




## FRÉTTIR AF FÓLKI

Eins og kunnugt er hefur Skjár einn slegið af magasín-þáttinn 6 til sjö í umsjón **Guðrúnar Gunnarsdóttur** og **Felix Bergssonar** og var síðasti þátturinn sendur út á föstudag. Kvöldið áður komu umsjónarmennirnir saman ásamt öðrum sem tóku þátt í gerð þáttarins og skáluðu fyrir vel unnu starfi þótt þau sýttu að komið væri að leiðarlokum. Þegar leið á kvöldið lá leiðin á Ölstofuna og mátti þá hvorki sjá sorg né sút á mannskapnum, sem gengur greinilega bjartsýnn til annarra verka.



Ekki er víst hvað þau Felix og Guðrún taka sér fyrir hendur. Felix segir þó ólíklegt að vegir hans og Skjás eins liggi saman aftur í bili og ekki liggur leiðin heldur aftur upp á leiksvið. Þótt Felix verjist frétta af framhaldinu upplýsti hann þó með semingi að hann væri sennilega á leið í útvarp en vill bíða fram yfir áramót með að kunngjöra bylgjulengdina.



Blaðamaðurinn **Andrés Magnússon** á Blaðinu fékk reisupassann í formi símskeytis frá **Sigurjóni M. Egilssyni** fyrir nokkrum mánuðum. Þó að Sme sé farinn breytir það því ekki að uppsagnarfrestur Andrésar er útrunninn og hann horfinn á önnur mið. Andrés gerir upp við fyrrum ritstjóra sinn í mikilli bloggfærslu og verður ekki betur séð en hann brosi út í bæði þegar hann minnist á þá söguskýringu sem Sme sjálfur vill hafa uppi að honum sé að þakka ákveðin upprisa Blaðsins á sínum tíma: „Ég held að Sigurjón hefði þurft að vera alveg sérstaklega ömurlegur ritstjóri ef lestur Blaðsins – hvaða blaðs sem er raunar – hefði ekki aukist verulega við það eitt að fá 200 milljóna króna innspýtingu, frjálsar hendur í starfsmannavali og morgundreifingu á einu bretti.“

- bs/jbg








## ALEXANDER ÞORSTEINSSON: SYNGUR BARA BREKKUSÖNGINN OG ÞJÓÐSÖNGINN Á ÍSLENSKU

# Vill fá óperur á DVD í jólagjöf

„Nei, hann hefur ekki alltaf sungið, byrjaði á þessu þegar hann var sex ára,“ segir Díana Þyri Einarsdóttir en sonur hennar, Alexander Jarl Þorsteinsson, hefur vakið mikla athygli fyrir söng sinn sem minnir frekar á karlmannlegan tenór en brostna táningsrödd. Alexander var reyndar upptekinn þegar Fréttablaðið hringdi út til Vestmannaeyja á föstudag enda var hann að halda upp á þrettán ára afmæli sitt.

Alexander tók nýverið upp plötuna O Sole Mio ásamt Sigurði Rúnari Jónssyni, betur þekktum sem Didda fiðlu, og segir Díana að upphaflega hugmyndin hafi verið að eiga þessa rödd á geisladiski til minningar. „Síðan skemmtu þeir félagarnir sér svo rosalega vel að það var ákveðið að gera þetta almennilega,“ útskýrir Díana.

Alexander sjálfur er mikill óperuunnandi og upplýsir strákurinn að hann vilji helst fá óperuuppfærslur á mynddiskum í jólagjöf en móðir hans segir að þær geti hann horft á svo tímunum skipti. Alexander segir að áhuginn á óperusöng sé þó fyrst og fremst afa sínum að þakka. „Hann á bústað í Grímsnesi og þangað er klukkutíma akstur frá Bakka,“ segir stórsöngvarinn. „Hann var alltaf með upptökur af Robertino og þaðan er áhuginn kominn,“ bætir Alexander er við og Díana segir heimilisfólkið hafa rekið upp stór augu þegar drengurinn vildi bara hlusta á óperur og söng eins og ítalska undrabarnið. „Þetta var ekki alveg í takt við þá tónlist sem við höfum verið að hlusta á,“ segir hún og hlær. Díana bætir því síðan við að Alexander syngi lítið sem ekkert á íslensku, kjósi frekar ítölskuna fram yfir hið ylhýra. „Hann kann brekkusönginn og þjóðsönginn,“ útskýrir hún. Það var aftur á móti ekki auðvelt fyrir svona ungan strák að hafa þennan einstaka hæfileika og segja mæðginin að krakkarnir í skólanum hafi ekki alveg meðtekið þetta í byrjun. „Mér var stundum strítt á þessu en það er alveg hætt,“ segir Alexander sem er nemi í áttunda bekk Hamraskóla.

Alexander segist líta mikið upp til þeirra Jóhanns Friðgeirs og Garðars Cortes en í mestu eftirlæti sé ítalski hetjutenórinn Luciano Pavarotti. „Þeir eru samt bestir þrír saman, Pavarotti, Carreras og Domingo,“ segir Alexander.

freyrgigja@frettabladid.is



**ALEXANDER JARL** Hefur lítinn áhuga á síbylju og poppi en getur gleymt sér yfir óperum á DVD-diskum. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR PÉTUR



GARÐAR CORTES Alexander lítur mjög upp til hins geysivinsæla tenórs Garðars Thórs.



**ROBERTINO** Söngur ítalska undrabarnsins varð til þess að Alexander fékk mikinn áhuga á óperusöng.



**FYRIRMYNDIN** Luciano Pavarotti er í miklu uppáhaldi hjá Alexander.

# Klukkurnar hafa aldrei klikkað

„Þetta er alveg pottþéttur mekanismi,“ segir Ástbjörn Egilsson, kirkjuhaldari í Dómkirkjunni, en það eru einmitt klukkur þeirrar kirkju sem hringja jólin inn klukkan sex í kvöld. Klukkurnar eru ekki tölvustýrðar eins og margir kynnu að halda heldur trekkir Ástbjörn þrjú lóð einu sinni í viku og setur þær síðan af stað úti í húsi. „Það er ákveðið ritúal að hringja til messu. Við byrjum hálftíma fyrir messu með einni klukku, svo hljóma tvær korteri fyrir og klukkan sex hringja þær allar þrjár,“ útskýrir Ástbjörn sem er í engri sérstakri viðbragðsstöðu þótt klukknahringingin á aðfangadag sé ein sú mikilvægasta á árinu. „Enda hafa þær aldrei klikkað,“ segir hann.

Séra Hjálmar Jónsson, dómkirkjuprestur, segir að starfsmenn Dómkirkjunnar hafi verið á fullu við að undirbúa jólamessuna. Kórinn hefur verið á stífum æfingum og Hjálmar sjálfur hefur ekki látið sitt eftir liggja en eins og sýnt var frá í kvöldfréttum Ríkissjónvarpsins hefur presturinn verið í stífri söngþjálfun að undanförnu enda gegnir hann mikilvægu hlutverki í jólahaldinu. „Þetta er mikill heiður, að vera presturinn sem syngur inn jólin,“ segir Hjálmar. „Og ég tek þessu hlutverki af mikilli auðmýkt og þakklæti,“ bætir hann við. Hjálmar segist ekki finna fyrir neinu stressi þrátt fyrir að meirihluti þjóðarinnar muni hlusta. „Við erum öll sömu megin við borðið, að þakka Guði fyrir jólin og svo leiði ég hugann ekki að því að fólk mæti í messu til að leita eftir einhverjum misferlum,“ segir Hjálmar. - fgg



**SYNGUR JÓLIN INN** Séra Hjálmar Jónsson fær það mikilvæga hlutverk að syngja jólin inn.



**KLUKKNAHLJÓM** Ásbjörn ásamt mikilvægustu klukkum landsins, sjálfum jólaklukkunum, sem hringja jólin inn stundvíslega klukkan sex.










TÓNLEIKAR
ANNAN Í JÓLUM



# BUBBI

TÓNLEIKARÖÐ Á NASA

Á NASA



BUBBI TEKUR FYRIR

## BROT AF ÞVÍ BESTA

TÓNLEIKAR
ANNAN Í JÓLUM
ÞRIÐJUDAGINN
26. DESEMBER

Miðar seldir á tónleikunum við innganginn. Fyrstir koma, fyrstir frá. Tónleikarnir hefjast kl. 21, húsið opnar kl 20.

vodafone

www.nasa.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR



SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

**Stórmarkaður í stofunni heima**

PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS




BAKÞANKAR

DAVÍÐS ÞÓRS JÓNSSONAR

## *Gleðileg jól*

Höfum eitt á hreinu. Jól eru ekki kristin hátíð. Orðið „jól" hefur verið í málinu mun lengur en kristnin í þjóðinni, það er svo fornt að uppruni þess er í raun hulin ráðgáta. Heiðnir menn héldu hátíð í tilefni af vetrarsólstöðum og kölluðu hana „jól".

**HÖFUM** annað á hreinu. Við vitum ekki hvenær ársins Jesús fæddist. Líkurnar á að það hafi verið 24. desember eru einn á móti 365. Hafi hann fæðst þennan dag er það hrein tilviljun. Auk þess fæddist Jesús löngu áður en tímatal okkar var búið til og afar óvísindalegt er að ætla að reikna einstakar dagsetningar aftur í tímann langt aftur fyrir upphaf þess.

**HÖFUM** loks á hreinu að Jesús, sá er fæddur var af Maríu þeirri sem kölluð er „Mey" og píndur á dögum Pontíusar Pílatusar, var til. Til að trúa því að persónan Jesús Maríuson sé uppspuni frá rótum þarf mun meiri trúgirni en til þess að viðurkenna að hann hafi verið til, heimildirnar eru bara of sannfærandi. Hvað einstök æviatriði hans, ætterni í karllegg og sagnfræðilegan áreiðanleika hinna ýmsu frásagna Nýja testamentisins varðar, þá verða menn hins vegar að ákveða hver fyrir sig að trúa postullegu trúarjátningunni eða ekki – hún verður hvorki sönnuð né afsönnuð með þeim aðferðum sem við beitum hinn mælanlega raunveruleika. Í trúarsannfæringu felst nefnilega meðal annars fullvissa um að til sé sannleikur sem er dýpri og æðra eðlis en sannleikshugtak efnisheimsins. Þannig getur fjöldi manns til dæmis vitnað um áhrif bænarinnar á líf sitt þótt þau séu auðvitað ekki mælanleg með neinum þekktum aðferðum.

**EN** þegar upp er staðið þá er ekkert skrýtið að kristið fólk skuli velja jólin til að fagna fæðingu frelsarans. Það er einfaldlega allt of gráupplagt, öll táknfræðin æpir beinlínis á það. Myrkur (fáfræðinnar, dauðans, mannvonskunnar, óttans og alls sem myrkrið getur táknað) tekur að hopa fyrir birtu (sannleikans, lífsins, kærleikans, friðarins og alls þess sem Jesús stendur fyrir).

**AÐ ÞESSU SÖGÐU** vil ég óska landsmönnum öllum árs, friðar og gleðilegra jóla. Ennfremur óska ég ykkur öllum til hamingju með birtuna í lífi ykkar, hvaðan sem hún er runnin.







